

**SKOÐUN** Orri Vigfússon skrifar um ímynd íslenskra matvæla og fiskeldi. 30



**MENNING** Ragnheiður Harpa Leifsdóttir samdi lokaverk Listahátíðar. 38



**LÍFIÐ** Ljósmyndarinn Saga Sig í samsýningu á vegum ljósmyndafyrirtækisins Leica. 62



**SPORT** Íslendingar möröu sigur gegn Eistum í Laugardalnum í gær. 56







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
5. júní 2014
131. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Verðandi stórlaxabóndi

Vilhjálmur Snædal á Skjöldólfsstöðum segir Jöklu að breytast í bestu og flottustu veiðiá landsins. 18

**Flóðlýsing af dagskrá** Borgarráð á enn eftir að samþykkja framlag borgarinnar vegna kostnaðar við flóðlýsingu Laugardalsvallar. 2

**Víða komin mynd á meirihluta** Útlit er fyrir að Sjálfstæðisflokkur verði í meirihluta í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu nema í Reykjavík. 4

**Leita að öðrum en Juncker** Leiðtogar Evrópusambandsins þurfa að koma sér saman um nýjan forseta framkvæmdastjórnarinnar. 8




24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | | NA | 4 |
| Akureyri | 15° | | A | 3 |
| Egilsstaðir | 11° | | A | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 14° | | A | 5 |
| Reykjavík | 14° | | A | 5 |

**BIRTIR TIL** Í dag verða víðast austan 3-8 m/s og bjart á köflum en dálítil væta eystra síðdegis. Hiti 10-18 stig, mildast inn til landsins. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

**Reiðhjól | Fólk**




# Ferðir seldar í lokað friðland

Ferðir eru auglýstar og seldar inn í Friðland að Fjallabaki þrátt fyrir lokanir á hálendinu. Skemmdir vegna utanvegaaksturs eru viðvarandi vandamál. Lögregla hyggur á eftirlit á landi og úr lofti vegna brotanna.

**UMHVERFISMÁL** Akstursbann inn í Friðland að Fjallabaki er virt að vettugi þrátt fyrir lokanir og upplýsingagjöf. Gróðurskemmdir vegna utanvegaaksturs eru viðvarandi vandamál. Fyrirtæki auglýsa og selja ferðir á ökutækjum inn á svæðið þrátt fyrir lögboðið bann.

Umhverfisstofnun birti í gær á Facebook-síðu friðlandsins yfirlýsingu þar sem segir að að gefnu tilefni minni svæðalandvörður á Suðurlandi á að Friðland að Fjallabaki er nú lokað fyrir vélknúinni umferð. „Sárt er til þess að vita að menn vanvirði þessa lokun, og selji jafnvel ferðir inn á svæðið. Slíkar ferðir leiða iðulega til aksturs utan vega, sem í öllum tilfellum er lögbrot,“ segir þar.

Ingibjörg Eiríksdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, sem þar hélt á penna ætlar það engum að vinna skemmdir viljandi á sérstæðri náttúru svæðisins og líklega við fáa aðila að sakast. Aðstæður hljóti þó að vera öllum ljósar sem á annað borð þekkja til. Hún segir að gróðurskemmdir á svæðinu sé í sumum tilfellum hægt að laga, en það eigi ekki alltaf við. „Sumt af þessu er ekki hægt að laga og tekur ár eða áratugi að jafna sig, og það er vandinn sem við erum að glíma við ár eftir ár,“ segir Ingibjörg sem hefur gert lögreglunni á Hvolsvelli viðvart um hvers kyns er. Hún bætir við að á stuttum tíma í gær hafi hún með stuttri leit á netinu fundið sjö heimasíður fyrirtækja þar sem verið var að selja ferðir inn í Landmannalaugar ýmist allt árið eða frá 1. júní; allt á þeim tíma þegar er lokað,“ segir Ingibjörg.

Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli, segir að í kjölfar tilkynningar Umhverfisstofnunar, og í ljósi þess að hálendið er allt meira og minna lokað, verði reynt að fara í sérstakt eftirlit á svæðinu, þ.á.m. úr lofti um helgina í samstarfi við Landhelgisgæsluna. Sveinn Rúnar á erfitt með að trúa því að ferðaþjónustan geri út á lokuð svæði á hálendinu þó það virðist raunin, en hann vill beina því til fólks að virða lokanir enda séu þær ekki settar á að ástæðulausu.

> Sumt af þessu er ekki hægt að laga og tekur ár eða áratugi að jafna sig, og það er vandinn sem við erum að glíma við ár eftir ár.
>
> *Ingibjörg Eiríksdóttir, svæðalandvörður*

**- shá /** **sjá síðu 6**



**RÝMINGARÆFING Í STJÓRNARRÁÐINU** Lögreglan, slökkviliðið, fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra og sérsveitin tóku þátt í æfingu til að tryggja öryggi æðstu stjórnar ríkisins í gærmorgun. Fæstir starfsmenn ráðuneytisins vissu af æfingunni en allir björguðust, þar með talinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veðmálabrask á Íslandi:

## Veðjaði á tap liðsfélaganna

**FÓTBOLTI** Formaður knattspyrnudeildar Dalvíkur/Reynis staðfestir að leikmaður félagsins hafi í vetur veðjað á að lið hans myndi tapa með meira en þriggja marka mun gegn Þór í leik liðanna í janúar. „Hann var reyndar ekki í leikmannahópi okkar í þessum leik en viðurkenndi þetta. Þeir leikmenn sem tóku þátt í leiknum sóru þetta hins vegar allir af sér,“ segir Stefán Garðar Níelsson.

Þegar ásakanir um veðmálabrask í tengslum við leikinn komu upp á sínum tíma hafnaði Dalvík/Reynir ósk KSÍ um samstarf við rannsóknina. **- esá /** **sjá síðu 56**

Sigurvegarinn á stóra sviðið:

## Leikur í Latabæ

**FÓLK** Brynjar Dagur Albertsson, fimmtán ára dansari, sem sigraði í hæfileikakeppninni Ísland Got Talent í vetur, sýnir listir sínar á stóra sviði Þjóðleikhússins í haust.

Brynjar Dagur fékk hlutverk í sýningunni um Latabæ. „Æfingarnar eru búnar að ganga mjög vel,“ segir hann. **- ka /** **sjá síðu 62**






Rannsókn lögreglunnar á hatursglæp gegn múslimum lauk án niðurstöðu:

## Svínshöfuðin aldrei í ákæruferli

**LÖGREGLUMÁL** Engin niðurstaða fékkst í rannsókn lögreglunnar á dreifingu blóðugra svínshöfða á lóð múslima við Sogamýri.

Gunnar Hilmarsson, aðalvarðstjóri á lögreglustöðinni við Grensásveg, segir að rannsókn sé lokið. Málið var aldrei sent til ákærusviðs lögreglunnar því enginn botn fékkst í málið.

Þegar málið kom upp steig Óskar Bjarnason fram og játaði á sig verknaðinn. Hann sagðist hafa verið í félagi með þremur öðrum og að markmið þeirra hafi verið að mótmæla fyrirhugaðri byggingu mosku á lóðinni. „Það var bara einhver sem var að vekja á sér athygli,“ segir Gunnar, „það liggur ekkert fyrir um það hver þarna var að verki.“

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið þegar málið kom upp að um brot gegn banni við hatursglæpum væri að ræða.

Starfsmenn Reykjavíkurborgar hentu sönnunargögnum í málinu að viðstaddri lögreglu. **- ssb /** **sjá síðu 12**



**GLÆPUR AÐ ERLENDRI FYRIRMYND** Þegar málið kom upp lýsti sænskur prófessor því að svínshöfuð væru orðin einkennismerki hatursglæpa gegn múslimum í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## SPURNING DAGSINS



„Er silfurreynirinn róttækur?“

**„Hann vill frekar vera íhaldssamur.“** Umræða hefur skapast um möguleika þess að flytja silfurreyninn við Grettisgötu 17 til að rýma fyrir hótelbyggingu. Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri borgarinnar, er ekki viss um árangur slíkrar framkvæmdar.

Fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins tjáir sig um moskumálið:

# Telur atburðarásina úthugsaða

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, telur að atburðarásin í svokölluðu moskumáli hafi verið úthugsuð, bæði hjá Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur, oddvita flokksins í Reykjavík, og hjá núverandi formanni.

„Mér virðist þetta hafa verið vel undirbúið herbragð sem heppnaðist býsna vel í atkvæðatölum. Forsætisráðherra og formaður flokksins tekur í raun og veru undir með oddvita framsóknarmanna í Reykjavík. Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi,“ segir Jón.

Jón bætir við að Sigmundur Davíð hafi haft langan tíma til að undirbúa viðbrögð sín við ummælunum og þegar hann tjáir sig svo finni hann fyrst og fremst að viðbrögðum annarra. „Ég tel að þetta séu mjög óheppileg og óæskileg sjónarmið sem hérna hafa komið fram. En ef engin viðbrögð eru við þessu þá er það býsna alvarlegt og mikil breyting á stefnu flokksins,“ segir formaðurinn fyrrverandi. - hh, ebg



**FYRRVERANDI FORMAÐUR** Jón Sigurðsson segir sjónarmiðin sem hafa komið fram vera óheppileg og óæskileg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Býst við tilkynningu í dag:

# Sami meirihluti í Fjarðabyggð

**FJARÐABYGGÐ** Áframhaldandi meirihlutasamstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks verður að óbreyttu tilkynnt síðdegis í dag. Þetta segir Jens Garðar Helgason, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Fjarðabyggð.

Hann gerir einnig ráð fyrir að Páll Björgvin Guðmundsson haldi áfram sem óháður bæjarstjóri.

Jens segir einhvern áherslumun verða hjá meirihlutanum milli kjörtímabila í ljósi bættrar afkomu bæjarins. - ih



**VOÐAVERKA MINNST** Í gær minntust 180 þúsund manns í Hong Kong fallinna mótmælenda í Peking fyrir 25 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

25 ár liðin frá árás á Torg hins himneska friðar í Peking:

# Kínverjar banna alla umræðu

**KÍNA, AP 25 ár eru síðan kínverski herinn réðst inn á Torg hins himneska friðar í Peking þar sem hundruð mótmælenda féllu, 3. og 4. júní 1989. Stjórnvöld í Kína leyfa enga opinbera umræðu um atburðina.**

**Undanfarið hefur eftirlit með kínverskum vefsíðum verið hert og öllum skrifum sem minnast á Torg hins himneska friðar er samstundis eytt. Lögregla og her hafa umkringt torgið og krafið þá sem eiga leið um torgið um að gera grein fyrir ferðum sínum og sýna skilríki.Aðra sögu er að segja frá Hong Kong þar sem fjölmenn minningarathöfn fór fram í gær. Kveikt var á kertum og minning hinna látnu heiðruð.** - ih

ÖSE leitar fanga í Úkraínu:

# Ekkert spurst til eftirlitsmanna

**ÚKRAÍNA** Eftirlits- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, hefur enn ekki komist í samband við tvær eftirlitssveitir sem teknar voru til fanga í austurhluta Úkraínu í maí. Úkraínska utanríkisráðuneytið segist vilja reyna allar leiðir til að leysa gíslana úr haldi.

Fyrsti hópurinn hvarf í námunda Donetsk 26. maí. Seinni hópurinn hvarf nálægt Luhansk þremur dögum síðar. Eftirlitssveitirnar voru að störfum í austurhluta landsins vegna forsetakosninganna þar í landi þann 25. maí. - sa

Pútín enn í skammarkrók:

# Ekki boðið til leiðtogafundar

**BELGÍA, AP** Vladimír Pútín var ekki boðið til tveggja daga leiðtogafundar G7-ríkjanna, sem hófst í Brussel í gær og lýkur í dag.

Hann er því enn í skammarkróknum vegna afstöðu sinnar til ólgunnar í Úkraínu. Í mars ákváðu ríkin sjö að fundurinn yrði ekki haldinn í Sotsjí í Rússlandi og að Rússar yrðu ekki með.

Honum er hins vegar boðið til Frakklands á morgun, þegar evrópskir leiðtogar koma saman til að minnast þess að sjötíu ár eru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. - gb

# Flóðlýsing tekin af dagskrá borgarráðs

Borgarráð á enn eftir að samþykkja samning um aðkomu borgarinnar að flóðlýsingu Laugardalsvallar. ÍTR samþykkti samninginn fyrir sitt leyti og vísaði honum til borgarráðs. Hann mun ekki vera til efnislegrar umræðu á fundi ráðsins í dag.

**SAMKEPPNISMÁL** Framkvæmdir eru hafnar við endurnýjun flóðlýsingar á Laugardalsvelli þrátt fyrir að borgarráð sé ekki búið að samþykkja fjárveitingu til verksins. Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti samning um fjárveitingu til verksins fyrir sitt leyti og vísaði samningnum til borgarráðs þann 9. maí síðastliðinn. Í þeim samningsdrögum á Reykjavíkurborg að greiða um 50 milljónir króna til KSÍ á þremur árum og eignast svo fljóðljósin. Líklega mun borgarráð ekki taka samninginn til efnislegrar meðferðar á fundi sínum í dag.



**EVA H. BALDURSDÓTTIR**

Framkvæmdin, sem KSÍ hóf án þess að samningur við borgina lægi fyrir, var ekki boðinn út og samningur gerður við einn aðila um kaupin.

„Það er rétt að það stóð til að hafa málefni Laugardalsvallar á dagskrá borgarráðs en ég er ekki viss um að sú verði raunin, við þurfum að fá færi á því að fara betur yfir málið,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. „Ég er búinn að vera í öðru síðustu daga svo það er langlíklegast að ég taki þetta út af dagskrá og fari yfir þetta með sérfræðingum innan borgarinnar.“

Eva Baldursdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur, telur það skjóta skökku við að framkvæmdir séu hafnar. „Jú, mér finnst framvindan skrítin,“ segir Eva. „Meirihluti fjármagnsins kemur frá borginni en ef svo ólíklega vildi til að þetta yrði ekki samþykkt í borgarráði þá hljóta þeir að treysta sér til að fjármagna framkvæmdina með öðrum leiðum.“



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

„Það orkar tvímælis að framkvæmdir séu hafnar ef verkefnið er ekki að fullu fjármagnað,“ segir Eva.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn, segist ekki þekkja þetta mál nógu vel og ekki hafa gefið sér tíma til að kynna sér það í þaula. „Það er hins vegar alveg á hreinu, og það er í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, að það eigi að vera vinnuregla innan borgarinnar að það eigi að viðhafa útboð sem víðast til að fara sem best með peninga skattborgara.“ sveinn@frettabladid.is



**LAUGARDALSVÖLLUR** Framkvæmdir við endurnýjun flóðlýsingar eru hafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**„Ég er búinn að vera í öðru síðustu daga svo það er langlíklegast að ég taki þetta út af dagskrá og fari yfir þetta með sérfræðingum innan borgarinnar.“**

*Dagur B. Eggertsson, forseti borgarstjórnar*




Rannsókn hafin á hlerunum á símanotkun Þýskalandskanslara:

# Bandaríkin grunuð um njósnir

**ÞÝSKALAND** Harald Range, ríkissaksóknari í Þýskalandi, hefur skýrt frá því að rannsókn sé hafin á hlerunum bandarísku leyniþjónustunnar á farsíma Angelu Merkel kanslara.

Rannsóknin beinist reyndar enn sem komið er ekki gegn ákveðnum einstaklingum, heldur er gengið út frá því að sökudólgurinn sé óþekktur. Hins vegar er rannsóknin miðuð við að bandaríska þjóðaröryggisráðið standi á bak við njósnirnar.

Í tilkynningu frá skrifstofu saksóknarans segir að fyrir liggi „áþreifanlegar staðreyndir, sem styðja grun um hugsanlegar njósnir óþekktra starfsmanna bandarísku leyniþjónustunnar um farsíma Angelu Merkel kanslara“.

Upp um hleranirnar komst síðastliðið haust þegar bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden lét fjölmiðlum í té leyniskjöl frá bandaríska þjóðaröryggisráðinu. Þar kom fram að Bandaríkin höfðu fylgst með símanotkun Angelu Merkel og fleiri þjóðarleiðtoga.

Merkel brást ókvæða við og sakaði Bandaríkin um trúnaðarbrot.

Range saksóknari segist gjarnan vilja fá Edward Snowden til að bera vitni í málinu, og telur sig nú í sterkari stöðu til þess. - gb




**HARALD RANGE** Aðalsaksóknari Þýskalands vill skýringar í njósnamálinu. NORDICPHOTOS/AFP




# Besti smábíllinn - aftur...

**> Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílablaðsins Bilmagasinet.**

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.790.000** KR.

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!
Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SVONA ERUM VIÐ



**62%** **Íslendinga tekur lýsi þrisvar í viku eða oftar.**

**Að jafnaði tekur landinn lýsi um fjórum sinnum í viku, en alls tekur um helmingur landsmanna lýsi daglega.**

*Heimild: Matís*

Ríkisendurskoðun bendir á möguleika þess að efla fræðslu lítt menntaðra:

# Leggja til eflingu fræðslukerfis

**MENNTUN** Ríkisendurskoðun hvetur menntamálaráðuneytið til þess að halda áfram að þróa og efla fræðslu til einstaklinga með stutta skólagöngu.

Tillagan er byggð á úttekt Capacent um framhaldsfræðslu. Það er fræðsla helst ætluðum fullorðnum einstaklingum sem hlotið hafa takmarkaða menntun.

Capacent leggur til að menntamálaráðuneytið móti stefnu fyrir framhaldsfræðslukerfið til framtíðar. Einnig er bent á að skoða mætti möguleika kerfisins til þess að auðvelda einstaklingum sem flosnað hafa upp úr námi að hefja aftur skólagöngu.

Að auki mætti skoða möguleika kerfisins til þess að efla starfsnám og minnka brottfall úr framhaldsskólum.

Fram kemur í greiningu Capacent að á milli áranna 2009 og 2014 voru fjárveitingar til framhaldsfræðslukerfisins 7,5 milljarðar. Capacent segir því fé hafi heilt yfir verið vel varið. **- ih**



**RÁÐUNEYTIÐ** Úttekt á fræðslu til lítt menntaðra hefur verið send til menntamálaráðuneytis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Framkvæmdir á Bíldudal:

## Fjárfesti fyrir hálfan milljarð

Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal fjárfesti hér á landi fyrir um hálfan milljarð króna á síðasta ári. Upphæðin fór að mestu í að stækka verksmiðju fyrirtækisins um helming.

Fyrirtækið safnar og vinnur kalkþörungaset úr Arnarfirði sem er þurrkað í mjöl og aðrar afurðir. Nánast öll framleiðslan er seld á erlendum mörkuðum og notuð í framleiðslu á lífrænu dýrafóðri, fæðubótarefnum og gróðuráburði. **- hg**

Ál- og fiskverð valda halla:

## Krónan styrkist í viðskiptahalla

**VIÐSKIPTI** Krónan styrktist um tvö prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Krónan styrktist þrátt fyrir að viðskiptahalli hafi verið neikvæður um 3,5 milljarða króna ef marka má bráðabirgðatölur frá Seðlabanka Íslands.



Þetta kemur fram í Morgunkorni Íslandsbanka. Ástæður hallans eru léleg loðnuvertíð, lágt verð á áli og fiski ásamt auknum vöruinnflutningi.

Íslandsbanki spáir þó batnandi viðskiptajöfnuði þegar líður á sumar með fjölgun ferðamanna og hækkandi verði á áli og fiski. **- ih**

# Víða komin mynd á nýjan meirihluta

**Það lítur út fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn verði í meirihluta í öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu nema í Reykjavík. Í Hafnarfirði er hugmynd Bjartrar framtíðar um þjóðstjórn út af borðinu og viðræður við Sjálfstæðisflokk hafnar.**

**KOSNINGAR** Reykjavík er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er ekki í meirihlutaviðræðum en oddvitar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata hafa fundað síðustu daga og skoða nú kosningaloforð og málefnaáherslur flokkanna.

Í Hafnarfirði hafa formlegar viðræður bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar hafist en ekki tókst að mynda samstarf allra flokka eins og Björt framtíð hafði boðað með hugmynd sinni um þjóðstjórn, bæði fyrir og eftir kosningar.

„Við höfum rætt í þrjá daga við oddvita allra flokka og eftir þá fundi kom í ljós að það gengi ekki. Við komum aldrei öllum hópnum saman til að ræða málið,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar, en flokkurinn er í lykilstöðu til að mynda meirihluta.



**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ** Ef þær meirihlutaviðræður sem eru nú í gangi á höfuðborgarsvæðinu ganga eftir mun Sjálfstæðisflokkurinn vera í meirihluta í öllum sveitarfélögum nema í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

Guðlaug segir að hún hafi mætt því viðmóti frá öllum flokkum að mikilvægt væri að hafa minnihluta og meirihluta og að hugmynd um þjóðstjórn væri fjarstæðukennd. Hún segir viðræður við Sjálfstæðisflokk ganga vel en ekki hafi enn verið rætt hvort hún eða Rósa Guðbjartsdóttir fái borgarstjórastólinn.



**GUNNAR AXEL GUNNARSSON**

Oddvitar Vinstri grænna og Samfylkingar í Hafnarfirði eru ekki sammála þessari greiningu Guðlaugar. Þau segjast bæði hafa verið tilbúin að ræða samstarf allra flokka og því hafi hugmyndin alls ekki strandað hjá þeim.

„Það hafa aðeins farið fram óformlegir fundir og aldrei með öllum flokkum. Þau í Bjartri framtíð hafa greinilega ekki treyst sér til að reyna þetta til þrautar,“ segir Guðrún Ágústa Guðlaugsdóttir, oddviti Vinstri grænna og fráfarandi bæjarstjóri.

Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingar, tekur í sama streng. „Okkur er sagt að það hafi steytt á skeri,“ segir hann. „En hvaða sker það er, það er náttúrulega Sjálfstæðisflokkurinn.“

Í Garðabæ og á Seltjarnarnesi myndar Sjálfstæðisflokkurinn hreinan meirihluta og í Kópavogi ræða Sjálfstæðisflokkur og Björt framtíð meirihlutasamstarf.



**„Við komum aldrei öllum hópnum saman til að ræða málið.**

*Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði*

Í Mosfellsbæ gæti Sjálfstæðisflokkurinn myndað hreinan meirihluta en er þó í viðræðum við Vinstri græn um samstarf. Flokkarnir hafa unnið saman þar í bæ síðastliðin átta ár og er hugur í mönnum að halda því áfram.

**erla@frettabladid.is**

Ný beiðni bar árangur:

## Atkvæði talin aftur í firðinum

**HAFNARFJÖRÐUR** Yfirkjörstjórn í Hafnarfirði hefur samþykkt ítrekaða beiðni Pírata um endurtalningu atkvæða í Hafnarfirði. Fyrri beiðni þeirra um endurtalningu var hafnað en eftir umorðun féllst yfirkjörstjórn á að telja aftur.



**BRYNJAR GUÐNASON**

Sex atkvæðum munaði á Brynjari Guðnasyni, oddvita Pírata, og þriðja manni Samfylkingar, Öddu Maríu Jóhannsdóttur.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Brynjari og Hafþóri Sævarssyni umboðsmanni framboðs Pírata í Hafnarfirði, hafði þeim ekki borist úrskurður yfirkjörstjórnar.

Endurtalning atkvæða mun fara fram í kvöld.

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut fimm bæjarfulltrúa í kosningunum síðastliðinn laugardag, Samfylkingin þrjá, Björt framtíð tvo og Vinstri græn einn. **- sa**

Viðræður í Reykjanesbæ:

## Framsókn er inni í myndinni

**REYKJANESBÆR** Í Reykjanesbæ ganga meirihlutaviðræður vel en þar ræða oddvitar Frjáls afls, Samfylkingar og Beinnar leiðar samstarf.

Oddvitarnir hafa undanfarna daga fundað með bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins en Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingar, segir að engin niðurstaða sé komin og allir möguleikar séu skoðaðir.



**FRIÐJÓN EINARSSON**

Friðjón gerir ráð fyrir að viðræður klárist um næstu helgi. **- ebg**

Bregðast við flugnaplágu:

## Kúm beitt gegn mýi í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Flugur geta verið hvimleiðar til lengdar fyrir búfénað og menn.

Því hafa bændur við vatnið Torptjärn í Suður-Svíþjóð brugðið á það ráð að láta kýr traðka niður bakka vatnsins þar sem mýlirfur hafast við.

Aðferðin hefur fækkað mýi um allt að sjötíu prósent.

Bændur við vatnið hafa einnig notað gasgildrur. Tuttugu gasgildrur, sem beitt var síðasta sumar, drápu yfir átta milljónir flugna. Vefsíða Landssambands kúabænda greinir frá. **- ih**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Friedrichshafen | 21° | New York | 21° |
| Aþena | 27° | Gautaborg | 20° | Orlando | 33° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 17° |
| Berlín | 20° | Las Palmas | 23° | París | 20° |
| Billund | 19° | London | 19° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 20° | Mallorca | 25° | Stokkhólmur | 17° |




**SUMARBLÍÐA** Það verður vonandi ekki hægt að kvarta mikið yfir veðrinu næstu daga. Spáin býður upp á bjartviðri og hita víðast á bilinu 14-20 stig, hlýjast í innsveitum á Suðvesturlandi.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



GARÐA DAGAR
BRJÁLUÐ TILBOÐ!
Ódýrara lítraverð
Aðeins 795 kr/ltr
BRJÁLAÐ VERÐ!
Stjúpur
10 stk í bakka
799kr
verð áður 1.290
JOTUN
PALLAOLÍA 3 ltr.
2.385kr
verð áður 3.295
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
3 ltr.
25% afsláttur af DRYGOLIN VIÐARVÖRN
DRYGOLIN
25% afsláttur af hekk- og greinaklippum
BLACK& DECKER
Pelargónía
899 kr
verð áður 1.579
Nellikka
599 kr
verð áður 1.390
10 cm pottur
BLACK& DECKER
Hleðsluborvél
9.995 kr
13.995
5245999
Malarskófla
1.299 kr
Ódýrt
5082502
20% afsláttur
Handsláttuvél
11.196 kr
13.995
5085133
Sláttuvél
59.995 kr
Razor 4610 TR/W
5085287
HM GRILL TILBOÐ
HM TILBOÐ
56.900 kr
65.900
Gasgrill Broil King Royal 320
3000604
Broil King
Great Barbecues Every Time
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956
Tilboð gilda til 9. júní eða á meðan birgðir endast.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar verða lengstu ísgöng í Evrópu opnuð?
**2.** Hver er nýr forstjóri Samskipa hf.?
**3.** Hvaða listakona er með ljóðaplötu í smíðum?

**SVÖR:**

**1.** Inni í Langjökli. **2.** Pálmar Óli Magnússon. **3.** Ásdís Sif Gunnarsdóttir.

Fulltrúar ESB segja að Litháen muni að óbreyttu taka upp evru um áramótin:

# Litháen færist skrefi nær evru

**LITHÁEN, AP** Evrópusambandið tilkynnti í gær að Litháen uppfyllti öll skilyrði til upptöku evru. Evrópusambandið mun líklega tilkynna formlega í næsta mánuði að Litháen fái að taka upp evru 1. janúar 2015.

Algirdas Butkevicius, forsætisráðherra Litháens, segir að upptaka evru væri mikilvægt skref fyrir efnahag landsins og pólitíska stöðu þess. Hinn nýi gjaldmiðill ætti eftir að bæta lífskjör og auka hagvöxt í Litháen. Að auki myndi Litháum bjóðast lán á betri kjörum en áður.

Litháenskir andstæðingar Evrópusambandsins hafa krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um upptöku evru. Þeirri beiðni hafa stjórnvöld hafnað.

Olli Rehn, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, benti á að inngangа Litháens í evrusamstarfið sýndi hve sterkt evran stæði þrátt fyrir ólgusjó síðastliðinna ára. - ih




**STYRKLEIKAMERKI** Olli Rehn, stækkunarstjóri ESB, segir upptaka evru í Litháen sýna styrk evrunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr prestur á Skagaströnd:

# Séra Bryndís skipuð prestur

**SKAGASTRÖND** Biskup Íslands hefur skipað Bryndísi Valbjarnardóttur í embætti sóknarprests í Skagastrandarprestakalli.

Fjórir umsækjendur voru um stöðuna en einn dró umsókn sína til baka.

Bryndís hefur starfað við prestakallið síðastliðna níu mánuði sem afleysingaprestur.

Áður hefur hún verið prestur í Fríkirkjunni í Reykjavík. Hún tekur við stöðunni 1. ágúst næstkomandi. - sa



**SKÁTAHEIMILI VÍFILS** Of nálægt segja nágrannar. FRÉTTABLAÐIÐ/VLHELM

Veitingasalur í skátaheimili:

# Kæra nágranna barst of seint

**SKIPULAGSMÁL** Kæru frá nágrönnum vegna útleigu á veitingasal í húsi skátafélagsins Vífils í Garðabæ var vísað frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Kært var að heilbrigðisnefnd hefði árið 2009 veitt leyfi fyrir félagsheimili og veislusal aðeins 30 til 40 metrum frá svefnherbergisgluggum. „Kæran barst rúmlega rúmlega tveimur og hálfu ári eftir að leyfið var gefið út og tæpum átta mánuðum frá því að ákvörðun þess efnis að starfsleyfið yrði ekki afturkallað var tilkynnt,“ segir úrskurðarnefndin, sem kvað kæruna of seint fram komna. - gar

Hlýtur alþjóðleg verðlaun:

# Frjálsi valinn bestur af rest

**VIÐSKIPTI** Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur verið verðlaunaður fyrir að standa vel að fasteignafjárfestingum. Tímaritið IPE Real Estate veitti verðlaunin.

Sérstök verðlaun eru veitt fyrir ensku-, þýsku-, frönskumælandi lönd. Auk verðlauna fyrir hin Norðurlöndin. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlaut verðlaunin í flokki annarra Evrópuþjóða.

Lífeyrissjóðurinn hlaut verðlaunin fyrir að bregðast tímanlega við breyttu efnahagslegu umhverfi með því að auka vægi fasteigna í eignasafni sínu. - ih

# Virða akstursbann að vettugi

Akstursbann inn á Friðland að Fjallabaki er að engu haft þrátt fyrir lokanir og upplýsingagjöf. Gróðurskemmdir vegna utanvegaaksturs eru miklar. Fyrirtæki auglýsa og selja ferðir þrátt fyrir lögboðnar lokanir.

**UMHVERFISMÁL** Þrátt fyrir að blátt bann sé lagt við umferð ökutækja á Friðlandi að Fjallabaki í leysingatíð eru mörg dæmi þess að lokunin sé virt að vettugi. Fyrirtæki auglýsa og selja ferðir inn á svæðið þrátt fyrir að vitað sé að svæðið sé lokað.

Ingibjörg Eiríksdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun og svæðalandvörður á Suðurlandi, segir um skýrt brot á náttúruverndarlögum að ræða. Ingibjörg ætlar engum að ætla sér að vinna skemmdir á sérstæðri náttúru svæðisins en aðstæður hljóti þó að vera öllum ljósar sem á annað borð þekkja til. Á þessum árstíma eru aðstæður slíkar að menn keyra gjarnan niður úr mjúkum snjó án þess að átta sig á því að þeir skera sig niður í gróðurinn. Eins freistast ökumenn til að krækja út fyrir skafla til að komast lengra, en mergurinn málsins sé auðvitað sá að inni á svæðinu eiga ökutæki ekki að vera.



**INGIBJÖRG EIRÍKSDÓTTIR**

Ingibjörg segir að gróðurskemmdir á svæðinu sé í sumum tilfellum hægt að laga, en það eigi ekki alltaf við. Landverðir leggi árlega gríðarmikla vinnu í að laga för eftir utanvegaakstur, og til fræðslu ferðamanna. Eins verði í sumar stór hópur fólks við vinnu í Landmannalaugum og nágrenni við að gera við skemmdir eftir utanvegaakstur frá fyrri árum. „Sumt af þessu er ekki hægt að laga og tekur ár eða áratugi að jafna sig, og það er vandinn sem við erum að glíma við ár eftir ár,“ segir Ingibjörg.

Ingibjörg hefur engar haldbærar sannanir um einstakar ferðir um svæðið, nema augljós ummerki. „En ég hef fréttir af stórum bíl á svæðinu, og eins mönnum sem eru að selja ferðir inn á svæðið um þessar mundir þrátt fyrir lokanir,“ segir Ingibjörg sem hefur gert lögreglunni á Hvolsvelli viðvart um hvers kyns ferðir. Hún bætir við að í gær hafi hún með stuttri leit á netinu fundið sjö síður þar sem verið var að selja ferðir inn í Landmannalaugar ýmist allt árið eða frá 1. júní; allt á þeim tíma þegar er lokað.

Ekki eru sérstakar dagsetningar á lokunum á þessu svæði á hálendinu, það er þær fara eftir tíðarfari, en hins vegar lokar Vegagerðin leiðinni með skýrum merkingum á staðnum og upplýsingum á vefsíðu sinni. Þessar merkingar eru að engu hafðar, og annaðhvort eru hlið opnuð eða farið fram hjá þeim hvort sem merkingar segja að það sé ófært eða lokað, eins og nú er.

svavar@frettabladid.is



**VIÐ FROSTASTAÐAHÁLS** Skemmdir vegna utanvegaaksturs eru viðvarandi vandamál. Margt er hægt að laga en alvarlegustu skemmdirnar má sjá áratugum saman. MYND/UMHVERFISSTOFNUN

## Hunsa lokun og selja ferðir á friðlandið

Umhverfisstofnun birti í gær á Facebook-síðu friðlandsins yfirlýsingu þar sem segir að af gefnu tilefni minni svæðalandvörður á Suðurlandi á að Friðland að Fjallabaki er nú lokað fyrir vélknúinni umferð, eins og skýrt kemur fram á skiltum Vegagerðarinnar við innakstursleiðir. „Sárt er til þess að vita að menn vanvirði þessa lokun og selji jafnvel ferðir inn á svæðið. Slíkar ferðir leiða iðulega til aksturs utan vega, sem í öllum tilfellum er lögbrot,“ segir þar en samkvæmt náttúruverndarlögum er óheimilt að aka utan vega nema á snæviþakinni og frosinni jörð og jöklum.



# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM DÖMUFATNAÐI**
5.-9. JÚNÍ.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 9. júní.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Leitin að öðrum en Juncker

Leiðtogar ESB þurfa á næstu vikum að koma sér saman um nýjan forseta framkvæmdastjórnarinnar. Meirihluti nýkjörins Evrópuþings þarf að samþykkja tillögu leiðtogaráðsins. Sátt hefur ekki verið um Jean-Claude Juncker, en stuðningur frá Martin Schultz gæti breytt því.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is

Þessa dagana er töluvert tekist á um það, hver hreppi embætti forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, nú þegar Jose Manuel Barroso hverfur á braut.

Meðal leiðtoga ESB hefur engin sátt verið um Jean-Claude Juncker, sem þó nýtur víðtæks stuðnings meðal þingmanna á nýkjörnu Evrópuþingi. Juncker gæti jafnvel verið búinn að tryggja sér stuðning yfirgnæfandi meirihluta þingsins eftir að Martin Schulz lýsti yfir stuðningi við hann í viðtali við þýska tímaritið Der Spiegel á miðvikudaginn.

Juncker var forsetaefni kristilegu demókrataflokkanna, sem fengu 214 þingsæti af 751 í kosningunum í síðasta mánuði, en Schulz var forsetaefni sósíaldemókrataflokkanna, sem fengu 189 þingsæti. Samtals eru þessir þinghópar með 403 þingmenn á hinu nýkjörna Evrópuþingi, sem er býsna öruggur meirihluti.

„Nú er ekki tími fyrir flokkapólitík. Kosningarnar eru afstaðnar," er haft eftir Schultz á vefsíðu þýsku útvarpsstöðvarinnar Deutsche Welle. „Nú er tíminn til að gera það sem þarf að gera, þannig að við getum varið frið og velfarnað í álfunni okkar og fengið nýjan styrk."

Vandinn er sá að leiðtogar aðildarríkjanna þurfa fyrst að koma sér saman um forsetaefni, áður en til atkvæðagreiðslu kemur á þinginu.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hefur lýst yfir mikilli óánægju með Juncker og var jafnvel sagður hafa hótað því að Bretland yfirgefi Evrópusambandið verði Juncker fyrir valinu. Þá hafa leiðtogar Svíþjóðar, Hollands, Ungverjalands og Ítalíu lýst yfir andstöðu við Juncker.

Angela Merkel Þýskalandskanslari, sem annars hafði stutt Juncker, enda kristilegur demókrati eins og hann, hefur nú stungið upp á því að Christine Lagarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, verði fengin í embættið. Hún hefur að minnsta kosti, samkvæmt frétt frá Reuters, beðið sósíaldemókratann François Hollande, forseta Frakklands, að skoða hvort hann geti sætt sig við þann kost. Samkvæmt fréttamiðlinum Euractiv.com tók Hollande enga afstöðu, en lét þess getið að sér þætti það ekki góð hugmynd að Evrópa missi fulltrúa sinn í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Sami miðill hefur fyrir því heimildir að Hollande gæti hugsað sér að stinga upp á Jean-Marc Ayrault, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, gæti Merkel á annað borð sætt sig við að Frakki yrði forseti framkvæmdastjórnarinnar.

> **Nú er ekki tími fyrir flokkapólitík. Kosningarnar eru afstaðnar.**
>
> *Martin Schultz, forsetaefni sósíaldemókrataflokka á Evrópuþinginu*

Blaðafulltrúi þýsku stjórnarinnar sendi hins vegar, í framhaldi af þessum fréttaskrifum, frá sér yfirlýsingu um að ekkert sé hæft í vangaveltum um að Merkel vilji fá Lagarde í embættið. Sjálf hefur Lagarde svo lýst því yfir að hún hafi engan áhuga á að yfirgefa AGS fyrir forsetastól framkvæmdastjórnar ESB.

Ýmsir fyrrverandi og núverandi leiðtogar Evrópuríkja hafa verið nefndir líklegir í embættið, þar á meðal Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur.

Breskir ráðamenn hafa sagst geta vel við unað, hvort sem Lagarde eða Thorning-Schmidt verði fyrir valinu. Enda Kenny, forsætisráðherra Írlands, og Donald Tusk, forsætisráðherra Póllands, hafa einnig verið nefndir til sögunnar.

## LÍKLEGUSTU KANDÍDATARNIR Í SÆTI FORSETA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB



**Martin Schulz**
Maðurinn sem evrópskir sósíaldemókratar vilja helst að verði forseti framkvæmdastjórnarinnar. Hann hefur nú lýst yfir stuðningi við Juncker. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Jean-Claude Juncker**
Fyrrverandi forsætisráðherra Lúxemborgar, lengi vel helsti leiðtogi evruríkjanna. Veruleg andstaða er við hann meðal leiðtoga margra ESB-ríkja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Christine Lagarde**
Yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur verið nefnd til sögunnar, þótt sjálf segist hún engan áhuga hafa á embættinu. NORDICPHOTOS/AFP



**Helle Thorning-Schmidt**
Forsætisráðherra Danmerkur gæti reynst valkostur, sem nægilega margir leiðtogar ESB- ríkjanna gætu sætt sig við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA




**Hofsá í Vopnafirði**
27/6 - 30/6 tvær stangir
30/6 - 3/7 tvær stangir
9/7 - 12/7 ein stöng
25/8 - 29/8 ein stöng
5/9 - 10/9 tvær stangir

**Efri Selá í Vopnafirði**
12/7 - 15/7 tvær stangir
15/7 - 18/7 tvær stangir

**Laxá í Aðaldal**
9/7 – 10/7 ein stöng
13/7 – 14/7 ein stöng
9/8 - 11/8 tvær stangir
25/8 - 27/8 tvær stangir
7/9 – 12/9 fjórar stangir

**Fljótaá**
18/7 - 21/7 þrjár stangir
31/7 - 2/8 fjórar stangir

Áhugasamir hafi samband við Orra Vigfússon í orri@sela.is



Veiðiklúbburinn Strengur og Veiðiklúbbur Íslands




Í tilefni rannsóknar á mati á umhverfisáhrifum vegagerðar býður VSÓ Ráðgjöf til morgunverðarfundar 6. júní næstkomandi.

Á fundinum verður farið yfir helstu niðurstöður um þróun mats á umhverfisáhrifum undanfarin 20 ár þ.m.t. fjöldi umhverfisþátta, ólíkt vægismat og gæði matsins, ásamt tillögum að úrbótum. Þá verður rætt um samráð og aðkomu Landverndar að matinu og Skipulagsstofnun lítur yfir farinn veg.

Frummælendur eru:

**Auður Magnúsdóttir,**
umhverfisstjórnunarfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson,**
framkvæmdastjóri Landverndar

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir,**
forstjóri Skipulagsstofnunar



**Fundurinn hefst kl. 08:30 og stendur til 10:00**
**í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, föstudaginn 6. júní.**
**Boðið er upp á morgunverð frá kl. 08:00.**

Allir velkomnir.
Skráning á vso@vso.is

www.vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF
STOFNAÐ 1958

ÍSLENSKA/SIA.IS/GRA 69333 06/14

Dalamenn vilja sameiningu samkvæmt könnun:

## Sveitarfélag á leið yfir sýslumörkin?

**SVEITARSTJÓRNIR** „Íbúar Dalabyggðar virðast fúsari til sameiningar við annað eða önnur sveitarfélög en íbúar Reykhólahrepps,“ segir í frétt á vefsíðu Reykhólahrepps

Vitnað er til skoðanakönnunar sem var gerð jafnhliða kosningunum í Dalabyggð eins og einnig var gert í Reykhólahreppi þar sem naumur meirihluti vill skoða sameiningu. Í Dalabyggð sögðust um 60 prósent vilja kanna áhuga nágrannasveitarfélaga á sameiningu. Af þeim bentu 62 prósent á sameiningu við annaðhvort Reykhólahrepp einan eða Reykhólahrepp ásamt Strandabyggð á Ströndum.

Hugur til sameininga hefur víðar verið kannaður. Þannig vilja til dæmis yfir 60 prósent Hvergerðinga sameiningu í einhverri mynd og yfir 70 prósent í Árborg. **- gar, óká**



**HEIMAKOSNING EKKI LEYNILEG** Helgi Hrafn, þingmaður Pírata, bendir á að ekki sé hægt að tryggja að fólk sé ekki beitt þrýstingi þegar það kýs á internetinu, heima hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eru á móti rafrænum þingkosningum

Píratar hvetja ekki til þess að teknar verði upp rafrænar kosningar í stærri málum. Sérfróðir segja galla á slíkum kosningum. Innanríkisráðuneytið ætlar að prófa rafrænar kosningar. Allt er til reiðu hjá Þjóðskrá.

**STJÓRNMÁL** Það er ekki stefna Pírata að teknar verði upp rafrænar kosningar í stærri atkvæðagreiðslum svo sem sveitarstjórnarkosningum og alþingiskosningum.

„Það er ástæða fyrir því að við Píratar höfum ekki verið að kalla eftir því að internetið sé notað til að kjósa til Alþingis eða í þjóðaratkvæðagreiðslu. Grundvallargallinn við kosningar um alvarleg málefni á internetinu er sá að það er ekki hægt að tryggja það að kjósandinn sé einsamall við tölvuna,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata. Þar með tekur hann undir varnaðarorð Hauks Arnþórssonar, doktors í rafrænni stjórnsýslu, sem gagnrýndi rafrænar kosningar í Fréttablaðinu í gær.

„Þegar það eru til dæmis alþingiskosningar eða kosningar um kvótakerfið þá er óhugsandi að ætlast til þess af fólki að það standist þann félagslega þrýsting sem óhjákvæmilega myndast,“ segir Helgi Hrafn.

Helgi segir að rafrænar kosningar geti þó nýst til minniháttar ákvarðana. „Ég tel ekki að rafrænar kosningar geti tekið við af hefðbundnum kosningum í bili. Að því sögðu geta þær hentað fyrir ýmsa hluti, innra málefnastarf, prófkjör eða ákvarðanir sem varða ekki mikla hagsmuni.“

Helgi segir að ekkert kerfi sé fullkomlega öruggt. „Mælikvarðinn er hversu mikinn tíma og hversu mikla peninga kostar að brjóta þau. En sú regla á ekki bara við um hugbúnað. Það er ekki til það kosningakerfi sem ekki er hægt að svindla á með einhverjum hætti.“

Undir þetta tekur Smári McCarthy, starfandi sérfræðingur í upplýsingaöryggi. „Helsta vandamálið er að það er ekki til neitt kosningakerfi í dag sem er bæði sannreynanlegt og ekki er hægt að tengja við kjósandann. Pappírskosningar eru ótengjanlegar að jafnaði, en kjósandinn getur ekki verið öruggur með að atkvæðið hafi skilað sér rétt því leyndin er mikil. Við gerum okkur upp sannreynanleika með því að setja nógu mikið af nógu ólíku fólki inn í ferlið og vona að það komist upp um allt svindl.“ **snaeros@frettabladid.is**

### ➜ 73% fylgjandi

Í óbirtri könnun MMR fyrir Auðkenni kemur fram að 73 prósent telja mikinn eða mjög mikinn ávinning fylgja því að geta kosið á netinu. Könnunin var gerð í lok árs 2012. Mestur stuðningur við rafrænar kosningar var í aldurshópnum 50 til 54 ára, eða 80 prósent. Minnstur er stuðningurinn í aldurshópnum 18 til 19 ára, 59,3 prósent.

### Horfum til rafrænna kosninga í Eistlandi

Á Íslandi hafa stjórnvöld litið til reynslu Eistlands af rafrænum kosningum sem nær aftur til ársins 2005. Ný skýrsla fræðimanna við Háskólann í Michigan gagnrýnir framkvæmdina og segir meðal annars: „Það eru margar leiðir fyrir hið opinbera, góða hakkara eða óheiðarlega aðila sem starfa við kerfið til að fella eistneska kosningakerfið. Slík árás gæti breytt atkvæðum og haft áhrif á niðurstöðu kosninga.“

# DEBENHAMS

## *miðnætur* OPNUN

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

NEMA **20%** AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM OG
VÖRUM FRÁ WAREHOUSE

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 11:00 - 24:00**

# OFURTILBOÐ*
## AÐEINS Í DAG

*Gerðu lífið skemmtilegra*



**40% AFSLÁTTUR**
af öllum Collection kjólum



**40% AFSLÁTTUR**
af öllum kjólum í barnadeild



**40% AFSLÁTTUR**
af öllum töskum



Úrval af dömu undirfötum á
**40% AFSLÆTTI**



**40% AFSLÁTTUR**
af öllum herra stuttermaskyrtum



**40% AFSLÁTTUR**
af öllum herra undirfötum frá
Thomas Nash og Red Herring

*Á meðan byrgðir endast

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## MÚSLIMAR Á ÍSLANDI

### Löng leið að mosku í Reykjavík

→ Félag múslima á Íslandi efnir til hönnunarsamkeppni um nýja mosku í Sogamýrinni.

→ Hönnunarsamkeppnin miðar að því að moskan falli að íslenskri byggingarlist og hæfi umhverfi sínu.



**1997**

**„Við vorum kannski fjögur eða fimm sem komum að stofnuninni. Svo gengu hlutirnir mjög hratt fyrir sig**

*Salmann Tamimi, fyrrv. formaður Félags múslima á Íslandi, um stofnunina.*

**1997**
→ **Félag múslima á Íslandi stofnað.**

**1999**
Félag múslima leggur fram umsókn sína um úthlutun lóðar fyrir mosku. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var borgarstjóri í þá tíð.

**2000**
Múslimar keyptu húsnæði í Ármúla og gerðu það upp. Húsnæðið hefur þjónað sem bænahús þeirra síðan þá.

**2002**
Fyrsta giftingin í söfnuðinum. Íslenskt par gifti sig að múslimskum sið.

**2004**
→ **Félagar í Félagi múslima á Íslandi verða 300 talsins.**

**2009**
Menningarsetur múslima á Íslandi er stofnað og fær stöðu formlegs trúfélags. Um klofning úr Félagi múslima á Íslandi er að ræða. Þetta ár verður nokkur fækkun í Félagi múslima á Íslandi sem tengja má við stofnun hins nýja félags.

**2013**
Félagar í Menningarsetri múslima á Íslandi verða 300 talsins.

Félag múslima á Íslandi fær loksins svar frá Reykjavíkurborg. Moska mun rísa í Sogamýrinni innan skamms.

Þann 27. nóvember dreifðu menn svínshöfðum á þá lóð sem Reykjavíkurborg hafði úthlutað múslimum með það að markmiði að vanhelga hana.



**2012**
Menningarsetur múslima á Íslandi fær húsnæði við Skógarhlíð. Fjárfestar komu meðal annars frá Sádi-Arabíu.

**2014**
Múslimar á Íslandi sem eru skráðir í trúfélög eru samtals 841 þann 1. janúar 2014.



# Íslenskir arkitektar hanna nýja mosku

Tveir söfnuðir múslima eru starfandi á Íslandi með tæplega 850 félagsmönnum. Fordómar gegn múslimum virðast ekki vera í rénun þrátt fyrir að nú sé árið 2014.

### → Súnnítar á Íslandi í tveimur félögum

Bæði trúfélög múslima á Íslandi aðhyllast súnnísið en súnnítar skipa mikinn meirihluta múslima í heiminum. Ágreiningur á milli trúfélaganna tveggja er því ekki beint trúarlegs eðlis. Salmann Tamimi, fyrrverandi formaður Félags múslima á Íslandi, hefur látið hafa eftir sér að Menningarsetur múslima á Íslandi séu öfgafyllri samtök en Félag múslima á Íslandi. „Ég þurfti að senda þá frá félaginu okkar því ég þoli ekki neikvæðni. Við erum bjartsýnisfólk og ef það er eitthvað að þá leysum við það en ekki með neinni neikvæðni," segir Salmann um forsvarsmenn Menningarmiðstöðvar múslima á Íslandi.

### → Svínshöfuð til vanhelgunar

Þann 27. nóvember í fyrra dreifðu óprúttnir aðilar blóðugum svínshöfðum á lóðina við Sogamýri sem Félagi múslima á Íslandi hafði verið úthlutað undir mosku. Einnig var rifnum blaðsíðum úr Kóraninum dreift og rauðri málningu eða blóði slett á þær. Starfsmenn Reykjavíkurborgar hirtu svínshöfuðin og blaðsíðurnar og förguðu þeim, að viðstaddri lögreglu. Í kjölfarið steig maður fram í fjölmiðlum og lýsti sig, og þrjá aðra menn, ábyrga fyrir dreifingunni. Hann var í kjölfarið kallaður í skýrslutöku. Lögregla segir nú að ekkert hafi komið út úr rannsókn málsins og það hafi aldrei verið sent ákærusviði lögreglunnar. Málinu er því lokið án þess að niðurstaða fáist í það eða einhver verði sóttur til saka.

snaeros@frettabladid.is

### → Hatursfull umræða gegn múslimum

Opinber umræða á Íslandi hefur oft einkennst af öfgafullum staðalímyndum um múslima. Þeir sem tjá sig steypa öllum múslimum í sama form og svo virðist sem ótti ríki við uppgang múslima í heiminum. Hér á eftir fara nokkur ummæli um múslima í opinberri umræðu:

**„Múslimar eru að dreifa sér um heiminn og við eigum að halda þeim í skefjum"**

*Ólafur F. Magnússon, fyrrverandi borgarstjóri,* ***10. júlí 2013*** *í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni.*

**„Múslimar koma frá öðrum heimi, þetta eru tveir ólíkir heimar og það þýðir ekkert að blanda þeim saman, þeir eiga bara að fá að vera í friði hvor fyrir öðrum."**

*Guðmundur Franklín,* ***12. september 2011*** *í viðtali við DV.*

**„Menning kristinna manna og múslima er með öllu ósættanleg og verður alltaf."**

*Ársæll Þórðarson í grein í Morgunblaðinu* ***20. desember 2013.***

**„Múslimar í Svíþjóð eru 95 prósent á Féló og eru til vandræða, nauðga sænskum stúlkum, fremja heiðursmorð, brenna bíla, leikskóla, skóla, hælisleitendur, ræna gamla fólkið og fólk í hjólastólum."**

*Óskar Bjarnason* ***3. júní 2014*** *á Facebook-síðunni Mótmælum mosku á Íslandi.*

**„Íslam er einungis að litlu leyti trú, en réttara er að lýsa því sem heildstæðu kúgandi pólitísku stjórnkerfi sem tekur til allra þátta mannlífsins ... Að halda að jihad muni ekki fylgja moskum á Íslandi er hreinn og beinn barnaskapur."**

*Ásgeir Ægisson í grein í Morgunblaðinu* ***10. ágúst 2013.***


# RÝMINGARSALA

**Garðhúsgögn, stólar og borð. Mikil verðlækkun. Vara hættir!**








Glös og skálar ekki á rýmingarsölu.

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Umsóknarferli ríkja Balkanskaga rætt á ráðstefnu landanna í Vínarborg:

# Füle vill flýta umsóknarferlinu

**VÍNARBORG** Stefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, sagði á þriðjudag á ráðstefnu í Vínarborg að umsóknarríki að sambandinu ættu að hraða ferlinu að aðgöngu í sambandið. Það væri til hagsbóta fyrir öll aðildarríki sambandsins og til þess fallið að koma efnahagsástandi umsóknarlandanna á réttan kjöl, íbúum þeirra til hagsbóta.

„Ég er ekki aðeins að tala um aðildarviðræður sem slíkar, heldur trúverðugar viðræður. Aðildarferlið hefur jákvæð áhrif á umsóknarlöndin meðan á viðræðum stendur, ekki aðeins þegar löndin hafa samþykkt inngöngu," sagði Füle á ráðstefnu ríkja Balkanskaga sem haldin var í Vínarborg.

Füle lét ummælin falla tveimur vikum eftir kosningar til Evrópuþingsins, kosningar þar sem flokkar andsnúnir frekari stækkun sambandsins unnu stórsigur.

Füle taldi frekari stækkun sambandsins vera öflugasta tæki ESB til að bæta efnahagsástand allra aðildarríkja sambandsins. -sa



**STEFAN FÜLE** Vill hraða aðildarferli umsóknarríkja. MYND/AFP

**„Ég er ekki aðeins að tala um aðildarviðræður sem slíkar, heldur trúverðugar viðræður. Aðildarferlið hefur jákvæð áhrif á umsóknarlöndin meðan á viðræðum stendur, ekki aðeins þegar löndin hafa samþykkt inngöngu.**

*Stefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins.*

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

MIÐNÆTURFJÖR Í SMÁRALIND

# Í KVÖLD

Allar verslanir opnar til miðnættis.
Afslættir, tilboð og skemmtilegir viðburðir!

**20.00** Palli jójó
**20.30** Popping dans með Brynjari Degi úr Ísland Got Talent
**21.00** Þórunn Antonía og Bjarni
**22.00** Diskólestin
**23.00** Popping dans með Brynjari Degi úr Ísland Got Talent
**21-23** Jazz með Óskari og Ómari Guðjónssonum

- **Legosýning og smiðja allan daginn**
- **Fegursta orðið – myndlistarsýning FÍT**
- **Spennandi kynningar, léttar veitingar og fleiri óvæntar uppákomur!**

SJÁÐU TILBOÐ Á NÆSTU OPNUM

# OPIÐ TIL 24




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 68870 06/14

**Optical Studio**
**20% afsláttur** af öllum vörum

**ÚTILÍF**
**20% afsláttur** af öllum vörum

**Síminn**
**Iphone 4S** 59.900 kr. í stað 67.900 kr.
**25% afsláttur** af Beats heyrnartólum

**T.G.I. FRIDAY'S**
**Frítt fyrir börn yngri en 12 ára** af barnamatseðli

**Smáratívolí**
**Útsölubrjálæði** 12.000 kr. inneign á aðeins 6.000 kr.
**Partýtilboð** 1 klst á 1.990 kr.

**JACK & JONES**
**15% afsláttur** af öllum vörum

**SELECTED**
**15% afsláttur** af öllum vörum

**VILA CLOTHES**
**15% afsláttur** af öllum vörum

**VERO MODA**
**15% afsláttur** af öllum vörum

**name it**
**20% afsláttur** af öllum vörum

**Levi's**
**30-40% afsláttur** af flestum vörum

**UNITED COLORS OF BENETTON**
**25% afsláttur** af öllum vörum

**All over the world**
**20% afsláttur** af öllum myndlistarvörum

**ESPRIT**
**20% afsláttur** af öllum vörum

**Café Adesso**
Valin kjúklingasalöt og Satay kjúklinga-lundir í speltbrauði **1.590 kr.** hver réttur

**Skómeistarinn**
**20% afsláttur** af yfirhalningu á gönguskóm

**DOGMA**
**20% afsláttur** af öllum vörum

**THE BODY SHOP**
**20% afsláttur** af verði allra vörutegunda

**JÓN & ÓSKAR**
**20% afsláttur** af öllum vörum

**Líf&List SMÁRALIND**
**20% afsláttur** af öllum glösum

**meba | rhodium**
**20% afsláttur** af íslenskum skartgripum

**PLUSMINUS OPTIC**
**25% afsláttur** af öllum vörum

**Drangey**
**20% afsláttur** af öllum vörum nema hörðum ferðatöskum

**Eymundsson**
**20% afsláttur** af öllum vörum nema Vitra vörum

**energia** RESTAURANT - KAFFI - BAR
Miðnæturfjörs-drykkur Energia **800 kr. glasið**

**66° NORÐUR**
**20% afsláttur** af 66° Norður vörum

**KARAKTER**
**10-30% afsláttur** af öllum vörum

**galleri sautján**
**10-30% afsláttur** af öllum vörum

**focus**
**Allt að 30% afsláttur** af öllum skóm

**gs skór**
**Allt að 30% afsláttur** af öllum skóm

**JÚNÍK**
**20% afsláttur** af öllum vörum

**Game stöðin / SKÍFAN**
**20% afsláttur** af öllum vínyl og tölvuleikjum

**DÚKA**
**20% afsláttur** af öllum vörum

**BOSSANOVA**
**15% afsláttur** af öllum skóm

**NOVA**
**Nova tvöfaldar símnotkun** sem fylgir snjall-símatilboðum
Stærsti skemmtistaður í heimi!

**Bata** Skóverslun Smáralind
**20% afsláttur** af öllum vörum

ALLAR UPPLÝSINGAR BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 68870 06/14

**25% afsláttur**
af öllum vörum nema 20% af snyrtivörum og Warehouse vörum
DEBENHAMS

**Afslættir,**
tilboð og flottir kaupaukar
LYFJA – Lífið heil

**20% afsláttur**
af öllum vörum ásamt öðrum tilboðum
BOYS

**20% afsláttur**
af öllum vörum ásamt öðrum tilboðum
smárar

**20% afsláttur**
af öllum vörum ásamt öðrum tilboðum
Ice in a bucket

**20% afsláttur**
af öllum vörum ásamt öðrum tilboðum
KITCHEN LIBRARY

**20% afsláttur**
af öllum vörum ásamt öðrum tilboðum
ORGINAL

**20% afsláttur**
af öllum vörum
CORNER

**20% afsláttur**
af öllum fatnaði, skóm og snyrtivörum
HAGKAUP – Ein ferð betra verð

**20% afsláttur**
af Kaffi Gull

**20-50% afsláttur**
af öllum vörum
HOLLAND & BARRETT – we're good for you

**20% afsláttur**
af völdum vörum
PANDORA – ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK

**20% afsláttur**
af öllum hárvörum nema Moroccan Oil vörum
MODUS Hárstofa SMÁRALIND

**Miðstærð af gosi**
fylgir með öllum máltíðum
SUBWAY

**20% afsláttur**
af öllum skóm
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

**20% afsláttur**
af öllum skóm
ecco

**20% afsláttur**
af öllum skóm
Kaupfélagið skór.is

**20% afsláttur**
af öllum vörum
AIR

**20% afsláttur**
af öllum skóm
skórnir þínir

**64GB Ipod Touch á 59.990 kr.,** 10 stk. 25% afsláttur af Skullcandy heyrnartólum og Joy Factory vörum
epli.is

**Besta verðið**
gildir á allar myndir allan daginn
SMÁRABÍÓ

**20% afsláttur**
af öllum vörum
CINTAMANI – WWW.CINTAMANI.IS

**20-50% afsláttur**
af öllum vörum
herra GARÐURINN – klæðir þig vel

**45% afsláttur**
af tveimur vinsælustu réttunum og ókeypis ísbar fylgir öllum máltíðum
Pizza Hut

**20% afsláttur**
af öllum vörum
TOPSHOP

**20% afsláttur**
af öllum vörum
DOROTHY PERKINS

**20% afsláttur**
af öllum vörum
evans.

**20% afsláttur**
af öllum vörum
KAREN MILLEN

**20% afsláttur**
af öllum vörum
MOA

**20% afsláttur**
af flestum vörum
DÝRABÆR

**3 fyrir 2**
þú kaupir 3 vörur en borgar fyrir 2
Dressmann

**3 fyrir 2**
XL Dressmann

**20-30% afsláttur**
af völdum vörum.
BJARKARBLÓM

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
**25-30% afsláttur**
af völdum vörum
MAKE UP STORE

**20% afsláttur**
af Hario kaffivörum, Karmellusveiflu, Sviss mokka og ferðamálum
Kaffitár

**Kavíar andlitskrem**
að verðmæti 9.900 kr. fylgir skráningu í KK klúbbinn (meðan birgðir endast)
BAÐHÚSIÐ

ALLAR UPPLÝSINGAR BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 68879 06/14




**VILLI Á SKJÖLDÓLFSSTÖÐUM** Skelmislegur og það hvín í tálknunum á honum þegar svo ber undir. Bændur á Jökuldal lentu í átökum vegna steinboga sem hindraði göngu laxfisks upp Dal. Villi hefur ekki mikið álit á gáfnafari þeirra sem stóðu í vegi fyrir því að það yrði lagað. MYND/STEFÁN SNÆR

# Verðandi stórlaxabóndi í Jökuldal

Vilhjálmur Snædal á Skjöldólfsstöðum segir Jöklu vera að breytast í bestu og flottustu laxveiðiá landsins. Hann talar tæpitungulaust. Ekki er hlaupið að því að koma böndum á Jöklu, einhverja öflugustu og úfnustu jökulá sem þekkist – en það hafðist að nokkru með Kárahnjúkavirkjun.

Jakob Bjarnar Grétarsson
jakob@frettabladid.is



Vilhjálmur Snædal, uppgjafabóndi á Skjöldólfsstöðum í Jökuldal, er að verða sjötugur. Ekki er svo að sjá að hann sé pensjónisti kominn að fótum fram – er síkvikur og hress og veður á honum. Vilhjálmur er eðlilegur og verður ekki ritskoðaður. Vert að vara lesanda við því strax, að talsmáti hans telst tæplega við hæfi í fínum teboðum. Þegar blaðamaður Fréttablaðsins falaðist eftir viðtali við Vilhjálm á Egilsstöðum á kosningadag, sagðist hann tortrygginn gagnvart einhverjum andskotans Evrópusinna að sunnan. Og setti á mikla ræðu um að það hlyti nú að vera eitthvað að í kolli þeirra sem héldu að Þjóðverjar og Angela Merkel ætluðu sér að gefa okkur eitthvað fyrir ekki neitt.

Skjöldólfsstaðir eru fyrir miðjum Jökuldal. Þar niður kemur þjóðvegur eitt í dalinn og fyrir ofan liggur Efri-Jökuldalur. Jökuldælingar eru sérstakir og frægir fyrir að bera enga virðingu fyrir klukku.

Þetta er engin þjóðsaga. Þegar bankað var upp á hjá Villa næsta dag, á Skjöldólfsstöðum, var klukkan orðin eitt og sól skein í heiði. Kona hans, Ásta Sigurðardóttir, kom til dyra og vakti bónda sinn. Hann snaraðist úr bæli sínu og fram og heilsaði útsendurum blaðsins með þessum orðum: „Nú, eruð þið þeirrar gerðar að geta ekki sofið vegna slæmrar samvisku?“ Ég benti honum á að ég hefði knúið dyra á næsta bæ við hliðina, þar sem sonur hans Þorsteinn Snædal býr, en hann hefur nú tekið við búinu, og sagði að hann væri fyrir löngu kominn á fætur. „Hann lýgur því!“

### Gullfalleg og tær bergvatnsá

En, hafa ber í huga að það var sveitarstjórnarkosningasjónvarp fram undir morgun þá um nóttina og Vilhjálmi líkaði nú ekki alveg niðurstaðan á Austurlandi. Sjálfur skipaði hann heiðurssæti á lista sjálfstæðismanna og til stóð að fella einn bæjarfulltrúa framsóknarmanna, sem Vilhjálmur hefur ekki miklar mætur á nema síður sé. Það tókst ekki þó fylgi „bölvaðra“ framsóknarmannanna hafi minnkað eitthvað. Þó hugmyndin sé að ræða við Villa á Skjöldólfsstöðum um Jöklu verður ekki hjá því komist að framsóknarmenn komi við sögu.

Kárahnjúkavirkjunin var formlega gangsett 30. nóvember árið 2007. Rúm sjö ár síðan þetta var. Þetta eru mestu umhverfisbreytingar sem farið hefur verið í og Jöklu var veitt eftir göngum yfir í Fljótsdal og þar út í Lagarfljót.

*Spurningin er, þú hefur búið við þessa á alla þín tíð. Hvernig hefur áin breyst við þetta?*

„Hún breytist náttúrlega andskoti mikið. Hún er eðlileg á vorin. Seinni part vetrar var aldrei nein leysing úr jöklinum, þá óðstu hér yfir á vaðinu út og niðri við Gauksstaði og gast gert það á venjulegum stígvélum hálfháum, oft þegar hún var lítil á vorin. Síðan kemur leysingin, eins og er í henni núna. Það verður lengri leysing núna af því að það er svo mikill snjór. Svo verður hún þessi tæri lækur, gullfalleg. Það er mesta breytingin, þegar jökulleysingin kemur ekki. Silfurtær bergvatnsá. Og þá segja menn, sjáðu nú til, ýmsir sem þykjast hafa vit á laxi, að þetta verði með fallegri laxveiðiám.“

### Jökla að verða mikil laxveiðiá

Þröstur Elliðason hjá Strengjum, hefur verið að vinna að seiðasleppingum í Jöklu nú um nokkurra ára skeið. Þröstur er sérfróður á því sviði, hann byggði upp Rangárnar sem slíkar og hefur yfirumsjá með Breiðdalsá, jafnframt. Vilhjálmur sér fyrir sér að Jökla verði mögnuð laxveiðiá.

„Hún hefur svo marga möguleika; mikið af flúðum og hyljum og öllum pakkanum. Gríðarlega góð segja fræðimenn eins og Guðni Guðbergsson, ótrúlega góð. Sem þeir hefðu ekki trúað fyrst. Það eru svo góð skilyrði fyrir lax í henni. Það er þessi leiðni í henni sem er 80 til 100, sem er mjög gott. Eitthvað sem þeir kalla svo. Kaldáin úti í Hlíðinni er 20. Jökla er miklu betri en Kaldáin og Laxá og þær ár sem koma úr Smjörsu,“ segir Vilhjálmur. Leiðni er tengd steinefnum í vatninu, gosefnum.

*Sérðu þá fyrir þér að þetta verði afburða laxveiðiá?*

„Jámm. Það var nú bara í fyrra sem var opnað. Það hefur veiðst heilmikið af laxi hérna allstaðar uppfrá, frá Hvanná og alla leið hér uppeftir. Í fyrra. Inn fyrir Arnórsstaði. En það var kannski ekki leitað nóg. Hvað hann fer langt? Hvort það þurfi að gera eitthvað á leiðinni uppeftir.“

*Með laxastigum?*

„Hvort það þurfi að laga eitthvað í einhverjum flúðum.“

### Bölvaðir framsóknarmennirnir

*En, þá mætið þið nú andstöðu framsóknarmannanna niðri Hlíð, eða hvað?*

„Við mættum því nú á sínum tíma.“

Lengi stóð mikill styr um steinboga nokkurn, sem er neðan við bæinn Hauksstaði sem liggur neðarlega í Dalnum, rétt ofan Jökulsárhlíðar. Steinbogi þessi þýðir einfaldlega að upp fyrir hann komst enginn lax. Nú hefur verið gerður stigi, eða skurður, fyrir laxinn. Þessi framkvæmd mætti mikilli andstöðu á sínum tíma. „Það var alveg ótrúlegt hvernig



**Í KAFFI Á SKJÖLDÓLFSSTÖÐUM** Villi var fremur ósáttur við að vera vakinn á ókristilegum tíma en útsendarar Fréttablaðsins voru á ferð uppúr hádegi. Villa þótti ástæðulaust að hafa sig til fyrir einhverja Evrópusinnaða kóna úr borginni. MYND/STEFÁN SNÆR

## JÖKLA ÚFIN OG ILL AÐ SJÁ

Jökla, eða Jökulsá á Dal eða Jökulsá á Brú, er ólgandi jökulsá á Austurlandi. Hún á upptök sín í Brúarjökli og fellur um Jökuldal, niður í Jökulsárhlíð þaðan sem hún rennur að ósi í Héraðsflóa.

Þegar útsendarar Fréttablaðsins voru á ferð þar á dögunum var hún úfin og ill að sjá. Miklar vorleysingar eru enda mikill snjór í fjöllum eystra eftir veturinn. Þverár og lækir steypast yfir heiðarbrún, niður dalshlíðar og út í Jöklu, sem lengi tekur við.

Eftir að áin var virkjuð með Kárahnjúkavirkjun fer megnið af jökulvatni árinnar um jarðgöng til Fljótsdals.

Áin er þannig orðin tær og bergvatnsá mestan hluta árs, nema í vorleysingum og þegar uppistöðulónið við Kárahnjúka, Hálsalón, er fullt en þá er jökulvatninu hleypt niður gljúfur þar sem Jökla hefur sorfið sér leið um hálendið og niður dal – verðandi stórlaxabændum í Jökuldal til nokkurrar hrellingar.



**JÖKLA VIÐ SKJÖLDÓLFSSTAÐI** Þegar ekki er hleypt yfirfallsjökulvatni í ána er hún gullfalleg bergvatnsá og hefur flest það til að bera sem prýða má afbragðs laxveiðiá. Mikið vatnasvæði er undir og áin furðu vatnsmikil þótt jökulvatnið hafi verið tekið frá. MYND/JAKOB



**MIKLAR VORLEYSINGAR** ár og lækir steypast hvítfyssandi niður hlíðar Jökuldals og út í á. MYND/JAKOB

þeir létu, framsóknarmenn; Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar, meðal annarra, með Hrafnabjargarmönnum frændum sínum. Þetta eru svo miklir aular. Þær sögðu kerlingarnar að það skal aldrei verða svo að helvítis Jökuldælingar fái laxinn okkar. Eins og þær hafi haldið það, greyin, að laxarnir myndu fljúga fram hjá þeim. Það vex gríðarlegur fjöldi af laxi í ánni.“

*Það hefur grundvallast á ríg frekar en einhverju sem heitið getur vit?*

„Já, það held ég að sé alveg öruggt. Það grundvallaðist á því að það er nefnilega þannig með mannskepnuna að mönnum er svo mismunandi léð frá drottins hendi. Starfsemin sem er í höfðinu, hún var ekkert endilega svo mikil. Hún var ekki notuð. Þetta var ekta framsóknarfólk, ágætt, en svo ómerkilegt.“

Vilhjálmur segir nú sögu til marks um ómerkilegheit framsóknarmanna, af því að þeir sem að ánni standa höfðu fengið vilyrði fyrir styrk frá Alcoa og einnig Landsvirkjun til að laga til við og í ánni, svo laxinn kæmist um. En, þeim framsóknarmönnum tókst að koma í veg fyrir að af styrkveitingu gæti orðið af hálfu Landsvirkjunar, svo mikill þótti þeim ófriður um málið.

**Hluti af afþreyingariðnaði**

Vilhjálmur á vart orð í eigu sinni til að lýsa þessum gerningi. Og er honum þó sjaldan orða vant. Þannig að það er rétt að beina talinu að einhverju öðru, svona uppbyggilegra.

*Sérðu þá fyrir þér að verða feitur laxabóndi hér fyrir miðjum Jökuldal?*

„Ég veit nú ekkert um það. En, snýst ekki lífið um það að … er þetta ekki afþreyingariðnaður, veiðin? Má ekki segja það? Eins og hvað annað sem verið er að gera fyrir ferðamenn? Ég held það. Og, við þurfum peninga hér til að lifa. Á þessu svæði. Og er ekki gott að hafa þá tekjur til þess? Ég sé ekki betur.“

*Nú fenguð þið ekki þær bætur sem þið tölduð að ykkur bæri fyrir Jöklu, þegar tappinn var settur í Kárahnjúkavirkjun, má þá ekki segja að þetta séu ansi ríflegar bætur; að fá heila laxveiðiá uppí hendurnar, sem þykir nú ekki ónýtt?*

„Jújú, það má alveg segja það. Bæturnar vildum við í upphafi en það var hent í Landsvirkjun eignarnámsheimild. Og þeir töluðu aldrei við okkur. Þeim datt það ekki í hug. Þeir voru af þeirri stærðargráðu í þjóðfélaginu, drengur minn. Þetta er svona eins og hrokagerði. Landsvirkjun. Þegar menn eru komnir á visst stig og hrokinn ræður ríkjum. Það gilda svo margskonar lög í landinu. Stjórnarskrá og mannréttindi gilda ekki nema um suma. Þið ættuð að vita þetta, en ég býst ekki við því að þið vitið þetta. Hvaða aðferð var höfð …Hefði það gengið að fara svona að landeigum og lóðaeigendum í kringum Reykjavík? Ef þeir hefðu átt svolítið af peningum líka? Þetta er bara svona.“

**visir.is**
Lengra ítarlegra viðtal við Vilhjálm Snædal má nálgast á Visir.is.


# Við eigum eins árs afmæli!

Afmælistilboð á fjölda heimilistækja frá Bosch og glæsilegri gjafavöru. Öll tilboð gilda til 6. júní eða á meðan birgðir endast. Verið velkomin!

Hér fyrir neðan má sjá nokkur sýnishorn af freistandi afmælistilboðum.



**Veggofn**
HBA20B121S
Stórt, 67 lítra ofnrými. Með fimm hitunaraðgerðum.
**Afmælistilboð: 59.900 kr.**
Verð áður: 89.900 kr.



**Kæliskápur, hvítur**
KGV36NW20
Orkuflokkur A+. LowFrost-tækni. CrisperBox-skúffa. Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.
**Afmælistilboð: 89.900 kr.**
Verð áður: 129.900 kr.



**Þurrkari**
WTE84103SN
Barkalaus. Tekur mest 7 kg. Hraðkerfi 40 mínútur.
**Afmælistilboð: 99.900 kr.**
Verð áður: 129.900 kr.



**Ryksuga, blá**
BSD3020
2000 W. 3,5 lítra ryksugupoki. Öflugar síur.
**Afmælistilboð: 14.900 kr.**
Verð áður: 19.900 kr.



**Þvottavél**
WAQ24461SN
Orkuflokkur A+++. Vindur upp í 1200 sn./mín. Tekur mest 7 kg.
**Afmælistilboð: 109.900 kr.**
Verð áður: 154.900 kr.



**Uppþvottavél, hvít**
SMU55M12SK
Orkuflokkur A++. 13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
**Afmælistilboð: 129.900 kr.**
Verð áður: 189.900 kr.

*Líttu inn og gerðu frábær kaup.*

BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Félagsþjónustan úthlutar hjólum úr söfnun Barnaheilla:

# Safna notuðum hjólum



Hjólasöfnun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi stendur til 15. júní næstkomandi. Þetta er í þriðja sinn sem staðið er fyrir söfnun á notuðum reiðhjólum fyrir börn og unglinga. Að þessu sinni er söfnunin í samstarfi við Æskuna barnahreyfingu IOGT og Íslenska fjallahjólaklúbbinn, að því er segir á vef Barnaheilla. Hjólunum verður safnað á endurvinnslustöðvum Hringrásar og Sorpu á höfuðborgarsvæðinu. Þau verða gerð upp og eru þau ætluð börnum sem ekki eiga kost á því að kaupa sér reiðhjól. Hægt er að sækja um hjól hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og í Reykjanesbæ. Hjólin verða afhent í júní. **- ibs**

Gripið var til aðgerða vegna lágra einkunna í sænskum skóla:

# Kennarar sendir á skólabekk



Þegar aðeins 39 prósent nemenda í níunda bekk í grunnskólanum í Ströveltorp fyrir utan Ängelholm í Svíþjóð fengu umsögnina viðurkennt í öllum námsgreinum ákváðu skólamálayfirvöld að setja kennara á skólabekk. Voru kennararnir látnir meta eigin kennslu og annarra. Fimm árum síðar fengu 90 prósent nemenda umsögnina viðurkennt, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá.

Kennurum í grunnskólanum í Ströveltorp fannst sjálfum skólinn lélegur og enginn fann úrræði til að bæta úr því. Kennarar voru þá látnir sækja 60 eininga háskólanámskeið. Kennararnir hafa auk þess setið í kennslustundum hver hjá öðrum, tekið upp kennsluna á myndband og gagnrýnt hver annan á uppbyggilegan hátt. **- ibs**

# Ekki láta lestur barnsins detta alveg niður í sumar

Algengt er að nemendum fari aftur í lestri viðhaldi þeir ekki lestrarfærni sinni yfir sumartímann. Mikilvægt að lesa tvisvar til þrisvar í viku. Mörg bókasöfn eru með lestrarátak. Þátttakendur fá umbun í lok sumars.

Mikilvægt er að börn haldi áfram að lesa að jafnaði yfir sumartímann þegar skólastarfi lýkur, ekki síst þau sem eru nýbúin að ná tökum á lestri og þau sem glímt hafa við lestrarerfiðleika. Þetta segir Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur við skólaskrifstofuna í Hafnarfirði.

„Það er mjög algengt að börnum fari aftur í lestri ef þau lesa ekki að sumarlagi. Þetta á sérstaklega við um börn sem eru með einhver frávik. Þegar þau koma aftur í skólann að hausti er staðan oft hjá þeim eins og á miðsvetrarprófi í janúar veturinn á undan. Þar með hefur heil vorönn tapast.“

Bjartey segir að líkja megi lestrarfærni við færni í að hlaupa langhlaup. „Ef við hættum að hlaupa í þrjá mánuði náum við ekki jafngóðum tíma og þegar við vorum í góðu formi. Ef börn hætta að æfa sig í lestri dregur úr lesfimi þeirra og lesturinn verður hægari og óþjálli.“

Til að koma í veg fyrir afturför er mikilvægt að börn lesi að jafnaði um það bil tvisvar í viku yfir sumarið, að sögn Bjarteyjar. „Ég veit um marga kennara sem nesta sína nemendur með fyrirmælum um að lesa heima yfir sumartímann. Margir setja upp umbunarkerfi og í sumum skólum hafa verið settar af stað lestrarkeppnir milli bekkja til að ýta undir sumarlestur,“ greinir Bjartey frá.

Hún leggur áherslu á að bóklestur efli orðaforða og bæti málskilning. „Æfi börn sig ekki í lestri að sumarlagi dragast þau einnig aftur úr hvað varðar málþroska.“

Mikilvægt er að foreldrar haldi áfram að lesa fyrir börnin sín þótt þau hafi náð tökum á lestri, að því er Bjartey bendir á. „Í byrjun er barnið einungis fært um að lesa mjög einfalda texta sem geta verið einhæfir og oft ekki í neinu samræmi við andlegan þroska og áhuga þess. Það er því mikilvægt að haldið sé áfram að lesa fyrir börn til að bæta málskilning þeirra og efla orðaforða þeirra. Þannig eru þau búin undir flóknari bækur sem þau þurfa að glíma við síðar meir.“

ibs@frettabladid.is



**Á BÓKASAFNI** Bjartey Sigurðardóttir talmeinafræðingur segir að foreldrar eigi að koma þeim boðum til barna sinna að það sé gaman að lesa skemmtilegar bækur og að lestrarstundir séu skemmtilegar samverustundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**„Æfi börn sig ekki í lestri að sumarlagi dragast þau einnig aftur úr hvað varðar málþroska.“**

*Bjartey Sigurðardóttir talmeinafræðingur*

## 6 RÁÐ UM LESTUR BARNA

**1. Lesið með barninu í sumar**
Látið barnið lesa tvisvar til þrisvar í viku. Þá viðhelst áunnin færni.

**2. Nýtið ykkur bókasöfnin**
Mörg bókasöfn eru með lestrarátak yfir sumartímann þar sem nemendur skrá hvað þeir lesa. Allir þátttakendur fá umbun í lok sumars.

**3. Hafið lesefnið hæfilega þungt**
Ef lesefnið er of þungt er hætta á að barnið missi móðinn. Gott viðmið er að nemandi geri ekki fleiri villur en fimm til sjö í 100 orða texta.

**4. Aukið fjölbreytnina**
Lesið til skiptis og lesið saman í kór. Foreldri getur líka lesið blaðsíðuna fyrst og svo barnið.

**5. Farið í skemmtilega leiki**
Ef barnið hefur ekki náð tökum á lestri má fara í skemmtilega leiki þar sem unnið er að því þjálfa upp hljóðavitundina og tengja hljóð við bókstafi. Nánari upplýsingar um slíkt efni má nálgast á Lesvefnum, lesvefurinn.hi.is, og á vef Námsgagnastofnunar, nams.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar fyrir foreldra.

**6. Lesið fyrir börnin**
Með því að halda áfram að lesa fyrir börnin batnar málskilningur þeirra og orðaforðinn eflist.

*Ráðin hér að ofan eru frá Bjarteyju Sigurðardóttur talmeinafræðingi.*


Dúnsængur
25% afsláttur
SUMARTILBOÐ
Dásamlegar dúnsængur sem færa þér einstakan svefn.
Eingöngu 100% náttúruleg efni, dúnn & bómull.

| Stærð | Áður | Nú |
|---|---|---|
| 140x200 | 39.990 | 29.990 kr |
| 140x220 | 44.900 | 33.742 kr |
| 100x140 | 16.990 | 12.735 kr |
| 70x100 | 12.990 | 9.742 kr |


100% dúnn & bómull
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 5332220 lindesign.is




**Í FRAMHALDSSKÓLA** Foreldrar geta ýtt undir jákvæðar tilfinningar í garð náms og skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Draga má úr brottfalli framhaldsskólanema:

# Uppeldisaðferðir skipta höfuðmáli

Til að auka skilning á þeim áhrifum sem foreldrar hafa á menntun barna sinna er mikilvægara að beina athyglinni að uppeldisaðferðum foreldranna í stað afmarkaðri þátta sem tengjast beint skólagöngu. Þessa ályktun dregur Kristjana Stella Blöndal, lektor við Háskóla Íslands, sem í næstu viku ver doktorsritgerð sína sem ber heitið Skuldbinding nemenda til náms og brotthvarf úr framhaldsskóla: Þáttur uppeldisaðferða foreldra. Verkefni hennar er byggt á langtímarannsókn á meðal íslenskra ungmenna.

„Tilgangurinn með rannsókn minni var að skoða hvaða skilaboðum ég gæti komið til foreldra til að valdefla þá til að styðja börn sín til að klára framhaldsskóla. Það sem virðist skipta meginmáli eru uppeldisaðferðirnar, það er að segja leiðandi uppeldi foreldra. Það er uppeldisaðferð sem einkennist af hlýju, stuðningi og hvatningu samtímis því sem sett eru skýr mörk og kröfur gerðar í samræmi við þroska. Það er ekki nóg að vera bæði hvetjandi og styðjandi og ekki nóg að gera kröfur heldur þarf þetta tvennt að fara saman. Þessir sameinuðu þættir virðast skipta meira máli en þátttaka foreldranna í sjálfri menntun barnanna. Leiðandi uppeldi gerir þau móttækilegri fyrir skilaboðum foreldra um mikilvægi menntunar og skuldbindingar til náms á unglingsárum,“ segir Kristjana Stella. **- ibs**



**KRISTJANA STELLA BLÖNDAL**


CHAENL DAGAR 5.-11. JÚNÍ Í HAGKAUP GARÐATORGI,
HOLTAGÖRÐUM, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
CHANEL kynnir Le Lift nýtt snjallkrem sem er hnitmiðuð meðferð sniðin
að þörfum hvers og eins. Le Lift kremið þéttir, sléttir og gefur húðinni raka.
Glæsilegur kaupauki* fylgir með kaupum á tveimur húðvörum.
*Meðan birgðir endast
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**LEIFSSTÖÐ** Ferðamönnum hefur fjölgað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ferðamönnum fjölgar enn:

## 300 þúsund þegar komin

**FERÐAÞJÓNUSTA Nærri 300 þúsund manns hafa sótt Ísland heim það sem af er ári. Fjölgunin nemur nær 70 þúsund ferðamönnum, samkvæmt nýjum tölum Ferðamálastofu.**

**Fjöldi ferðamanna sem fóru frá landinu í maí hefur aldrei verið meiri, en héðan fóru 66.700 í mánuðinum miðað við 55.600 í maí í fyrra. Fjöldi ferðamanna hefur nærri tvöfaldast frá árinu 2011. Fjölgun hefur einnig verið í hinum mánuðum ársins miðað við sömu mánuði í fyrra.**

**Ferðamönnum fjölgar frá velflestum löndum, þó mælist ekki fjölgun á meðal Þjóðverja og Norðmanna. Bandaríkjamenn og Bretar eru stærsti ferðamannahópurinn í maí líkt og í fyrra. Þeir ásamt Kanadabúum standa undir nærri helmingi allrar fjölgunar ferðamanna í maí.** - sa



**MIKILVÆG REYNSLA** Arnar S. Gunnarsson, öryggissérfræðingur hjá Nýherja.

Náði í tvær öryggisvottanir:

## Fékk vottun í tölvuhakki

Arnar S. Gunnarsson, öryggissérfræðingur hjá Nýherja, hefur hlotið tvær öryggisvottanir í tölvuhakki.

Annars vegar er um að ræða vottunina Computer Hacking Forensics á vegum Hacker University. Hins vegar Certified Ethical Hacker á vegum Promennt. Báðar gráðurnar eru vottaðar í gegnum fyrirtækið EC Council.

Arnar segir að báðar vottanirnar hafi gefið honum mikla viðbótarþekkingu í alhliðaöryggismálum tölvukerfa.

„Einkum var mikilvægt að fá sýn þess sem er að ráðast á tölvukerfi. Sú reynsla er í raun ómetanleg í vörnum gegn tölvuþrjótum,“ segir Arnar. - rkr

United Silicon mun að öllum líkindum ljúka jarðvegsvinnu á lóð fyrirtækisins í Helguvík í júlímánuði:

# Framkvæmdir við kísilver hefjast í sumar

Forsvarsmenn United Silicon hf. gera ráð fyrir að jarðvegsvinnu á lóð fyrirtækisins í Helguvík ljúki í júlímánuði og að unnt verði að hefja framkvæmdir við kísilver fyrirtækisins í beinu framhaldi.

Þessa dagana er unnið á stórum vinnutækjum við að jafna út efri hluta lóðarinnar en neðri hluti hennar er nánast tilbúinn, samkvæmt fréttatilkynningu Reykjanesbæjar.

Þar segir að gert sé ráð fyrir að verksmiðjan hefji starfsemi á fyrri helmingi 2016 og að fullum afköstum verði náð 2017. Kísilverið kemur til með að nota 35 megavött af afli en raforkusölusamningur við Landsvirkjun liggur fyrir.

Um 160 manns munu vinna við uppbyggingu verksmiðjunnar en um 70 starfa þar í fyrsta áfanga árið 2016. Áætluð ársframleiðsla kísilversins er 21 þúsund tonn af kísilmálmi og 7.500 tonn af kísilryki. Heildarfjárfesting fyrirtækisins hljóðar upp á 74 milljónir evra, eða tæplega 12 milljarða króna.

Eins og komið hefur fram stefnir Thorsil ehf. einnig að framleiðslu kísilmálms í Helguvík. Fyrirtækið hefur fengið úthlutað lóð við hliðina á United. Thorsil tilkynnti í síðustu viku um sölusamning á nær helmingi afurða sinna til næstu átta ára. Í framhaldinu var gengið frá fjárfestingarsamningi við Reykjanesbæ og ríkið. -hg



**HELGUVÍK** Mörg fyrirtæki hafa óskað eftir lóð á iðnaðar- og hafnarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Samningur um ívilnanir til risagróðurhúss liggur fyrir

Hollenska fyrirtækið Esbro þarf að ganga frá fjármögnun 150.000 fermetra gróðurhúss áður en samningur við stjórnvöld um ívilnanir verður undirritaður. Fjármögnun miðar ágætlega og framkvæmdir gætu hafist í haust.

Fjárfestingarsamningur á milli stjórnvalda og hollenska fyrirtækisins Esbro um ívilnanir vegna risagróðurhússins sem rísa á nálægt Grindavík liggur fyrir. Samningurinn verður ekki undirritaður fyrr en forsvarsmenn Esbro ganga endanlega frá fjármögnun verkefnisins og öðrum lausum endum.

Þetta staðfestir Kristján Eysteinsson, starfsmaður Esbro og umsjónarmaður verkefnisins hér á landi. Hann segir fjármögnun miða ágætlega og að það muni skýrast á næstu vikum hvort og þá hvenær framkvæmdir hefjist.

„Það er verið að vinna í fjármögnun verkefnisins með aðilum sem koma að þessu sem hluthafar og með lánastofnunum og ýmsum öðrum,“ segir Kristján.

Esbro leiðir fjármögnun gróðurhússins. Kristján segir ekki tímabært að gefa upp hvaða fjárfestar séu þegar komnir að verkefninu. Þar sé um að ræða bæði innlenda og erlenda aðila. Áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í haust en þær áttu upphaflega að fara í gang snemma á þessu ári.

„Þetta hefur tekið lengri tíma en menn ætluðu eins og gerist oft í stórum verkefnum sem þessu. Það er mín skoðun að áætlanir varðandi fjármögnun og undirbúning hafi verið of brattar. Menn voru einfaldlega of bjartsýnir á að geta klárað þetta á skemmri tíma en raun ber vitni,“ segir Kristján. Hann bendir á að önnur stór fjárfestingarverkefni í Helguvík og á Bakka við Húsavík hafi tekið lengri tíma en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir.



**„Okkar hlutverk er að ganga frá skipulaginu og við erum í viðræðum við ríkið, sem er landeigandinn, um leigu eða kaup á lóðinni undir húsið.**

*Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkur*

Hollenska fyrirtækið vill reisa tvö gróðurhús og þjónustubyggingu undir framleiðslu á tómötum til útflutnings. Byggingarnar yrðu staðsettar í Mölvík, um tíu kílómetra fyrir utan Grindavík, og samtals um 150 þúsund fermetrar að stærð. Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður um 35 til 40 milljónir evra eða um 5,4 til 6,2 milljarðar króna. Drög að samningi um kaup á 35-40 megavöttum af raforku við HS Orku liggja fyrir.

„Það vill svo til að þetta land er mjög gott og því þarf ekki að fara í mikla jarðvinnu. Engu að síður þarf að setja allt út fyrir húsinu en það mun koma síðan í gámum og verður sett saman á staðnum, stál, ál og gler.“

Ef fjárfestingarsamningurinn verður undirritaður mun fyrirtækið fá afslátt af ýmsum opinberum sköttum og gjöldum og meðal annars greiða lægri fasteignaskatt til Grindavíkur.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkur, segir bæinn hafa gengið frá öllum skipulagsmálum í mars.

„Boltinn er núna hjá fyrirtækinu. Okkar hlutverk er að ganga frá skipulaginu og við erum í viðræðum við ríkið, sem er landeigandinn, um leigu eða kaup á lóðinni undir húsið.“

haraldur@frettabladid.is



**GRINDAVÍK** Heildartekjur bæjarins vegna uppbyggingar Esbro gætu orðið um 60 milljónir króna á ári. MYND/ODDGEIR KARLSSON

**„Þetta hefur tekið lengri tíma en menn ætluðu eins og gerist oft í stórum verkefnum sem þessu. Það er mín skoðun að áætlanir varðandi fjármögnun og undirbúning hafi verið of brattar. Menn voru einfaldlega of bjartsýnir á að geta klárað þetta á skemmri tíma en raun ber vitni.**

*Kristján Eysteinsson, umsjónarmaður gróðurhúsaframkvæmda Esbro á Íslandi.*



# HM DAGAR

## Í SAMSUNG-SETRINU



## Full búð af sjónvarpstilboðum

SAMSUNG

### TIL DÆMIS:

**SAMSUNG** UE46/50F5005

LED SJÓNVARP · 100 Hz. · Full HD 1920x1080p
· Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist · Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

**TILBOÐ#1:**
**46"= 159.900**
**TILBOÐ#2:**
**50"= 199.900**



**SAMSUNG** UE48/55H6675ST

LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV

Skjár: Micro Dimming fyrir betri svartann lit · AllShare: Auðvelt að streyma frá öðrum raftækjum í Smart TV · Betri örgjörvi: Quad Core tryggir frábært viðmót í Smart TV · Sérstakt *Football Mode* sem gerir íþróttaviðburði líflegri · Endalaust úrval af frábærum forritum í Smart Hub · USB upptaka og afspilun · Tvenn þrívíddargleraugu fylgja með og tvær góðar fjarstýringar · Hægt að stýra afruglara með sjónvarpsfjarstýringu · Gervihnatta móttakari

**TILBOÐ#3:**
**48"= 249.900**
**TILBOÐ#4:**
**55"= 349.900**

*Frábær kaup á mögnuðu tæki!*

**NÝTT!**
2014/2015 módel



**SAMSUNG** UE55F8005

GLÆSILEGT VERÐLAUNATÆKI

***„BESTA SMART TV Á MARKAÐINUM 2013-214"***

LED SJÓNVARP · 1000 Hz. · Full HD 1920x1080p

**TILBOÐ#5:**
**55"= 529.900**

EISA AWARD
Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000



**VEITUM**
**20% AFSLÁTT** AF ÖLLUM HEIMABÍÓUM við kaup á sjónvörpum á HM-DÖGUM

FIFA WORLD CUP Brasil 2014

BRASILÍA

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK
VERSLANIR UM LAND ALLT

**SAMSUNG SETRIÐ**
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

# SKOÐUN

Setjum fyrirvara við hrifninguna af Kína:

## Fjöldamorð þaggað niður

Í gær voru liðin 25 ár frá því kínversk stjórnvöld frömdu fjöldamorð á mótmælendum á Torgi hins himneska friðar í Peking. Mörg hundruð manns, aðallega ungt fólk, voru drepin fyrir að krefjast mannréttinda, frelsis og lýðræðis.

Mikill viðbúnaður var af hálfu stjórnvalda í Peking í gær til að koma í veg fyrir að grimmdarverkanna yrði minnzt með nokkrum hætti. Í aðdraganda tímamótanna hafa útsendarar Kínastjórnar sett að minnsta kosti 66 andófsmenn í varðhald eða stofufangelsi, að því er mannréttindasamtökin Amnesty International hafa staðreynt. Gengið hefur verið enn lengra í að þagga niður alla umræðu en fyrir fimm árum, þegar 20 ár voru liðin frá atburðunum.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Kínversk stjórnvöld hafa aldrei viðurkennt glæpina sem voru framdir 4. júní 1989. Þau hafa raunar lagt mikið á sig til að reyna að fá þáttakendur í mótmælunum á torginu til að gleyma því líka hvað átti sér stað.

Í gær birtust í bandarískum fjölmiðlum viðtöl við Fang Zheng, einn af námsmönnunum sem mótmæltu á torginu 1989. Hann missti báða fætur þegar skriðdreki ók yfir hann. Hann hafði þá rétt náð að bjarga meðvitundarlausri stúlku frá því að verða undir skriðdrekanum. Strax á sjúkrahúsinu, þar sem hann var til meðhöndlunar, reyndu útsendarar stjórnvalda að fá hann til að viðurkenna að hann hefði beitt ofbeldi og skriðdrekastjórinn ekki átt annars kost en að aka yfir hann.

„Það fyrsta sem þeir vildu að ég gerði var að gleyma sannleikanum, snúa staðreyndunum á haus. Þetta var stöðug barátta. Þeir vildu að ég hylmdi yfir það sem gerðist," segir Fang í viðtali við Epoch Times. Honum var síðar neitað um að taka þátt í íþróttamótum fatlaðra nema hann lygi til um hvernig hann missti fæturna. Eftir 20 ára baráttu, þar sem stöðugt var lagt að honum að segja ekki sannleikann, flutti hann til Bandaríkjanna.

Amnesty krafðist þess í gær af Kínastjórn að hún viðurkenndi mannréttindabrotin 1989, efndi til opinberrar rannsóknar á atburðunum og drægi þá til ábyrgðar sem stóðu fyrir fjöldamorðunum. Amnesty krefst þess líka að aðstandendum fórnarlambanna verði greiddar bætur og áreitni og ofsóknum á hendur þeim sem ræða opinberlega um atburðina verði hætt.

Það er ágætt að rifja upp þegar ráðamennirnir okkar brosa á myndum með kínverskum kollegum sínum og tala um gildi aukins samstarfs við Kína hvers konar ríki er um að ræða. Þótt Kína hafi tekið upp markaðsbúskap er það ekki frjálslynt lýðræðisríki. Það er einræðisríki, þar sem mannréttindabrot og skoðanakúgun er daglegt brauð.

Það er sjálfsagt að eiga samskipti og viðskipti við Kína eins og önnur ríki, en íslenzk stjórnvöld eiga að nota öll tækifæri til að taka undir kröfur Amnesty og fleiri mannréttindasamtaka um að þessi partur kínverskrar sögu verði gerður upp. Hjörleifur Sveinbjörnsson, sem bjó lengi í Kína, benti á það í grein í Fréttablaðinu í gær að slíkt uppgjör, á hvaða formi sem væri, væri til marks um stefnubreytingu hjá kínverskum stjórnvöldum. Við eigum að nýta tengsl okkar við Kína til að ýta undir slíka breytingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert að marka

Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, fór í þagnarbindindi eftir kosningar og heyrðist ekkert frá henni í tvo sólarhringa. Flokkurinn sendi frá sér stuttaralega tilkynningu í gær þar sem sagði að ákveðið hefði verið að hefja formlegar viðræður við Bjarta framtíð um myndun meirihluta. Oddviti Bjartrar framtíðar lýsti því yfir í fyrradag að allir flokkar ættu að vinna saman, hann vildi breiða samstöðu. Oddvitar VG og Samfylkingar lýstu því yfir opinberlega að þetta þætti þeim góð hugmynd, það heyrðist hins vegar ekkert í sjálfstæðismönnum. Fjarðarpósturinn segir að annaðhvort hafi ekki verið vilji hjá Sjálfstæðisflokknum fyrir breiðri samstöðu eða það hafi ekkert verið að marka yfirlýsingar Bjartrar framtíðar. Það hljóta að vera meiri líkur en minni á að þagnarbindindið hafi verið vegna þess að sjálfstæðismönnum hugnaðist ekki að öll dýrin í skóginum væru vinir.

### Einfalda leiðin

Björt framtíð er líka í meirihlutaviðræðum í Kópavogi. Björt framtíð hefur aldrei lýst því yfir að það væri skynsamlegast að allir myndu stjórna saman þar. Ármann Kr. Ólafsson virðist sigla hratt og örugglega í bæjarstjórastólinn.





### SUF utan þjónustusvæðis

Á Fésbókarsíðu Sambands ungra framsóknarmanna birtist fræg færsla rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar, þar sem moskuummæli Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur voru fordæmd. Færslan fékk ekki að lifa lengi á síðunni og var snögglega kippt út. Stjórn SUF virðist nú öll vera stödd utan þjónustusvæðis, því frá því að færslan fór inn og út af síðunni hefur enginn stjórnarmaður SUF látið ná í sig. Blaðamaður gafst upp á að reyna að ná í Helga Hauk Hauksson, formann SUF, í gegnum síma og sendi honum skilaboð í gegnum Fésbók. Formaðurinn hefur séð skilaboðin en hefur ekki viljað svara.

johanna@frettabladid

## HALLDÓR




## Níunda hver mínúta

HJÁLPARSTARF



**Ástbjörn Egilsson**
verkefnisstjóri Stífkrampaverkefnisins á Íslandi

Fátt er fallegra og gleðilegra en fæðing barns. Hafi allt gengið að óskum í fæðingunni tekur við tími mikillar eftirvæntingar hjá foreldrum. Þeir hlakka til að fylgjast með nýjasta fjölskyldumeðlimnum taka þau stórkostlegu þroskaskref sem fram undan eru og umvefja hann ást og umhyggju.

Foreldrar sem búa á þeim svæðum í heiminum þar sem enn fyrirfinnst stífkrampi geta hins vegar ekki leyft sér að gleðjast með þessum hætti. Ekki strax. Við tekur óttafullur tími. Skyldi barnið hafa smitast? Ef barnið hefur smitast af stífkrampa í fæðingunni er fátt hægt að gera til að bjarga því. Þau vita það.

Stífkrampi er skæður sjúkdómur með öra og afar kvalafulla framrás. Hann smitast úr umhverfinu í opin sár og er algengasta smitleiðin í naflasár hvítvoðunga. Sjúkdómurinn var afar aðgangsharður á Íslandi á árum áður. Sem dæmi létust 60-80% nýfæddra barna í Vestmannaeyjum um miðja nítjándu öld og í Grímsey létust fimm börn úr stífkrampa árið 1904, en á þeim tíma bjuggu rétt rúmlega 80 manns í eyjunni.

Í dag er stífkrampi hins vegar óþekktur hérlendis, þökk sé bættum lífsgæðum og bólusetningum. Bólusetning er eina leiðin til að koma alfarið í veg fyrir sjúkdóminn en byrjað var að bólusetja gegn honum hérlendis árið 1952.

**➜ Stífkrampi er skæður sjúkdómur með öra og afar kvalafulla framrás.**

Þrátt fyrir að hægt sé að koma í veg fyrir sjúkdóminn með bólusetningu deyja árlega 60.000 ungbörn og mæður úr stífkrampa. Það er á níu mínútna fresti! Meirihluti þeirra býr á svæðum þar sem konur eru fátækar og hafa takmarkaðan aðgang að heilsugæslu og upplýsingum um öruggar fæðingar.

Kiwanis og UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, eiga að baki afar árangursríkt samstarf í baráttunni fyrir bættum lífsgæðum barna á heimsvísu. Áður hafa samtökin verið í samstarfi í baráttunni gegn joðskorti hjá börnum og skilaði það gríðarlegum árangri. Nú hafa samtökin tekið höndum saman á ný til að útrýma stífkrampa. Við vitum að það er hægt. Á síðustu 20 árum hefur dánartíðni nýbura vegna stífkrampa lækkað um heil 90%.

Við hjá Kiwanis biðlum til almennings að aðstoða okkur í þessari baráttu. Með því að senda sms-ið STOPP í númerið 1900 er hægt að styrkja baráttu okkar um 630 krónur – eða sem nemur níu bólusetningum. Ekkert barn á að þurfa að deyja af orsökum sem jafnauðvelt er að koma í veg fyrir og stífkrampa.

# Hin hliðin á þjóðrembunni

SAMFÉLAG



**Sighvatur Björgvinsson**
fv. ráðherra

Mikið veður hefur verið gert út af ummælum oddvita Framsóknarflokksins í Reykjavík um meinta andúð á múslimum. Öfugt við marga aðra kenningasmiði held ég ekki að þarna sé um að ræða úthugsað samsæri um að snúa Framsóknarflokknum til öfgastefnu fasista til þess að afla atkvæða í gruggugum polli þegar allt annað var þrotið.
Ég held að málið sé miklu einfaldara. Byrjandi í pólitík með enga reynslu og harla litla þekkingu jafnvel á samþykktri stefnu síns eigin flokks en með tiltekna persónulega tengslasögu við múslimska borgara í útlöndum, gerði sér ekki þau sannindi ljós að einstaklingur sem valinn er til þess að leiða hóp flokkssystkina sinna í kosningabaráttu verður að hafa gætur á því hvað hann segir. Frambjóðandinn gerði sér ekki ljóst að slíkur einstaklingur í oddvitasæti talar fyrir fleiri en sjálfan sig og ummæli eins og þau sem viðhöfð voru teljast vera gefin fyrir framboðsins hönd. Svo festi frambjóðandinn sig fyrr en varði í sinni eigin bullinkollu og spriklaði þar eins og fiskur fastur á öngli. Festist æ meir því meir sem spriklað var. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þeir fjölmörgu, góðu Framsóknarmenn sem ég þekki munu taka að sér að uppfræða þennan byrjanda á vígvelli framboða um einföldustu undirstöðuatriði og trúi ekki öðru en hún muni læra þegar fram í sækir – svona þegar góðir félagar úr flokknum og reynslan taka höndum saman um að hjálpa til við heimalærdóminn.

### Draugur vakinn úr myrkri þjóðarsál

Ég hef því sannast sagna ekki miklar áhyggjur af því að Framsóknarflokkurinn sé að verða fasískur þótt byrjanda í framboði blautum á bak við bæði eyrun hafi illa orðið fótaskortur á eigin tungu. Ég hef miklu meiri áhyggjur af því að sú bullinkolla vakti upp mikinn og óvæntan stuðning í hópi íslenskra kjósenda sem mættu fúsir til leiks þegar foringi gaf sig fram sem að minnsta kosti sýndist vera að flytja boðskap fasisma um ekki bara óvild heldur blint hatur á tilteknum hópi mikils minnihluta Íslendinga. Miklu verri er þó eftirleikurinn. Þegar þessi hópur veitti fordómum sínum og hatri útrás á blogginu með heiftúðugu orðbragði og jafnvel líflátshótunum.

### Getur ekkert sjálft – nema æpt og hótað

Nú er það vel þekkt úr evrópskri sögu að sá hópur einstaklinga sem móttækilegastur er fyrir slíkum boðskap og blindu hatri á minnihlutahópa og útlendinga er yfirleitt fólk sem er illa upplýst, illa að sér, illa skrifandi og illa máli farið og þarfnast því einhvers foringja sem getur komið orðum að þeim hugsunum sem þrífast þarna í myrkum afkimum þjóðarsálar. Það ræður ekki við að taka sjálft þátt í upplýstri umræðu, hvað þá heldur að færa þekkingarleg rök fyrir skoðunum sínum en er umsvifalaust mætt öllum að óvörum þegar slíkur málflutningur öðlast einhvers konar viðurkenningu í orðræðum einhvers foringja. Þá er það mætt tilbúið jafnvel til ofbeldisverka ef á þarf að halda, æpandi fúkyrði með hnefana á lofti.
Þessi sögusannindi koma óhjákvæmilega í hugann þegar lesið hefur verið bloggið og hlustað hefur verið á innhringingarnar þennan sólarhring sem liðið hefur frá kosningaúrslitunum í Reykjavík. Satt er það að ekki er þar víða fyrir að fara mikilli uppfræðslu, ekki mikilli þekkingu, ekki miklum orðaforða umfram sóðaskap, blót, ragn, heift, og heitingar, ekki mikilli málvöndun og varla getu til þess að stafsetja á skiljanlegri íslensku algengustu orð tungunnar eins og reynt hefur þó verið að kenna yngstu börnum fjögurra kynslóða. Margt af þessu fólki fengi hvergi inni í prentmiðlum en lætur sig hafa það að koma fyrir augu alþjóðar á netinu með þennan grunnfærna hatursboðskap, jafnvel undir mynd af sjálfu sér með fjölskyldunni!

**➔ Miklu verri er þó eftirleikurinn.**

### Sagan endurtekin?

Ritstjóri Morgunblaðsins mun hafa sagt eitthvað á þá leið að umræðuna um hatursfulla afstöðu margra Íslendinga til útlendinga og minnihlutahópa þurfi að fara að taka ef ekki á illa að fara. Það er rétt hjá honum að tími er kominn til þess að draga þessa skoðanahópa, sem nú tjá sig ákafast á netinu, fram í dagsljósið og láta þá standa fyrir máli sínu opinberlega svo það komi áþreifanlega í ljós á hve þunnri þekkingu og á hve veikluðum röksemdum málflutningurinn hvílir. Þegar það hefur verið eftirminnilega opinberað held ég að fáir myndu vilja láta aðra kenna sig við aðild að þeim „hæfileikahópi“. Og þó? Það skyldi þó aldrei vera?!? Það skyldi þó aldrei vera að slíkt hugarfar sé hin hliðin á íslensku þjóðrembunni? Þannig var það í nasistaríkinu þýska. Þar var fasisminn einfaldlega hin hliðin á þjóðrembu „aríanna“. Þannig getur sagan endurtekið sig – og á til að gera það stundum.

# Að næra ótta

SAMFÉLAG



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Í umræðum formanna stjórnmálaflokkanna á kosninganótt lét ég þau ummæli falla að íslensk stjórnmál hefðu glatað sakleysi sínu með moskuútspili Framsóknarflokksins og eftirleik þess. Mig langar að skýra þetta frekar.

Við viljum líta á okkur sem fordómalaust og umburðarlynt samfélag og eigum erfitt með að viðurkenna annað. Og víst er um það að um margt hefur íslenskt samfélag verið til fyrirmyndar. Nægir þar að nefna hversu hratt við höfum snúist frá fordómum til umburðarlyndis gagnvart samkynhneigðum. Og okkur finnst gott að halda þeirri hlið að umheiminum að við stöndum saman gegn fordómum, eins og best sást þegar við sendum Pollapönk til útlanda með þau skilaboð nú nýverið.

En í þessu felst líka að við höfum kannski forðast að horfast í augu við það að fordómar eru til. Við sem höfum tekið þátt í stjórnmálum vitum það mætavel. Íslensk stjórnmál hafa hins vegar hingað til byggt á ákveðinni samstöðu um að gera þá ekki að pólitískum veiðilendum.

Á því varð breyting í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Moskuútspil Framsóknarflokksins var vissulega eftirtektarvert fyrir það sem var beinlínis sagt en enn frekar fyrir það hvernig og hvenær það var sagt og hvernig því var leyft að liggja án skýringa til að gefa óttanum undir fótinn. Formanni flokksins – sem líka er forsætisráðherra landsins – var í lófa lagið að stemma þessa á að ósi en hann kaus beinlínis að gera það ekki. Með því tryggði hann flokknum ávinning af hinum hálfkveðnu vísum. Við höfum ýmis dæmi um sérkennilegan málflutning af hálfu Framsóknar að þessu leyti á undanförnum misserum. Þess vegna hlýtur Framsóknarflokkurinn að þurfa að skýra nákvæmlega afstöðu sína í útlendingamálum.

Niðurstaða kosninganna er sú að útspil af þessum toga geta aflað stjórnmálaafli fylgis. Það er barnaskapur að halda að það gerist ekki aftur. Þvert á móti er árangur Framsóknarflokksins í Reykjavík nú þess eðlis að óhjákvæmilegt er að einhver öfl – ný eða gömul – munu róa á þessi mið fyrir næstu kosningar. Við því þarf að bregðast.

### Ræðum um staðreyndir

Við verðum að takast á við þessa nýju stöðu og leggja betri grunn að umræðu um útlendinga og innflytjendur.

Ísland liggur í þjóðbraut vegna breyttra atvinnuhátta. Land sem fær nú stærstan hluta útflutningstekna af ferðaþjónustu mun aldrei aftur geta verið lokað útlendingum með sama hætti og var fyrir opnun landsins með EES-samningnum. Land sem tekur á móti hátt í milljón ferðamönnum á ári getur aldrei aftur haft útlendingaeftirlit á skemmtistöðum og biðröð í vegabréfaskoðuninni eins og í gamla daga.

Með sama hætti þurfum við sífellt fleira fólk til að vinna störf sem Íslendingar kjósa að vinna ekki. Sú þróun var hafin fyrir EES-samninginn og hún mun halda áfram þótt við myndum freista þess að loka okkur af. Það sem mestu skiptir er að það fólk og börn þess njóti ekki lakari kjara en Íslendingar og geti orðið hluti af íslensku samfélagi og öðlast möguleika á að afla sér menntunar og betri starfskjara, kynslóð fram af kynslóð.

En við þurfum að viðurkenna að það er manninum eðlislægt að bera ótta í brjósti gagnvart hinu ókunna og þar með fólki af framandi uppruna og við getum ekki áfellst fólk fyrir þær tilfinningar. Viðbragðið hlýtur að vera að ræða þær áhyggjur sem valda ótta og grennslast fyrir um áhyggjuefnin. Greina hvaða ótti á við rök að styðjast og hver ekki. Umræðan þarf að snúast um staðreyndir. Um sum óttaefnin ræði ég í annarri grein.

**➔ En við þurfum að viðurkenna að það er manninum eðlislægt að bera ótta í brjósti gagnvart hinu ókunna og þar með fólki af framandi uppruna og við getum ekki áfellst fólk fyrir þær tilfinningar. Viðbragðið hlýtur að vera að ræða þær áhyggjur sem valda ótta og grennslast fyrir um áhyggjuefnin. Greina hvaða ótti á við rök að styðjast og hver ekki. Umræðan þarf að snúast um staðreyndir.**




10 km
3 km

HEILSUHLAUP
Krabbameinsfélagsins
er í dag, fimmtudaginn 5. júní

Pollapönk ræsir hlauparana af stað kl. 19:00
við hús Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8.

Hægt er að velja þriggja kílómetra skokk eða göngu að Öskjuhlíð og til baka, eða tíu kílómetra hlaup suður fyrir Reykjavíkurflugvöll og til baka.

Tími mældur hjá öllum aldursflokkum: 14 ára og yngri, 15-18 ára, 19-39 ára, 40-49 ára, 50-59 ára og 60 ára og eldri.

Verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í karla- og kvennaflokki fyrir báðar vegalengdir auk fjölda veglegra útdráttarverðlauna. Allir sem ljúka hlaupinu fá viðurkenningarpening.

Helga Camilla hjá World Class hitar hlauparana upp kl. 18:40. Happ býður öllum upp á súpu að hlaupi loknu. Eðal Toppur og Latabæjar Brazzi í boði Vífilfells. Þá fá allir Hleðslu frá Mjólkursamsölunni.

Forskráning á hlaup.is til hádegis í dag.
Skráning hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíð 8 til kl. 18:00.

**Þátttökugjald:**
500 krónur fyrir 14 ára og yngri
1.500 krónur fyrir 15 ára og eldri

World Class Iceland · Optical Studio · Hleðsla · toppur · Sportís · Hreysti · Ginger · Mata · Subway · margt smátt · Beiersdorf · Salka · happ · Bílabúð Benna · Tímataka · Krabbameinsfélagið

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Fyrir minna en

CHOCOLATE CHIP COOKIES
159 kr. 150g

JACOB'S CLUB ORANGE
198 kr. 8 stk.

Cadbury fingers milk chocolate
198 kr. 125g

BISCUITS WITH MILK CHOCOLATE

BISCUITS WITH DARK CHOCOLATE
159 kr. 125g

198 kr. 4 stk
NÝBAKAÐIR **Kjarnakubbar**

X-Large HAMBORGARABRAUÐ
159 kr 4 stk.

HEINZ TOMATO KETCHUP
159 kr 570g

DANSKE GULERØDDER
159 kr.500g
DANSKAR **Gulrætur** 500g

198 kr. 4 stk
NÝBAKAÐIR **Birkikubbar**

Cronions
119 kr 100g
**Steiktur laukur** 100g

169 kr. kg.
FRÁ BRETLANDI **Kartöflur í lausu**

198 kr. 4 stk
NÝBAKAÐIR **Kornkubbar**

159 kr 250g
HOLLENSKIR **Kirsjuberjatómatar**

198 kr. kg.
Frá Spáni **Rauð melóna**

HEIMILISBRAUÐ
159 kr. 385g.
Myllu **Heimilisbrauð** 385g

198 kr 250g
HOLLENSKIR **Sveppir 250g**

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
n 200 krónur
HOMEBLEST
198 kr. 300g
Póló
198 kr. 250g
Café Noir
198 kr. 200g
198 kr. 250g
BÓNUS HAFRAKEX
198 kr. 225g
Doritos
195 kr. 170g
Doritos allar gerðir 170g
HLEÐSLA
179 kr. 330ml
Hraun BITAR
195 kr. 200g
KitKat
189 kr. 3 pk
ÆÐI BITAR
195 kr. 200g
Kolsýrt vatn
129 kr 2 ltr.
pepsi
pepsi MAX
195 kr. 2 ltr.
Florida
169 kr. 1 ltr.
Egils PILSNER
79 kr. 500ml
BÓNUS
119 kr. 1 ltr.
Bónus samloka
Bónus samloka
MÁNUDAGA
MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA
198 kr. STK.
NÝJAR BÓNUS SAMLOKUR
Mánud.-miðvikud.-föstudaga.
5 stk.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
260g
149 kr 5 stk.
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
69 kr. 250ml
Floridana HEILSUSAFI
59 kr. 250ml
BÓNUS
119 kr. 3 x 250ml
BÓNUS
119 kr. 3 x 250ml
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
Coca-Cola
79 kr. 330ml
Mountain Dew
Egils APPELSÍN
mix
pepsi MAX
pepsi
7 UP
75 kr. 330ml
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

# Verðum við ósýnileg með aldrinum?

Fjölmennustu árgangar Íslandssögunnar eru nú að eldast og innan 10 til 15 ára mun fjölga verulega í þeim hópi sem verður 55 ára og eldri. Þessi hópur er núna um 78.000 manns, en eftir rúmlega 15 ár verða um 113.000 manns í þessum aldurshópi, sem er um 45 prósenta fjölgun frá því sem nú er.

Ef horft er á þá fjölmiðla sem við notum dags daglega fer afar lítið fyrir umfjöllun um líf og störf þessa hóps. Hvaða fjölmiðlar eru til dæmis að fjalla um samband foreldra við uppkomin börn sín og tengdabörn, eða hvernig best er að hátta sambandinu við barnabörnin? Hvernig lífið breytist með aldrinum, svo sem þarfir okkar í húsnæðismálum? Að ekki sé talað um fjármálin sem breytast þegar líður á ævina. Og hvað með samband við vini og hvernig við önnumst veikan maka? Hvar er verið að fjalla um það?

SAMFÉLAG



Erna Indriðadóttir
fjölmiðlakona

Vissulega hafa Félög eldri borgara í landinu fjallað um þetta í sínum tímaritum og einnig hefur komið út aukablað með Morgunblaðinu síðustu misseri þar sem fjallað er um málefni fólks sem er komið yfir miðjan aldur. En þessa umfjöllun er ekki að finna í þeim fjölmiðlum sem við notum að staðaldri, sem eru kallaðir „mainstream“ fjölmiðlar í fræðunum.

### Afgangsstærð

Það vantar að vísu ekki umfjöllun þar um heilsu, mataræði, heimili, barnauppeldi og slíkt, en yfirleitt beinist sú umfjöllun meira og minna að yngra fólkinu í samfélaginu. Það er frábært, en þýðir ekki að þar með sé þessi umfjöllun tæmd. Tugþúsundir manna hafa einfaldlega aðrar áherslur en unga fólkið og um þær ætti einnig að fjalla.

Þá virðist sem elsta fólkinu okkar finnist það stundum sett hjá í samfélaginu. Að það upplifi jafnvel að það sé litið á það sem „afgangsstærð“ í samfélaginu og að almennt sé lítill áhugi á málefnum sem varða það sérstaklega. Því finnst að minnsta kosti að það sé verk að vinna að skapa jákvæðara viðhorf samfélagsins í garð þeirra sem eldri eru, ef marka má framtíðarþing um farsæla öldrun sem var haldið í fyrrasumar í Reykjavík.

# Svarti Pétur

Nú þegar sveitarstjórnarkosningar með sinni óvæntu trúarbragðaumræðu eru að baki langar okkur að fylgja eftir grein okkar sem birtist í Morgunblaðinu og á vef þjóðkirkjunnar, tru.is, þann 30. maí sl. og bar heitið stóra moskumálið. Þar leiddum við rök að því að þau viðhorf sem forysta Framsóknar í Reykjavík bar fram varðandi stöðu ólíkra trúarbragða í borginni sé í grunninn ekki svo fjarri því viðhorfi sem Siðmennt hefur haldið á lofti og hlotið stuðning fráfarandi mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar.

Framsóknarforystan í borginni mælir fram með meirihlutavaldi í trúarefnum á meðan mannréttindaráðsmenn vilja í krafti sama valds halda orðræðu trúarbragða utan almannarýmisins en einskorða hið opinbera samtal við almenn siðgildi byggð á veraldlegri heimsmynd og mannhyggju. Í grein okkar hvetjum við til þess að farin sé þriðja leiðin þótt ekki sé hún fyrirhafnarlaus; að ástunda samræðu og miðla gildum þvert á allar hugmyndir um aðgreiningu hins opinbera lífs frá einkalífinu.

Segja má að tvær tilfinningar hafi einkennt moskumálið eins og það birtist í þjóðarsamtalinu. Annars vegar lá andúð í loftinu og var markvisst beitt á báða bóga og svo var öll umræðan líka skammar-miðuð ef svo má að orði komast.

Andúð og skömm eru sterkar tilfinningar sem eiga mikla viðspyrnu innra með okkur hverju og einu. Þyngsta skömm sem hægt er að hugsa sér er líklega sú að vera viðfangsefni andúðar í eigin samfélagi. Þar vill enginn lenda. Þess vegna hendum við andúðinni og skömminni á milli okkar, enginn vill sjá þær stöllur en miklu heldur hafa þær á tryggum stað hjá einhverjum öðrum; framsóknar-rasistum, pólitískum réttrúnaðar-popúlistum, síðskeggjuðum handhöggvandi heiðursmorða-múslimum eða ¥°€∑åß∆µ˜∫√ç~Ω!

Svo lýkur kosningum, rykið sest og við erum öll hér og það er enginn að fara neitt. Þá er þörf á að ræða saman og reyna að skilja hvað gerðist.

Hvernig stendur á því að önnur eins tilfinningabylgja skuli geta gengið yfir eina þjóð og haft augljós pólitísk áhrif? Þar sem er reykur þar er eldur segja menn. Eins mætti segja: Þar sem er andúð þar er skömm.

### Tími samræðunnar

Skyldi andúðin sem leyst var úr læðingi í moskumálinu m.a. eiga rætur í sameiginlegri skömm? Allt frá því við hjónin vorum ungt háskólafólk á 9. áratugnum og „uppakynslóðin“ var og hét teljum við að tilfinning almennings fyrir því að vera peð í samfélaginu hafi farið stigvaxandi og að hún hafi náð vissum hæðum í fjármálabólunni og hruninu. Auðvitað eru engar svona skýringar tæmandi. Samt grunar okkur að dræm kjörsókn ásamt andúðar- og skammarmiðaðri kosningaumræðu eigi að hluta til skýringu sína í því að stórir hlutar samfélagsins upplifi sig setta til hliðar með einum eða öðrum hætti og að þjóðin sem heild sé þjökuð af þeirri spennu sem fylgi vaxandi mismunun.

Hvers vegna ætti maður að taka þátt í kosningum í samfélagi sem sífellt skammar mann og bregður fyrir mann fæti? Og þegar hið opinbera samtal er lítið annað en skömm og ásökun, andúð og afsakanir er þá ekki rökrétt að grípa fegins hendi þegar kostur gefst á því að varpa skömminni á tiltekna þjóðfélagshópa? Ég er þó ekki síðskeggjaður múslimi eða grunsamlegur innflytjandi frá Austur-Evrópu. Ég er þó ekki hættulegur og óhreinn eins og sumir. Og þegar allt er hvort eð er ekkert annað en keppni um að koma sér að er þá ekki best að vera í góða liðinu, hafa fallegustu og réttustu skoðanirnar og vera slyngastur við að koma þeim á framfæri svo að maður sé örugglega hreinn og geðfelldur, óumdeildur og jafnvel sérfræðingur!

TRÚMÁL



Bjarni Karlsson og Jóna Hrönn Bolladóttir
prestar

**➜ Hvernig stendur á því að önnur eins tilfinningabylgja skuli geta gengið yfir eina þjóð og haft augljós pólitísk áhrif? Þar sem er reykur þar er eldur segja menn. Eins mætti segja: Þar sem er andúð þar er skömm.**

Í nútímasamfélagi skammar og andúðar eru sérfræðingar þeir einu sem eru hólpnir, því þeir hafa engin trúarbrögð. Sérfræðingurinn er sá eini sem ekki þarf að skammast sín. Hann gefur álit en óhreinkar sig ekki, horfir án þess að snerta, gaumgæfir til þess að meta en er sjálfur ósnertur af öllu og öllum. Hann á sjónarhorn guðsins sem dó einhvers staðar í allri óreiðunni – hið hlutlausa sjónarhorn.

Getur hugsast að nú sé að renna upp tími samræðunnar? Að við getum farið að setjast yfir verkefnið að vera manneskjur, hræddar og auðsæranlegar manneskjur sem erum hvert og eitt að reyna að finna út úr tilverunni og óttumst ekkert meir en þá stöðu að við eða börnin okkar sitji uppi með Svarta Pétur við spilaborð lífsins?





BMW X5
www.bmw.is
Hrein akstursgleði

AKTU FRAMFÖRUM

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bíll í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla dísilvél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

**Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!**

**BMW X5 - 5,8 l/100 km.* Verð frá 10.490 þús. kr.**

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

ENNEMM / SÍA / NM61736

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000




# HM VEISLA Á SPORT 2!

Stöð 2 Sport 2 mun sýna 18 leiki í beinni frá HM í Brasilíu. Allir leikirnir með Aroni Jóhannssyni og félögum í bandaríska landsliðinu og stórleiki eins og m.a. England – Ítalía. HM-messan verður svo á sínum stað þar sem Gummi Ben stýrir alvöru umfjöllun fyrir hvern leik kl. 21:10.

**Ekki missa af þessum magnaða íþróttaviðburði!**

180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum




**Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!**

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjöldi hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM! Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum pökkum.

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# Ímynd íslenskra matvæla

FISKELDI



Orri Vigfússon
formaður NASF – Verndarsjóðs villtra laxastofna

Íslenskur efnahagur hvílir að mestu leyti á nýtingu náttúrunnar, hvort sem er við matvælaframleiðslu, ferðamennsku eða virkjun orkuauðlinda. Miklu skiptir að nýtingin sé sjálfbær. Íslenskar fiskafurðir njóta þess í verðlagningu á mörkuðum erlendis að villtir fiskstofnar hér við land eru heilbrigðir og sjálfbærir vegna vel stýrðra veiða úr hreinum sjó. Sami hreinleiki náttúru landsins er helsta söluvaran til ferðamanna. Erlendir neytendur borga fyrir þá fullvissu íslenskar vörur séu náttúruleg og vistvæn afurð og ferðamenn fyrir að íslensk náttúra sé hrein og óspillt. Þetta þýðir á markaðsmáli að ímynd Íslands á heimsvísu einkennist af hreinleika og sjálfbærni. Falli blettur á þá ímynd verður erfitt að má hann brott.

Ímyndarþróun er ekki ný af nálinni, flestir tengja tilteknar vörur við ákveðin lönd: osta og vín við Frakkland, súkkulaði við Belgíu, viskí við Skotland. Í þessu ljósi er mikið í húfi þegar teknar eru ákvarðanir sem geta haft áhrif á hreinleika og sjálfbærni íslenskrar náttúru enda væri kjörið að tengja fisk og aðrar sjávarafurðir við Ísland. Til að svo geti orðið þarf að koma til samstillt átak. Illa ígrunduð stefna í umhverfismálum spillir möguleikum okkar til að vinna með ímyndina um heilbrigðan villtan fisk frá Íslandi.

Opið sjókvíaeldi hefur nú verið fullreynt í nágrannalöndum okkar. Það hefur sannarlega skilað fáeinum einstaklingum miklum auði en jafnframt skapað ótæpilegan og óumdeildan umhverfisvanda sem nú er reynt að bregðast við með ýmsum ráðum. Laxastofnar hafa hrunið í mörgum norskum ám, mest vegna áhrifa frá opnum laxeldiskvíum. Það er því ekki að ástæðulausu sem allt sjókvíaeldi á laxi hefur verið bannað í Alaska af ótta við að lífríkið skaðist með tilheyrandi tjóni fyrir ímynd landsins á alþjóðamörkuðum. Þar er í staðinn lögð áhersla á að veiða og selja villtan fisk í hæsta gæðaflokki um allan heim.

**Óháð úttekt**

Trúverðugleiki og uppruni eru mikilvæg atriði þegar kemur að markaðssetningu á íslenskri vöru. Í fyrirhuguðum eldisáformum er um að ræða norskan eldislax sem á að ala í íslensku vistkerfi. Því munu koma fram athugasemdir ef hann verður kynntur á mörkuðum sem íslenskur lax. Alþjóðlegu samtökin Slow Food, sem beita sér fyrir skynsamlegri nýtingu auðlinda og varðveislu matarhefða, viðurkenna ekki fiskeldi í opnum kerfum sem umhverfisvæna matvælaframleiðslu.

Í dreifðum byggðum landsins getur fiskeldi í smáum stíl vissulega skapað hagnað en gæta verður þess að reksturinn valdi ekki spjöllum á náttúrunni.

Af þeim fyrirtækjum sem hyggja á sjókvíaeldi við Ísland hefur Fjarðalax sýnt einna mesta varkárni í umhverfismálum. Margt jákvætt er að finna í þeirra fyrirætlunum, svo sem áætlanir um kynslóðaskipt eldi og hvíld fjarða. Það er engu að síður sannfæring NASF að villtum löxum á Íslandi og orðspori íslensks sjávarútvegs verði best borgið með því að leyfa alls ekki laxeldi í opnum sjókvíum hér við land. Hyggilegra væri að skipa sér í framvarðarsveit þeirra sem nú þróa nýjar aðferðir við eldi í lokuðum kerfum eða á landi. Við slíkt eldi gæti Ísland notið þess að búa að vistvænni, staðbundinni orku og hreinu vatni – sem gæti lækkað kostnað sem óhjákvæmilega hlýst af hinni nýju tækni.

**➜ Næsta skref í laxeldi á Íslandi ætti að vera óháð úttekt á rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni laxeldis hér við land, áður en ráðist verður í stækkanir eldisstöðva sem byggðar eru á úreltum aðferðum. Við þá úttekt yrði að kanna nýjar tæknilausnir og meta allar kostnaðartölur með langtímasjónarmið í huga, þar með talin umhverfisáhrif og markaðshorfur.**

Næsta skref í laxeldi á Íslandi ætti að vera óháð úttekt á rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni laxeldis hér við land, áður en ráðist verður í stækkanir eldisstöðva sem byggðar eru á úreltum aðferðum. Við þá úttekt yrði að kanna nýjar tæknilausnir og meta allar kostnaðartölur með langtímasjónarmið í huga, þar með talin umhverfisáhrif og markaðshorfur.

Í haust er fyrirhuguð ráðstefna á vegum NASF, Líffræðifélags Íslands og Stofnunar Sæmundar fróða við HÍ þar sem fjallað verður um efnahagslegan og samfélagslegan ávinning af laxeldi; málefni sem stjórnvöld hljóta að láta sig varða.

# Fagleg deiliskipulagsvinna við Skógafoss

SKIPULAG



Ísólfur Gylfi Pálmason
sveitarstjóri

Undanfarið hefur tillaga um breytingu á deiliskipulagi á Ytri-Skógum á svæðinu við Skógafoss verið í auglýsingu og kynningu. Í upphafi var kappkostað að ná samstöðu í sveitarstjórn um tillöguna en sú samstaða brást á ögurstundu. Ástæða breytingarinnar er sú að áhugasamir aðilar vilja fjárfesta í uppbyggingu á hóteli og aðrir í uppbyggingu á þjónustusvæði. Það er skylda sveitarstjórnar að sinna þeim sem vilja stuðla að atvinnuuppbyggingu og það er í raun hvatinn að breytingartillögunni en um leið að bregðast við stórauknum ferðamannastraumi á þessum fallega stað. Það er deginum ljósara að við verðum að vanda okkur mjög í þessu máli og í deiliskipulagstillögunni eru sett skýr ákvæði um mannvirkin og útlit þeirra.

Nú hefur náðst samstaða sveitarstjórnar Rangárþings eystra að eftir að skipulagsnefnd sveitarfélagins hefur fengið í hendur athugasemdir við tillöguna, verði hún og athugasemdirnar sendar óháðum aðila til skoðunar, umfjöllunar og ráðgjafar. Þessir óháðu aðilar eru Rannsóknarmiðstöð í skipulagsfræðum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Þegar niðurstöður rannsóknarmiðstöðvarinnar liggja fyrir mun skipulagsnefnd og síðan sveitarstjórn taka endanlega ákvörðun um framvindu málsins.

**Stóraukinn ferðamannastraumur**

Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir að nauðsynlegt er að bregðast við stórauknum ferðamannastraumi við Skógafoss og reyndar víðar í sveitarfélaginu. Vegur, bílastæði og fleira þessu tengt er ekki lengur í takt við tímann og annar ekki þeirri umferð sem fer um svæðið. Ljóst er að ferðamenn sækja í aukna afþreyingu og þjónustu á ferðamannastöðum og eðlilegt er að atvinna og eftirtekja skapist af komu þeirra og heimsóknum til sveitarfélagins.

Skýrt skal tekið fram að hér er um tillögur að ræða en ekki beinar ákvarðanir og sérstakt athugasemdaferli hefur átt sér stað eins og lög gera ráð fyrir.

Með þessu viðbótarferli minnka líkur á að um óafturkræf „skipulagsslys“ verði að ræða og að fagleg sjónarmið ráði för en ekki tilfinningar eða hagsmunagæsla. Undirritaður hefur borið þessa aðferðafræði undir nokkra virta umhverfissinna sem telja hana til mikillar fyrirmyndar og að ljóst sé að hér sé um mjög fagleg vinnubrögð að ræða.

**➜ Með þessu viðbótarferli minnka líkur á að um óafturkræf „skipulagsslys“ verði að ræða og að fagleg sjónarmið ráði för en ekki tilfinningar eða hagsmunagæsla.**

Það skal skýrt tekið fram að sveitarfélagið fer með skipulagsvald við Skóga sem og annars staðar í sveitarfélaginu eins og lög gera ráð fyrir. Hins vegar þegar kemur að því að úthluta lóðum á Skógum er það í valdi héraðsnefnda Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en ekki sveitarstjórnar Rangárþings eystra. Alls standa fimm sveitarfélög að héraðsnefndunum. Það er því ljós að umfjöllun um þetta mál er langt frá því að vera lokið.




50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford F350 Super Duty 4x4 Crew Cab 6,7 Power Stroke V8 440 hö dísil, tog 1166 Nm, 6 þrepa sjálfskiptur TorqShift® SelectShift Automatic™.
Verð inniheldur hraðatakmarkara. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# OPIÐ TIL KL. 22.00

## Í SMÁRATORGI FIMMTUDAGINN 5. JÚNÍ



Boston sófi 149.900,-
**nú 119.920,-**

A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME



Boston stóll 99.990,- **nú 79.920,-**



Boston sófi / miðstærð 279.900,- **nú 223.920,-**



Boston sófi / stór 299.900,- **nú 239.920,-**

**20% AFSLÁTTUR Á BOSTON SÓFUM**








ANTON&BERGUR

## 20% AFSLÁTTUR Á BOSTON SÓFUM OG SUMARVÖRUM

the PIER





Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



†

Þökkum öllum sem sendu okkur hlýjar kveðjur vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÁSLAUGAR THORLACIUS.**

**Örnólfur Thorlacius** **Rannveig Tryggvadóttir**
**Kristín Rannveig Thorlacius**
**Kristín Bjarnadóttir**
**Hallveig Thorlacius** **Ragnar Arnalds**
**Kristján Thorlacius** **Ásdís Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Dóttir okkar, systir, mágkona og móðursystir,

**SOLVEIG THORLACIUS**

lést sunnudaginn 1. júní á líknardeild LHS. Hún verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju föstudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Ásdís Kristinsdóttir** **Kristján Thorlacius**
**Áslaug Thorlacius** **Finnur Arnar**
**Sigrún Thorlacius** **Pálmi Jónasson**
**Sigríður Thorlacius**
**Hera, Salvör, Ásdís, Kristján, Auður, Hallgerður, Helga, Kristín og Áslaug.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁSGEIR ÓLAFSSON**
**frá Grænumýri á Seltjarnarnesi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli að kvöldi þriðjudagsins 3. júní.

**Ólafur Ásgeirsson**
**Eirný Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg Ásgeirsdóttir**
**Magnús Ásgeirsson** **Sigríður Jóna Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**SVAVARS GUÐNA GUÐNASONAR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á taugalækningadeild B2 og þeirra sem í minningu hans hafa styrkt börnin hans.

**Brynhildur Dögg Guðmundsdóttir**
**Karen Dögg, Alexander Guðni og Elvar Breki**

**Guðni B. Svavarsson** **Kristín G. Ólafsdóttir**
**Guðmundur St. Sigmundsson** **Elvira Viktorsdóttir**
**Elín H. Guðnadóttir** **Stefán Einarsson**
**María B. Guðnadóttir**
**Elín Ósk Guðmundsdóttir** **Kristján Karl Kolbeinsson**



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GERÐUR HJALTALÍN**
**Efstasundi 24, 104 Reykjavík,**

lést mánudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Langholtskirkju, föstudaginn 6. júní, kl. 15.00.

**Vilberg Sigtryggsson**
**Stefán Vilbergsson** **Salka Rún Sigurðardóttir**
**María Vilbergsdóttir** **Þorgeir Sigurðsson**
**Sigurbjörg Vilbergsdóttir** **Skúli Hilmarsson**
**og barnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUNNAR BENEDIKT BENEDIKTSSON**
**Blöndubakka 7, Reykjavík,**

lést laugardaginn 31. maí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Starfsfólk líknardeildar fær sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýju. Útförin mun fara fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 11. júní klukkan 15.00.

**Jóhanna Pétursdóttir og fjölskylda**
**Guðlaug Erla Gunnarsdóttir** **Birgir Óli Einarsson**
**Gunnar Oddgeir Birgisson**
**Þórunn Hvönn Birgisdóttir**

**ÞETTA GERÐIST:** 5. JÚNÍ 1968

## Robert Kennedy myrtur



Robert Kennedy, öldungadeildarþingmaður og bróðir hins myrta forseta Johns F. Kennedy, var skotinn á Ambassador-hótelinu í Los Angeles þennan dag árið 1968, eða fyrir 46 árum. Hann lést daginn eftir.

Skotárásin átti sér stað stuttu eftir að Kennedy hélt þrumandi sigurræðu yfir stuðningsmönnum sínum en hann hafði þá unnið áfangasigur í forkosningum í Kaliforníuríki.

Kennedy var á leið út um bakdyr á hótelinu þegar hinn 22 ára palestínski Sirhan Sirhan vatt sér upp að honum með uppúllað kosningaplakat þar sem hann faldi byssu sína. Hann var aðeins í nokkurra skrefa fjarlægð þegar hann skaut nokkrum skotum að Kennedy, sem var 42 ára. Sirhan var yfirbugaður en þá höfðu fimm manns særst.

Sirhan játaði verknaðinn við réttarhöld og var dæmdur til dauða. Dómurinn var afturkallaður árið 1972 og hefur Sirhan setið í fangelsi síðan.

# Kenndi Íslendingum smíði samúræjasverða

Íslandsmótið í eldsmíði var haldið í annað sinn í Görðum á Akranesi um síðustu helgi. Bandarískur eldsmiður kenndi Íslendingum allt um damaskus-aðferðina.

„Þetta gekk alveg glæsilega,“ segir Guðmundur Sigurðsson, formaður félagsins Íslenskir eldsmiðir, sem var stofnað fyrir fimm árum.

Íslenskir eldsmiðir héldu eldsmíðahátíð og eldsmíðamót í samstarfi við Safnasvæðið á Akranesi í Smiðjunni á Akranesi um síðustu helgi. Boðið var upp á byrjendanámskeið í eldsmíði, fyrirlestra og sýningar á handverki.

„Það var reytingur af fólki allan tímann. Það rigndi svolítið en fólk lét það ekki stoppa sig,“ segir Guðmundur um aðsóknina. Einn af fyrirlesurunum var bandarískur eldsmiður sem fór yfir damaskus-aðferðina. „Þetta er svipuð aðferð og er notuð við gerð samúræjasverða. Hann fór yfir hvernig maður kveikir saman mismunandi stál í munsturstál til að gera svoleiðis sverð eða hnífa. Það var nú ekki búið til neitt samúræjasverð en það var búinn til hnífur með damaskusmunstri,“ segir Guðmundur. „Stálið er mis-kolvetnaríkt. Þegar það er sett í sýru vinnur hún mismunandi á stálinu og þannig kemur munstrið fram.“

Á hátíðinni voru einnig smíðuð hnífsblöð eða eldstál úr járni sem hafði verið bakað í átta klukkustundir í hólki sem var fylltur með kolum og beinamjöli. Aðferðin hefur mikið verið notuð við að búa til þjalir. Einnig bjó Daníel Kristjánsson frá Þingeyri til hníf úr togaravír.

Alls tóku tólf eldsmiðir þátt í Íslandsmeistaramótinu en á annan tug manna sótti námskeið fyrir byrjendur sem var haldið á fimmtudags- og föstudagsmorgni.

Beate Storme, norsk listakona og bóndi sem býr í Kristnesi í Eyjafirði, bar sigur úr býtum. „Þetta er í annað skipti sem við keppum á Íslandsmeistaramóti. Hún var í barneignum síðast, þannig að við sluppum,“ segir Guðmundur og hlær en Beate er mjög fær á sínu sviði. „Hún hefur unnið meira við þetta en við hinir.“

freyr@frettabladid.is



**AÐ STÖRFUM** Bandaríski fyrirlesarinn kenndi Íslendingum hvernig á að beita damaskusaðferðinni. MYND/PÓRARINN JÓNSSON

**HNÍFUR ÚR TOGARAVÍR** Hnífurinn sem Daníel Kristjánsson bjó til úr togaravír. MYND/PÓRARINN JÓNSSON

# Fyrsta Sólstöðutangóhátíðin

Tangóævintýrafélagið heldur tangódanshátíð með þekktum erlendum gestakennurum.

„Tangóheimurinn er opinn öllum, bæði einstaklingum og pörum,“ segir Rut Ríkey Tryggvadóttir, einn skipuleggjenda fyrstu alþjóðlegu Sólstöðutangó-hátíðarinnar á Íslandi sem fram fer dagana 5.-8. júní.



**RUT RÍKEY TRYGGVADÓTTIR**

Hátíðin er haldin á Northen Light Inn í Svartsengi í Grindavík á vegum Tangóævintýrafélagsins í samstarfi við Helen „La Vikinga“ Halldórsdóttur, tangókennara og tangóskóhönnuð. „Við erum dugleg að brydda upp á nýjungum á hverju tangóballi og erum með nýtt þema hverju sinni. Stór partur af tangónum er að klæða sig upp og draga sig út úr hversdagsleikanum,“ segir Rut Ríkey.

Nafn hátíðarinnar vísar í bjartar nætur á Íslandi og bendir Rut á að Sólstöðutangóhátíðin sé einnig ákveðin landkynning fyrir erlenda aðila sem koma hingað til að dansa og njóta landsins og náttúrunnar í leiðinni. „Fólk sem kynnist tangódansinum ferðast gjarnan til að hitta aðra og því finnst okkur gaman að geta blandað þessu saman að vera með Sólstöðuhátíðina til að kynna Ísland og laða erlenda dansara að.“ Tónlistarfólkið Juanjo Passo bandoneonleikari og Hedda Heiskanen fiðluleikari munu opna hátíðina með sérstökum tónlistarflutningi úti í hrauninu í Grindavík undir miðnætti í kvöld ásamt sópransöngkonunni Svanlaugu Jóhannsdóttur. Í kvöld, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld verða svokölluð Milongur eða tangóböll en hátíðarballið verður haldið á laugardagskvöldið í Salthúsinu í Grindavík. Hægt er að skoða dagskrána á heimasíðu Tangóævintýrafélagsins, tangoadventure.com.



**TANGÓ FYRIR ALLA** Þegar fólk dansar tangó gleymir það stað og stund.

marinmanda@frettabladid.is



**BRÚÐUBÍLLINN Í ÁRBÆJARSAFNI**
**Brúðubíllinn heimsækir Árbæjarsafn í dag kl. 14 og sýnir leikrit júnímánaðar, Ys og þys í brúðubílnum. Söngur, sögur og leikrit. Í heimsókn koma hvorki meira né minna en sjö kiðlingar ásamt mömmu sinni, fjórir boltar og svo auðvitað hann Krummi sem heimtar að syngja með krökkunum.**


ÚTSKRIFTARGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
iittala
10% afsláttur
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955


# EKKI LÁTA STIRÐLEIKA EÐA VERKI STOPPA ÞIG

**GENGUR VEL KYNNIR** *Við mikið álag og eftir því sem árin færast yfir getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Nutrilenk Gold hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum sem þjást af verkjum og stirðleika í liðum. Það hjálpar til við uppbyggingu brjósks og getur komið í veg fyrir frekari liðskemmdir.*

Mjög margir finna fyrir óþægindum og verkjum þegar liðfletirnir núast saman, sérstaklega í liðamótum í mjöðmum, hrygg og hnjám. Áralöng reynsla og rannsóknir á Nutrilenk gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni. Margir læknar mæla með Nutrilenk og sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar hafa góða reynslu frá sínum skjólstæðingum.

**GETUR MINNKAÐ LIÐVERKI**

Nutrilenk Gold er frábært byggingarefni fyrir brjóskvef og getur minnkað liðverki, brak í liðum og stirðleika. Það er gert úr sérvöldum fiskibeinagrindum sem samkvæmt rannsóknum eru ríkar af virku og nýtanlegu kondritíni, kollagenum, mangani og kalki og hjálpar til við uppbyggingu brjósks og getur komið í veg fyrir frekari liðskemmdir.

## FRÁBÆR REYNSLA!



**HÁKON HRAFN SIGURÐSSON ÞRÍÞRAUTARMAÐUR:** Nutrilenk Gold hjálpar mér að geta stundað þríþraut af kappi. Ýmsar rannsóknir í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum hafa sýnt fram á jákvæða virkni innihaldsefna í Nutrilenk án þess að þau séu skráð sem lyf.



**RAGNHEIÐUR GARÐARSDÓTTIR LEIKSKÓLAKENNARI:** Ég er greind með slitgigt í mjöðm og verkirnir voru orðnir hreint helvíti á jörð. Eftir að ég byrjaði að taka Nutrilenk Gold öðlaðist ég nýtt líf.



**NANCY GEORGSDÓTTIR, ÞRIGGJA BARNA MÓÐIR:** Ég var með stöðuga verki vegna grindargliðnunar um árabil. Eftir aðeins sex daga notkun á Nutrilenk Gold fór ég að finna fyrir bata og núna þori ég ekki fyrir mitt litla líf að sleppa því!




**SÖLUSTAÐIR**
Nutrilenk Gold fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is

**AFSLÁTTUR**
20% afsláttur af Nutrilenk Gold á 90 taflna glasinu á öllum útsölustöðum í júní


Hausverkur Ekki þjást MigreLief
Mígreni.is
MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn

Sumarlegar blússur og slæður í úrvali
Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ
Loksins alvöru INNOVATION svefnsófar
18 cm poka-gormakerfi
Komdu og prófaðu!
Svefnsófi Cube 90 Deluxe
Stærð svefnflatar 90x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
149.900
Svefnsófi Cube 140 Deluxe
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
199.900
Svefnsófi Supramax Deluxe
Stærð svefnflatar 155x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
249.900
12 mán. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
KORTER.IS
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



# Á YFIR 40 YFIRHAFNIR

**DÍVA** *Tíska er ákveðið tjáningarform að mati Önnu Karenar, ritstjóra Tískudívunnar. Hún er jakkafrík og á erfitt með að standast flotta yfirhöfn.*

Tískudívan Anna Karen Ellertsdóttir er ritstjóri nýrrar tískusíðu á Spyr.is sem heitir einfaldlega Tískudívan. „Ég verð meðal annars með vikulegan þátt í Spyr Sjónvarpi en upphaflega hugmyndin var sú að vera með kennslumyndbönd þar. Hugmyndin þróaðist út í það að fara heim til þekktra einstaklinga og fá þá til að opna fataskápinn sinn. Í fyrsta þættinum fór ég til Jóhönnu Guðrúnar söngkonu og fékk að forvitnast um hennar fatastíl. Við ætlum að halda því áfram og opna fleiri fataskápa ásamt því að vera með kennslumyndbönd, til dæmis mun ég kenna áhorfendum að sauma einfalda flík og einhverja förðun. Svo verður líka bloggað um allt sem viðkemur tísku inni á Tískudívunni.“

Anna Karen hefur haft áhuga á tísku og förðun frá blautu barnsbeini og er með stúdentspróf af listabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti þar sem hún lærði fatahönnun. Auk þess er hún förðunarfræðingur. Rauði þráðurinn í hennar stíl er pönkaralegur en hún hefur gaman af alls kyns tilraunastarfsemi. „Ég fæ aðallega innblástur frá öðru fólki og umhverfinu. Ég get ekki sagt að ég eigi einhverja tískufyrirmynd en mér finnst Kate Moss töff og hönnuðurinn Alexander Wang flottur. Mér finnst flottast þegar fólk hefur persónulegan stíl og finnst það hvernig hver og einn klæðir sig vera ákveðið tjáningarform. Ég er ósammála því að fötin skapi manninn, það er frekar þannig að maðurinn geti nýtt fötin til að tjá sig.“

Hún hefur gaman af því að fara á útsölur og róta í fötum og finna eitthvað sem enginn annar vill eiga. „Þetta er spurning um að sjá möguleikana í fötunum. Ég finn til dæmis eitthvað sem er úr flottu efni og breyti því svo eftir mínu höfði. Einnig finnst mér gaman að breyta gömlum fötum sem ég á og gefa þeim nýtt líf. Undanfarið hef ég gert mikið af því þar sem ég er búin að vera í háskóla í nokkur ár og þá er ekki hægt að eyða miklu. Þegar ég á pening aflögu er ég hins vegar fljót að eyða honum í föt. Fyrir sumarið langar mig að fá mér flotta sandala, léttan sumarkjól og litríka slæðu. Það væri líka gaman að eiga bikini til skiptanna þar sem ég fer mikið í sund. Svo er ég líka hrifin af höttum og það væri gaman að bæta við hattasafnið. Auk þess er ég algjört jakkafrík og á erfitt með að standast fallega yfirhöfn. Ég á yfir fjörutíu jakka og tók einu sinni „jakkaáskorun“ þar sem ég var í nýjum jakka á hverjum degi. Þegar ég var búin að vera í þessu í fimm vikur þá hætti ég af því ég nennti ekki meir,“ segir Anna Karen og hlær.

liljabjork@365.is



**TÍSKUDÍVA** Anna Karen pælir mikið í tísku og öllu sem henni tengist. Hún bloggar á síðunni Tískudívunni á Spyr.is. MYND/GVA












**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


BABY LIPS
RAKAGEFANDI VARASALVI
LOKSINS Á ÍSLANDI
NÆLDU ÞÉR
Í EINTAK Á
MIÐNÆTUROPNUN
Í SMÁRALIND
STRAX Í DAG
frá kl. 17-24
MAYBELLINE NEW YORK
BABY LIPS
facebook.com/maybellinereykjavik
MAYBELLINE®
NEW YORK
MAYBE SHE'S BORN WITH IT. MAYBE IT'S MAYBELLINE®

# MESTA TÍSKUDROTTNINGIN

**KÓNGAFÓLKIÐ** *Jóhann Karl Spánarkonungur afsalaði sér krúnunni á mánudag. Arftaki hans er sonurinn Filip prins. Eiginkona hans, Letizia, hefur ávallt vakið athygli hvar sem hún kemur og verður líklega enn meira í sviðsljósinu í framtíðinni.*

Letizia, krónprinsessa á Spáni, er 41 árs. Margir erlendir fjölmiðlar spyrja sig, eftir að fréttir bárust um afsal Spánarkonungs, hvort Letizia verði mesta tískudrottning Evrópu. Letizia og Filip hafa verið gift frá árinu 2004 og héldu nýlega upp á tíu ára brúðkaupsafmæli. Saman eiga þau tvö börn. Letizia er vinsæl hjá ljósmyndurum, enda þykir hún einstaklega smekkleg og elegant kona. Letizia starfaði sem fréttaþulur hjá spænsku sjónvarpsstöðinni TVE þegar þau Filip kynntust. Áður starfaði hún sem blaðamaður.

Það sem hefur vakið athygli þeirra sem spá í tísku kóngafólks er hversu oft prinsessan sést í síðbuxum. Hún styður spænska framleiðslu og sést gjarnan í fötum frá Mango og Zöru. Þá eru spænsku tískuhönnuðirnir Felipe Varela og Lorenzo Caprile í uppáhaldi hjá henni. Spánverjar hafa fagnað því að hún berst ekki mikið á og kaupir ódýr föt. Það hefur aukið traust þjóðarinnar til hennar í þeim efnahagsþrengingum sem orðið hafa á Spáni. Það sama verður víst ekki sagt um tengdaföður hennar sem hefur verið sakaður um eyðslusemi og óeðlilegt lúxuslíf.







**Í MADRÍD** Letizia í höllinni.



**FÍLIP OG LETIZIA** Hjónin hafa ferðast mikið um Spán. Hér eru þau í Palma á Mallorca.




# KARLAR BYRJUÐU AÐ NOTA SKARTGRIPI

*Tískan er samofin sögunni. Hér fara nokkrar skemmtilegar tískustaðreyndir.*

- **Klæðnaður flokkast sem „vintage" ef hann er frá 1920 til 1960. Eftir það er talað um „retro".**

- **Fyrsta Vogue-tímaritið kom út 17. desember árið 1892.**

- **Fyrstu gerviaugnhárin komu fram á sjónarsviðið árið 1916. Þau voru búin til að áeggjan Hollywood-framleiðandans D.W. Griffith. Hann notaði þau til að undirstrika augu leikkonu. Þau voru gerð úr mannshári.**



**LANGT FRÁ ÞVÍ AÐ VERA NÝJASTA TÍSKA** Fyrstu gerviaugnhárin komu fram á sjónarsviðið árið 1916.

- **Fyrsti nútímailmvatnið kom á markað árið 1921. Það var Chanel No. 5.**

- **Á 15. öld notuðu fatahönnuðir litlar dúkkur til að sýna hönnun sína.**

- **Fyrsti nútímabrjóstahaldarinn var fundinn upp af yfirstéttarkonunni Mary Phelps frá New York árið 1914.**

- **Í dag eru það mestmegnis konur sem nota skartgripi. Þeir voru þó upphaflega notaðir af kóngum og öðrum fyrirmönnum til að undirstrika völd og gefa til kynna sigur í orrustum.**

- **Rasssíðar gallabuxur, lágar í mittið, eiga rætur að rekja til fangelsa í Los Angeles en fangar þar máttu ekki nota belti. Fyrir vikið voru þeir með buxurnar á hælunum.**

- **Regnhlífar voru upphaflega hugsaðar til að verja fólk gegn sól – ekki regni.**

- **Fjórar stærstu tískusýningar heims eru haldnar á eftirfarandi stöðum í þessari röð; New York, London, Mílanó og París.**

- **Lacoste-krókódíllinn var fyrsta lógóið sem fest var á nokkurn fatnað.**

- **Coco Chanel kom „litla svarta kjólnum" á kortið. Hann þykir algjörlega tímalaus og á alltaf við.**

- **Elísabet I. Englandsdrottning var svo hrifin af höttum að hún skipaði öllum stúlkum eldri en sjö ára að vera með hatt á sunnudögum og öðrum hátíðisdögum. Þær sem neituðu fengu sekt.**


SUMARSPRENGJA
LOKADAGUR
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
VORUM AÐ FÁ NÝJAR VÖRUR
Opið til
miðnættis í kvöld
í Smáralind
evans.
TOPSHOP
WAREHOUSE
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS




# TYRA BANKS MEÐ NÝJAN SPJALLÞÁTT

**TÍSKA** *Ofurfyrirsætan Tyra Banks hefur sýnt fyrir frægustu tískumerki heims, leikið í kvikmyndum og skrifað bækur. Síðustu ár hefur hún haslað sér völl sem þáttastjórnandi í sjónvarpi og nú er nýr þáttur í bígerð.*

Ofurfyrirsætan Tyra Banks mun stýra nýjum spjallþætti á sjónvarpsstöð Disney ABC. Fyrsti þátturinn fer í loftið á næsta ári en fyrirsætan skrifaði undir samning við Disney ABC á dögunum.

Þátturinn mun fjalla um lífsstíl og spanna allt frá tísku og fegrunarráðum Tyru til skemmtiefnis og innanhússhönnunar. Þar að auki mun Tyra ausa úr reynslubrunni sínum og ráðleggja áhorfendum hvernig ná megi markmiðum sínum og nýta eigin hæfileika til fulls.

„Það brennur innra með mér löngun til að hjálpa konum og veita þeim innblástur til að feta nýjar slóðir,“ sagði Tyra Banks í fréttatilkynningu. Hún sagðist jafnframt afar spennt fyrir nýja þættinum og hvetur konur til að „stjórna sínu eigin lífi, með heiðarleika, húmor og nýjustu trixunum, án þess að verða yfirþyrmandi eða tilgerðarlegar.“

Ferill Tyru sem fyrirsætu hófst fyrir alvöru þegar hún birtist á forsíðu tímaritsins Sports Illustrated Swimsuit Issue árið 1996, þá tuttugu og þriggja ára, en þá hafði hún gengið tískupallana í átta ár. Tyra var einn af Victoria's Secret-englunum frá 1997-2005 og sneri sér að síðan að leik, meðal annars í tónlistarmyndböndum, í sjónvarpi og í kvikmyndum. Hún stýrir eigin þætti, Americas Next Top Model, gaf út smáskífuna Shake ya body árið 2004 og gaf út bókina Modelland árið 2010, svo fátt eitt af afrekum hennar sé nefnt.

Nú þegar býr Tyra Banks að milljónum áhangenda og er líkleg til að landa spennandi viðmælendum í nýja þáttinn gegnum sambönd sín í tískuheiminu.

Heimild: fashionista.com



**OFURKONA** Ofurfyrirsætan Tyra Banks mun stýra nýjum spjallþætti. NORDICPHOTOS/GETTY



Póst dreifing

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is

# EKKERT SKÍTKAST

*Suzy Menkes gagnrýnir ljóta hlið tískuheimsins í grein sinni fyrir Vogue.*

Suzy Menkes lofar í fyrstu grein sinni fyrir Breska Vogue að vera ekki tíkarleg í umfjöllunum sínum en Suzy flutti sig nýlega yfir á Vogue eftir áratuga farsælt starf sem tískublaðamaður á International Herald Tribune.

Suzy gerir að umtalsefni hina ljótu hlið tískuheimsins og hvernig netvæðingin hafi opnað flóðgáttir niðrandi ummæla um útlit og klæðnað fræga fólksins. „Ef hægt er að segja eitthvað illkvittið í 140 bókstöfum, er alltaf einhver tilbúinn til að kasta skít,“ segir Suzy og tekur sem dæmi þá útreið sem Nicole Kidman fékk á rauða dreglinum í Cannes. Nicole var kölluð prinsessan af Botox!

„Ég legg annan skilning í það að vera tískugagnrýnandi,“ bætir Suzy við og segist ætla, á nýjum vinnustað, að vinna undir möntrunni „no bitching“.

Líklega hefur tískuheimurinn þó ekki búist við miklu skítkasti frá Suzy. Sjötíu og eins ár er hún dáð innan tískuheimsins fyrir ljúfan persónuleika sinn og sanngjarna gagnrýni um tískusýningar og hún hefur jafnvel átt þátt í að koma ungum hönnuðum á kortið. Suzy starfaði sem blaðamaður á International Herald Tribune í 26 ár áður en hún flutti sig yfir á Vogue.



**ENGIN TÍK** Suzy Menkes lofar í fyrstu grein sinni fyrir Vogue að vera ekki illkvittin og tíkarleg í skrifum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY



**PRINSESSAN AF BOTOX** Nicole Kidman á samúð Suzy Menkes eftir ljót ummæli um hana á rauða dreglinum.

# REIÐHJÓL &ÖRYGGI

**Kynningarblað** Hjólaferð um Jakobsstíginn, hjólað í tvídi, hjólreiðamót, hjálmurinn á réttum stað.




# Ferðin sjálf skiptir mestu máli

Fyrir þremur árum fór Haukur Eggertsson í 50 daga hjólaferð um fjögur lönd. Aðalmarkmið hennar var að hjóla pílagrímagönguleiðina frægu um Jakobsstíginn í Frakklandi og á Spáni. Ferðin hófst í Danmörku og þaðan hjólaði Haukur suður í gegnum Þýskaland.

Á vormánuðum 2011 hélt Haukur Eggertsson í 4.000 kílómetra langan hjólreiðatúr sem hófst í Kaupmannahöfn og endaði í Santiago de Compostela á Spáni. Haukur hjólaði frá Danmörku til Þýskalands og þaðan til Frakklands þar sem hann hjólaði hina frægu pílagrímagönguleið Jakobsstíginn, alla leið til Santiago. Ferðin tók 50 daga með tveimur stuttum stoppum hjá systrum Hauks og reyndist eftirminnileg. „Á þessum tímapunkti í lífi mínu stóð ég á krossgötum í tengslum við starfsferil minn og hafði þess vegna tíma til að fara í svo langa ferð. Segja má að hugmyndin hafi kviknað á fyrirlestri fáeinum árum fyrr hjá Íslenska fjallahjólaklúbbnum þar sem Jón Björnsson fjallaði um hjólreiðaferð sína eftir Jakobsstígnum. Fyrirlesturinn kveikti í mér og nokkrum árum síðar hélt ég í stóru ferðina.“

Flestir sem labba eða hjóla Jakobsstíg hefja för sína í Frakklandi eða á Spáni en Haukur flaug til Kaupmannahafnar og hóf ferðalagið þar. „Ferðlagið hófst því á Sjálandi en þaðan tók ég ferju yfir til Jótlands þar sem ég heimsótti systur mína í Horsens. Þaðan hjólaði ég Herveginn svokallaða eftir endilöngu Jótlandi suður til Þýskalands. Danmörk býður upp á mjög gott hjólastígakerfi og raunar má segja það sama um Þýskaland. Þar er líka mestöll hraðari bílaumferð á hraðbrautum þannig að ég gat hjólað tiltölulega óáreittur um sveitavegina.“

### Á undan áætlun

Þegar til Þýskalands var komið lá leiðin suður til Breisach sem liggur við landamæri Þýskalands og Frakklands. Áður hafði hann þó heimsótt aðra systur sína sem er búsett í grennd við Karlsruhe þar sem hluti fjölskyldu Hauks hittist um páskana.

Frá Þýskalandi hjólaði Haukur yfir til Frakklands gegnum héraðið Elsass sem er í austurhluta landsins. „Frá Elsass hjólaði ég yfir í héraðið Lothringen en ég reyndi að hjóla sem mest á þýskum málsvæðum enda tala ég bara stakt orð í frönsku. Leiðin lá svo til bæjarins Le Puy í suðurhluta Frakklands, sem er vinsæll byrjunarstaður þeirra pílagríma sem ætla að ganga eða hjóla Jakobsstíginn. Ég hjólaði þaðan á misvel merktum leiðum uns ég kom til Saint Jean Pied de Port, sem er Frakklandsmegin við Pýreneafjöllin en þar hefja líka margir gönguna til Santiago. Þaðan fylgdi ég að mestu gönguleiðinni á leiðarenda.“

Söngurinn er mikilvægur þáttur í verkinu og um hann sér Kvennakórinn Katla sem stjórnað er af Hildigunni Einarsdóttur og Lilju Dögg Gunnarsdóttur. Ragnheiður segir sönghluta verksins hafa sprottið upp úr hugmyndinni um að syngja heiminn til sín. „Ég var mikið að skoða hvernig fólk sér heiminn og túlkar hann og rakst þá á sögur um frumbyggja Ástralíu sem hafa kortlagt álfuna sína með sönglínum sem fólk gengur eftir og syngur heiminn til sín. Bak við þá hugmyndafræði liggur sú kenning að ekkert sé í rauninni til fyrr en það er sungið. Að það sem við skynjum sé ekki raunverulegt fyrr en við getum sett það í orð. Þannig að kórinn í rauninni syngur línurnar sem flugvélarnar teikna á himininn, túlkar ferðalag þeirra og syngur heiminn til sín.“




**FLUGKEMPA** Björn Thors flýgur flugvél sem hann smíðaði sjálfur.

Sýningin hefst klukkan 17.45 á morgun og áhorfendum er bent á að safnast saman við Sólfarið á Sæbrautinni.

„Hægt verður að njóta verksins víða á höfuðborgarsvæðinu en við mælum með því að njóta þess við Sæbrautina og alls ekki gleyma að stilla vasadiskóin eða snjallsímana á RÁS 1,“ segir Ragnheiður. „Það er algjörlega nauðsynlegur þáttur í upplifuninni.“

# VIP SÆTI Á HM 2014




## PHILIPS

Glæsilegt örþunnt tæki með mjóum ramma og Ambilight 2 baklýsingu sem eykur upplifunina.

Framúrskarandi myndgæði með 600Hz Perfect Motion Rate, Pixel Precise HD Dual Core örgjörva, Digital Natural Motion og Micro Dimming Pro.

Öflugt snjallsjónvarp. Fjöldi tækninýunga er í tækinu þar á meðal Cloud TV & Explorer sem býður upp á að nálgast sjónvarpsstöðvar í gegnum netið eða tengja tækið beint við Dropbox. Multiroom client & server gerir svo mögulegt að senda sjónvarpsefni úr tækinu í önnur Philips tæki með Multiroom möguleikanum.

ambilight 2 • SmartTV • PixelPreciseHD • FullHD • DIGITAL NATURAL MOTION • 600Hz • DualCore • HD Natural Motion • skype

EASY 3D

42" Philips 42PFS7109S
TILBOÐ **199.995**
FULLT VERÐ 229.995

47" Philips 47PFS7109S
TILBOÐ **249.995**
FULLT VERÐ 299.995

55" Philips 55PFS7109S
TILBOÐ **329.995**
FULLT VERÐ 399.995




## FÁÐU NÝJUSTU UPPFINNINGUNA FRÁ PHILIPS MEÐ Í KAUPUNUM!

**Philips HUE** má líkja við altæka heimabíó upplifun á ljósi. Kerfið inniheldur tvær perur sem eru samstilltar Ambilight ljósinu frá sjónvarpinu gegnum þráðlaust net og magna þannig upplifun þína heilt yfir í rýminu.

Philips HUE ljósaperur að verðmæti 37.999 krónur fylgja með þessu HM tilboði meðan birgðir endast.

85 YEARS AS A LEADING TV BRAND




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Íslensk samtíðarportrett á Akureyri

Sjötíu listamenn eiga myndir á sumarsýningu Listasafnsins á Akureyri sem opnuð verður á laugardaginn.

Sumarsýning Listasafnsins á Akureyri verður opnuð laugardaginn 7. júní klukkan 15 og ber hún yfirskriftina Íslensk samtíðarportrett – mannlýsingar á 21. öld. Á sýningunni gefur að líta hvernig 70 listamenn hafa glímt við hugmyndina um portrett frá síðustu aldamótum til dagsins í dag. Á þessari sýningu birtist áhorfendum samtíðarsýn 70 listamanna sem hafa tekist á við hugmyndina í víðum skilningi og í áhugaverðu samspili ólíkra birtingarmynda fást svör.

Þetta er í fyrsta sinn sem sett er upp sýning þar sem eingöngu íslensk portrettverk 21. aldarinnar eru til sýnis. Hópurinn er fjölbreyttur og á meðal listamanna sem eiga verk á sýningunni má nefna Erró, Ragnar Kjartansson, Kristínu Gunnlaugsdóttur, Hallgrím Helgason, Steinunni Þórarinsdóttur, Hugleik Dagsson, Aðalheiði S. Eysteinsdóttur, Baltasar Samper og Ólöfu Nordal. Af athyglisverðum verkum sem verða frumsýnd má nefna mynd af Vigdísi Finnbogadóttur eftir Stephen Lárus Stephen og skúlptúr af Sigurði Nordal eftir Gunnar Karlsson.

Sýningin stendur til 17. ágúst og er opin alla daga nema mánudaga frá klukkan 10 til 17. Aðgangur er ókeypis.

- fsb



**ÍSLENSK SAMTÍÐARPORTRETT** Meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni er Ragnar Kjartansson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





ORKA SEM ENDIST

FUJITSU GÆÐARAFHLÖÐUR

Fujitsu alkaline rafhlöðurnar eru öflugar, endast vel og eru auðvitað á góðu verði.

Fást í fjölda verslana um land allt. Dreifing á Íslandi:

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c · 104 Reykjavík · Sími 550 8500 · Fax 550 8510 · vv@vv.is · www.vv.is




**ANDREA ÖSP** „Ekki pólitísk ádeila á það sem gerðist heldur nútíma víkingasaga.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Allir Íslendingar kannast við söguna

Wakka Wakka-leikhópurinn sýnir brúðusýninguna Sögu í Kassanum í kvöld og annað kvöld. Sýningin er eingöngu fyrir fullorðna og var bönnuð innan 16 ára í New York. Efnið er alíslenskt; nútíma víkingasaga úr hruninu.

Sýningin heitir Saga og leikhópurinn, sem heitir Wakka Wakka Productions, er frá New York og Noregi,“ segir Andrea Ösp Karlsdóttir, einn meðlimur leikhópsins sem sýnir brúðuleikhússýningu fyrir fullorðna í Kassa Þjóðleikhússins í kvöld og annað kvöld. „Sýningin var frumsýnd í New York síðasta haust og hlaut Drama Desk-verðlaunin þar. Síðan erum við búin að túra um allan Noreg og erum loks komin hingað til Íslands á Listahátíð.“

Í Sögu flytja þrjátíu brúður, allt frá tíu sentimetrum til þriggja metra á hæð, Íslendingasögu úr nútímanum: Sögu Gunnars Oddmundssonar sem lenti illa í efnahagshruninu árið 2008 og dreymir um réttlæti. „Sagan gerist á Íslandi fyrir og eftir hrun,“ útskýrir Andrea. „Hún er samt ekki pólitísk ádeila á það sem gerðist heldur nútíma víkingasaga um hann Gunnar og fjölskyldu hans sem lendir í alls kyns hremmingum.“

Sýningin er alls ekki við hæfi barna, var bönnuð innan sextán ára í New York, en Andrea gengur út frá því að Íslendingar séu frjálslyndari en Bandaríkjamenn. „Það er ein löng og gróf kynlífssena sem fór fyrir brjóstið á Bandaríkjamönnum en í Noregi kom fólk með unglinga alveg niður í tólf ára til að sjá hana, það er bara á ábyrgð foreldranna. Ég myndi hins vegar telja að hún væri við hæfi fólks frá fjórtán ára aldri.“

Handritið var samið í hópvinnu út frá hugmynd tveggja meðlima hópsins og Andrea segir að hugmyndin um íslenska efniviðinn sé alls ekki frá henni komin. „Við vorum sex manns í rannsóknarvinnu á eyju í Noregi í nokkrar vikur við vinnslu handritsins. Horfðum á heimildarmyndir og sjónvarpsþætti, lásum allt frá Egilssögu til nútímabókmennta um hrunið og síðan auðvitað heilt tonn af fréttum frá þessum tíma. Charlotte Böving tók líka viðtöl við marga Íslendinga sem lentu illa í hruninu og við horfðum á þau viðtöl, skrifuðum þau upp og bjuggum síðan til þennan eina karakter upp úr öllum þessum gögnum. Hann á sér sem sagt ekki neina eina fyrirmynd en það munu allir Íslendingar kannast við ýmislegt í sögu hans.“



**WAKKA WAKKA** Brúðurnar í sýningunni eru allt frá nokkrum sentimetrum á hæð upp í þrjá metra.

Sýningarnar á Íslandi verða aðeins þessar tvær en síðan heldur hópurinn aftur til Noregs þar sem Saga verður sýnd á alþjóðlegri leiklistarhátíð. „Svo er búið að bjóða okkur til Slóveníu og Króatíu í september,“ segir Andrea. „Og síðan eigum við boð um að koma til Englands og Skotlands á næsta ári. Ýmislegt annað er í spilunum sem ekki er búið að negla niður en það er allavega ljóst að dagar Sögu eru engan veginn taldir.“

fridrikab@frettabladid.is





# VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

UMSÓKNARFRESTUR UM GRUNNNÁM ER TIL 5. JÚNÍ




„Prófgráða frá Háskóla Íslands veitir mér þau réttindi sem ég þarfnast til að geta sinnt framtíðarstarfinu."

*Hákon Sæberg Björnsson, grunnskólakennsla*




## YFIR 200 SPENNANDI NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA Í FREMSTU RÖÐ

Fjölbreytt félagslíf, sveigjanlegt nám og góð þjónusta.

Fyrsta flokks kennsla í alþjóðlegum háskóla og einstakir möguleikar í skiptinámi.

Öflug tengsl við atvinnulíf og víðtæk áhersla á þátttöku nemenda í rannsóknum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is




# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 05. JÚNÍ 2014**

## Leiklist

**19.30** SAGA er frábær brúðuleiksýning fyrir fullorðna sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Hún verður sýnd í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í kvöld sem partur af Listahátíð. Sýningin var sýnd Off-Broadway í New York í fyrra þar sem hún hlaut hin þekktu Drama Desk-verðlaun. Hún hefur nú þegar einnig verið sýnd um allan Noreg og stefnt er á fjölda annarra landa á næstunni enda hefur okkur þegar verið boðið með hana til Slóveníu, Króatíu, Englands og Skotlands.

## Fræðsla

**13.00** Í dag klukkan 13.00 til 16.00 í Odda 101. Ísland, Evrópusambandið og loftslagsbreytingar. Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Evrópustofu í samstarfi við Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands. Á þessu málþingi verður fjallað um stefnu Evrópusambandsins í loftslagsmálum og hvernig hún hefur áhrif á Íslandi í gegnum EES-samninginn. Stendur sambandið sig nægilega vel í baráttunni gegn hlýnun jarðar? Á Íslandi er losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa með því mesta sem gerist í heiminum. Hvað eru íslensk stjórnvöld að gera til að draga úr þessari losun? Hvaða tækifæri eru til nýsköpunar í viðskiptageiranum á Íslandi? Þarf að breyta viðhorfum hérlendis?

## Sýningar

**16.00** Önnur sýningaropnun sumarsins verður nú í dag klukkan 16.00 en þá verður opnuð ný grunnsýning Árbæjarsafns sem ber nafnið NEYZLAN REYKJAVÍK Á 20. ÖLD. Sumarstarf Árbæjarsafns er nú hafið og verður safnið opið alla daga í sumar frá klukkan 10 til 17.

**16.00** Í dag klukkan 16.00 verður opnuð sýning um franska landkönnuðinn Yves Joseph de Kerguelen í Landsbókasafni Íslands Háskólabókasafni. Á sýningunni er rakin saga fyrsta vísindaleiðangurs Frakka til Íslands. Sá leiðangur er talinn marka upphaf vináttu Frakka og Íslendinga. Sýningin rekur ferðir Yves Joseph de Kerguelen til Íslands 1767 og 1768.

**17.00** Fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði er opið lengur í Listasafni Íslands og fimmtudagsbarinn er opinn auk þess sem listamaður eða hópur listamanna sýnir vídeóverk í samstarfi við vídeólistahátíðina 700IS Hreindýraland. Að þessu sinnu mun listamaðurinn Ásdís Sif Gunnarsdóttir sýna verkið Surrounded by the purest Blue, I welcome you. Sýningin hefst klukkan 17 og verður „happy hour" á barnum til klukkan 19.

**17.00** Þórdís Erla Zoëga opnar sýninguna Party in space á The Coocoo's Nest í dag. Myndirnar sem hún sýnir eru unnar með vatnslitum, bleki og penna og einnig sýnir hún klippimyndir. Á sýningunni er gleðin við völd en litagleði og rýmispælingar einkenna myndirnar.



**17.00 Í dag klukkan 17.00 verður opnuð sýning á verkum Borghildar Óskarsdóttur myndlistarmanns í Artóteki. Sýningin nefnist ÞRÁÐUR Á LANDI og er á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Á opnuninni mun Hlynur Helgason, lektor í listfræði við Háskóla Íslands, segja frá sýningunni og list Borghildar. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.**

**17.30 Flugrákir, Lokaverk Listahátíðar, og veröldin var sungin fram. Flugrákir, nýtt verk eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur verður lokaverk Listahátíðar Reykjavíkur 2014. Verkið verður flutt í dag klukkan 17.30. Áhorfendum er bent á að safnast saman við Sólfarið á Sæbrautinni.**



## Tónlist

**19.30** Kammertónlistarhátíðin Podium festival fer fram í Reykjavík dagana 5. til 8. júní, í Norræna húsinu, Hörpu og á Kexi hosteli. Tónlistarfólkið kemur að þessu sinni frá Austurríki, Þýskalandi, Noregi og Íslandi. Hátíðartónskáld í ár er Halldór Smárason en hann er nýútskrifaður frá Manhattan School of Music. Nýtt verk úr smiðju hans verður frumflutt á opnunartónleikum hátíðarinnar í Norræna húsinu í kvöld klukkan 19.30.

**20.00** Einfarar í Kaldalóni Hörpu í kvöld klukkan 20.00. Fram koma: Mixophrygian, M Band, Ljósvaki, EinarIndra. Frítt inn.

**22.00** Magnús Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Í kvöld klukkan 22.00.



**23.00 Tónleikar klukkan 23.00 á Gauknum í kvöld. Þar koma fram hljómsveitirnar Casio Fatso, Caterpillarman og MC Bjór og Bland.**

## Leiðsögn

**20.00** Í sumar verður boðið upp á menningargöngur með leiðsögn um svæðið umhverfis miðbæ Hafnarfjarðar öll fimmtudagskvöld klukkan 20. Gengið er frá Hafnarborg eða Pakkhúsi Byggðasafns Hafnarfjarðar. Hver ganga tekur um klukkustund, þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Fyrsta gangan verður farin í kvöld, en þá mun Sigurður Hallgrímsson fyrrverandi hafnsögumaður leiða gesti um svæði Hafnarfjarðarhafnar og segja frá uppbyggingu og sögu hafnarinnar. Gangan hefst klukkan 20 við Pakkhús Byggðasafnsins.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Til heiðurs meistarapíanista

## Guðmundur Ingólfsson hefði orðið 75 ára í dag og fara fram tónleikar honum til heiðurs í kvöld á Café Rosenberg. Farið verður yfir glæstan feril Guðmundar.

„Við Guðmundur vorum góðir vinir og vorum jafnaldrar, við ætlum að heiðra minningu þessa mikla snillings í kvöld,“ segir Reynir Sigurðsson tónlistarmaður og einn skipuleggjenda tónleikanna undir yfirskriftinni Guðmundarvaka Ingólfssonar.

Tónleikarnir eru til heiðurs Guðmundi Ingólfssyni meistarapíanista sem hefði orðið 75 ára í dag, en hann lést þann 12. ágúst 1991.

„Guðmundur átti glæstan feril og förum við yfir hann. Við ætlum að flytja svítu í sjö þáttum sem nefnist Guðmundarvaka og Gunnar Reynir Sveinsson samdi í minningu um Guðmund,“ bætir Reynir við.

Guðmundarvöku flytja Birkir Freyr Matthíasson trompetleikari, Ólafur Jónsson tenórsaxisti, Haukur Gröndal altósaxisti, Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari, Gunnar Hrafnsson bassaleikari, Pétur Grétarsson trommari og Ragnheiður Gröndal söngkona.

Eftir hlé verða ýmis lög af efnisskrá Tríós Guðmundar Ingólfssonar leikin, Blús fyrir Birnu og Róskingó, þjóðlög og djassstandardar.

Reynir Sigurðsson mun þá meðal annars leika á harmóníku Guðmundar og helsti vopnabróðir Guðmundar í djassinum, Guðmundur Steingrímsson, mun slá bongótrommur.

Tónleikarnir verða á Café Rosenberg og hefjast kl. 21.00.

-glp



**SKIPULEGGJANDINN** Reynir Sigurðsson tónlistarmaður skipuleggur tónleika til heiðurs Guðmundi Ingólfssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**YNDISLEGUR API** Lilli api og vinir hans í Brúðubílnum ætla að skemmta sér og landsmönnum í sumar. MYND/HÁLFDÁN GUNNARSSON

## Ys og þys í Brúðubílnum

Brúðubíll allra landsmanna frumsýnir júníleikrit sitt í Hallargarðinum í dag klukkan 14.00, en það ber nafnið Ys og þys í Brúðubílnum.

Sýningar eru tvisvar á dag í júní og júlí, klukkan 10.00 og 14.00.

Handrit og brúður eru eftir Helgu Steffensen sem er að byrja sitt 34. ár sem stjórnandi leikhúss Brúðubílsins. Hörður Bent Víðisson sér um brúðustjórnun ásamt Helgu og Sigurbjartur Sturla Atlason er bílstjóri og tæknimaður. Leikstjóri er Sigrún Edda Björnsdóttir.

Hljóðmynd er eftir Vilhjálm Guðjónsson og nokkrir af okkar frábæru leikurum ljá brúðunum raddir sínar.

Nánari upplýsingar á brudubillinn.is.

- glp

## Íslensk tónlist á ferð um landið

Hljómsveitirnar Ylja og Snorri Helgason hafa fyrir löngu unnið hug og hjörtu landsmanna með einstakri tónleikaframkomu og frábærri laga- og textasmíði. Nú ætla sveitirnar í tónleikaferðalag um landið ásamt Vestur-Íslendingnum og hæfileikaríka tónlistarmanninum Lindy Vopnfjörð.

Ferðin hófst þann 3. júní og stendur til 7. júní.

Í kvöld koma sveitirnar fram á Græna hattinum á Akureyri klukkan 21.00, annað kvöld á Kaffi Rauðku á Siglufirði og svo loks á RúBen á Grundarfirði á laugardagskvöld en síðari tónleikarnir tvennir hefjast klukkan 22.00.

Áður hafa þeir komið fram í Keflavík og í Reykjavík.

Miðasala verður við innganginn á öllum stöðum en forsala er bundin við ákveðna staði.

-glp






Vnr. 33711006-7
AR þakásanker,
170x32 mm, vinstri
eða hægri.
95kr.




Vnr. 33711000
AR vinkill,
50x50c35,2 mm.
45kr.



Vnr. 33715574
Gataplata,
100x300x1,5 mm.
575kr.




Vnr. 33799440
Kambsaumur,
4,0x40 mm, 250 stk.
1.295kr.




Vnr. 30114550
Tréskrúfa, ryðfrí, A4,
4,5x50 mm, 200 stk.
2.295kr.




Vnr. 0225333
SAKRET staura-
steypa BE 25 kg.
1.195kr.

**ENDURUNNIÐ PLAST**



Vnr. 0251653
Plasthólkur,
220 mm, 0,7 m.
895kr.

Vnr. 0251658
Blikkhólkar,
315 mm, 0,75 m.
1.695kr.



Vnr. 0058224
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR, 22x95 mm.
165kr./lm.

Vnr. 0058274
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR, 27x95 mm.
185kr./lm.

Vnr. 0058254
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, 22x95 mm.
185kr./lm.*

Vnr. 0058324
Fura, alheflað, 27x95 mm,
AB-gagnvarið.
219kr./lm.*

* 4,5 m og styttri lengdir.

**LEIGJUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR**

LM

**STAURABOR**

Nánari upplýsingar í síma 515 4020
eða á www.BYKO.is



Vnr. 0053265
Pallaefni, lerki,
alheflað, 27x117 cm.
695kr./lm.

Vnr. 0053266
Pallaefni, alheflað,
lerki, 27x145 mm.
795kr./lm.

**RÁSAÐ LERKI**

Vnr. 0053275-6
Pallaefni, lerki,
rásað, 27x117 mm
eða 27x143 mm.
Verð frá:
685kr./lm.

## SUMARLEIKUR BYKO

**Alls 19 glæsilegir vinningar**
**Heildarverðmæti 750.000 kr.**

Leikurinn er á
facebook.com/BYKO.is.
Dregið alla virka daga í júní
**Einfalt að taka þátt!**

facebook.com/BYKO.is



**AÐALVINNINGUR:**
**BROIL KING**
**SOVEREIGN 90**
**GASGRILL AÐ VERÐMÆTI**
**169.995 KR.**

**VERÐVERND BYKO**
# LÆGRA VERÐ



KLÚBB verð 13.995kr.
Almennt verð 16.895 kr.

Vnr.0291500
Ræktunarkassi,
50x100x120 cm.



Vnr. 0291451
Garðborð,
1540x1770x710 mm,
brúnt.

KLÚBB verð 12.495kr.
Almennt verð 15.995 kr.



Vnr. 0291471
Blómakassi,
26 mm,
400x400 mm.

KLÚBB verð 1.495kr.
Almennt verð 2.690 kr.

## SORPTUNNUGEYMSLA



KLÚBB verð 39.995kr.
Almennt verð 49.995 kr.

Vnr. 0291700
Sorptunnugeymsla
1560x950x1220 mm, tvöföld, gagnvarin.

**60 CM**



Vnr. 0291597
Beðkantur, gagnvarinn,
15x60 cm.
390kr.

**1,8 M**



Vnr. 0291453
Girðingaeining, gagn-
varin, 800x1800 mm.
2.995kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is







**Skoðaðu nýtt blað á byko.is**

Við erum í sumarskapi

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 42373644
Kúlugrill,
kolagrill, 43 cm.
**3.995 kr.**



Vnr. 88098157
Útilegustóll.
**1.895 kr.**



Vnr. 88015966
Tjalddýna,
200x70 cm.
**695 kr.**



Vnr. 88012299
Sóltjald,
400x135 cm.
**2.795 kr.**






10 LÍTRAR

Vnr. 41118593
Vatnsbrúsi, 10 l.
Hægt að brjóta saman.
**495 kr.**



Vnr. 41120736
Útileguborð,
80x60 cm.
**5.895 kr.**



Vnr. 87991320
Pottasett, 6 stk.
**3.995 kr.**



Vnr. 87991509
Gashellur,
2 hellur, 50 bar.
**12.995 kr.**



Vnr. 87927600
Gaskútur, 190 g.
**395 kr.**

## BÍÓFRÉTTIR

### AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikarinn Mark Wahlberg er 43 ára í dag**

**Helstu myndir:** Boogie Nights, Prisoners, The Fighter, Ted, 2 Guns



### LUPITA Í STAR WARS

Leikkonan Lupita Nyong'o hreppti hlutverk í nýju Star Wars-myndinni, Star Wars: Episode VII, í leikstjórn J.J. Abrams. Óljóst er hvaða persónu hún leikur í myndinni. Tökur standa nú yfir og verður nýja Star Wars-myndin frumsýnd í desember á næsta ári.

### PARÍS NORÐURSINS Í PRAG



Kvikmyndin París norðursins í leikstjórn Hafsteins Gunnars Sigurðssonar verður sýnd á alþjóðlegu Karlovy Vary-kvikmyndahátíðinni í Prag sem hefst þann 4. júlí og stendur til 12. júlí. Tökum á París norðursins lauk í fyrra og fóru þær aðallega fram á Flateyri.



### 28 ÞÚSUND MANNS

Alls hafa rúmlega 28 þúsund manns séð íslensku kvikmyndina Vonarstræti eftir leikstjórann Baldvin Z. Vonarstræti hafði halað inn rúmlega 5,6 milljónir um síðustu helgi og skákar þar með stórmyndum á borð við A Million Ways to Die in the West, X-Men: Days of Future Past, Edge of Tomorrow og Godzilla.

### FRUMSÝNING



The Fault in Our Stars, drama

**AÐAHLUTVERK:** Shailene Woodley og Ansel Elgort

IMDb **8,6/10**

Metacritic **69/100**

Rotten Tomatoes **90/100**

## EVRÓPSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ

### Ferðast um landið



**Á FERÐ UM LANDIÐ** Málmhaus er sýnd á kvikmyndahátíðinni.

Evrópustofa og Bíó Paradís efna til Evrópskrar kvikmyndahátíðar í þessum mánuði sem lýkur 10. júní. Hátíðin ferðast um landið en myndirnar sem sýndar verða eru danska myndin Antboy, íslenska verðlaunamyndin Málmhaus og belgíska myndin Broken Circle Breakdown.

Hátíðin hefur verið haldin í tvígang í Reykjavík og á Akureyri og hefur vakið talsverða athygli. Í ár hefur blaðamaður frá breska dagblaðinu The Guardian slegist í för með hátíðarhöldurum og fjallar um hana í sínum miðli.

Enginn aðgangseyrir er á hátíðina en Antboy er sýnd klukkan 16.00, Málmhaus klukkan 18.00 og Broken Circle Breakdown klukkan 20.00.

**Hér fyrir neðan er dagskrá hátíðarinnar:**

**5. júní Blönduós**
**6. júní Húsavík**
**7. júní Vopnafjörður – sýningar hefjast fyrr, eða klukkan 13.00, 15.00 og 17.00**
**Sun. 8. júní Djúpivogur**
**Mán. 9. júní Vík**
**Þri. 10. júní Flúðir**

# Fyrsta mynd Angelinu í 4 ár

Disney-myndin Maleficent var frumsýnd á Íslandi í gær og búist er við því að hún verði einn af sumarsmellum þessa árs. Leikkonan Angelina Jolie er í aðalhlutverki en þetta er hennar fyrsta mynd í fjögur ár.

Disney-myndin Maleficent fjallar um illu nornina Maleficent sem lagði þau álög á Þyrnirós að áður en sólin gengi til viðar á sextán ára afmælisdegi hennar myndi hún stinga sig á snældu og deyja. Í sögunni sem flestir þekkja er því haldið fram að ástæðan fyrir þessu illvirki nornarinnar sé að hún hafi móðgast þegar henni var ekki boðið að vera við skírn Þyrnirósar. Í þessari mynd kemur hins vegar í ljós að Maleficent hafði aðrar og veigameiri ástæður fyrir gjörðum sínum.

> **Maleficent hefur verið í uppáhaldi hjá mér síðan ég var lítil stúlka. Ég var dauðhrædd við hana en ég dróst líka að henni.**
>
> *Angelina Jolie*

Talið er að myndin verði einn af sumarsmellum þessa árs en þetta er fyrsta mynd Angelinu Jolie í fjögur ár; síðast lék hún í kvikmyndinni The Tourist árið 2010.

Angelina hafði mikinn áhuga á að leika í myndinni strax frá byrjun, þar sem hún ólst upp við að horfa á Disney-myndir, sérstaklega Þyrnirós frá árinu 1959.

„Maleficent hefur verið í uppáhaldi hjá mér síðan ég var lítil stúlka. Ég var dauðhrædd við hana en ég dróst líka að henni. Mig langaði að vita meira um hana. Hún bar með sér þokka og fágun en hún var líka grimm á yndislegan og magnaðan hátt,“ segir Angelina.

Hún vildi einnig leika í myndinni fyrir börnin sín en dóttir hennar og Brads Pitt, Vivienne Jolie-Pitt, leikur unga Þyrnirós í myndinni.

Angelina leikur ekki aðeins í myndinni heldur var með puttana í ýmsum málum, þar á meðal búningum og förðun sem var innblásin af söngkonunni Lady Gaga. Þá valdi hún söngkonuna Lönu Del Rey til að syngja titillag myndarinnar, Once Upon a Dream, en lagið kom út í lok janúar á þessu ári.

Auk Angelinu fara Elle Fanning, Sharlto Copley, Lesley Manville, Brenton Thwaites, Sam Riley og Imelda Staunton með aðalhlutverkin en leikstjóri er Robert Stromberg.

liljakatrin@frettabladid.is




### → Stærsta frumsýningarhelgi leikkonunnar

Maleficent fór beint á toppinn í Bandaríkjunum um frumsýningarhelgina og þénaði 69,4 milljónir dollara, tæpa átta milljarða króna. Er þetta stærsta frumsýningarhelgi Angelinu Jolie til þessa sem og þriðja stærsta frumsýningarhelgi leikkonu í sögunni. Þá þénaði myndin 100,6 milljónir dollara, tæpan ellefu og hálfan milljarð króna, í 47 löndum fyrir utan Bandaríkin um frumsýningarhelgina. Það er þriðja stærsta frumsýningarhelgin í Evrópu á þessu ári og stærsta frumsýningarhelgi Angelinu á alþjóðamarkaði.



Graníthellur

Steypustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílaplön.

YFIR 20 TEGUNDIR AF HELLUM

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig

Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is


ERTU TIL Í SUMARIÐ?
ALLT FYRIR SPORTIÐ OG ÚTIVISTINA
MIÐNÆTURSPRENGJA
Í ÚTILÍFI SMÁRALIND
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS
SÉRFRÆÐINGAR FRÁ
NIKE UNDER ARMOUR
ADIDAS BROOKS
NORTH FACE CASALL
& SMARTWOOL
VEITA GÓÐ RÁÐ VIÐ
VAL Á RÉTTUM BÚNAÐI
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
VÖRUM Í ÖLLUM
VERSLUNUM ÚTILÍFS
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# LÍFIÐ

## TREND Á TWITTER

### Slagsmálasena Hafþórs Júlíusar vekur sterk viðbrögð

Aðdáendum þáttanna Game of Thrones var heldur betur brugðið yfir síðasta þætti sem sýndur var á Stöð 2 á mánudagskvöldið. Í þættinum barðist Hafþór Júlíus Björnsson, sem leikur Fjallið, við The Viper og var senan heldur betur hrottafengin. Kassmerkið #GameOfThrones fór í framhaldinu á flug yfir þessu svakalega atriði.



**6**
**@Mar6cio**
**3. júní**
Hvernig getur þáttur sem byrjar á því að börn fá nýjan hvolp endað svona? #GoT #GameOfThrones

**Dina Meyer**
**@DinaMeyer**
**4. júní**
Stundum, #GameOfThrones ... þið gerið mig ... grrrrrr ... arg ... Jiminn, í alvöru! Látið ekki svona! #Spilliengu :) sjáumst í næstu viku!

**Awesomely Luvvie**
**@Luvvie**
**4. júní**
Það eru tveir dagar liðnir. Af hverju er ég enn bálreið yfir því sem gerðist á síðustu tveimur mínútunum í #GameOfThrones?

**Geraldine Quinn**
**@geraldinequinn**
**4. júní**
Þið sem byrjuðuð líka að tala eins og Inigo Montoya yfir síðasta atriðinu í seríu fjögur þætti 8 af #GameOfThrones, viðurkennið það.

**Ser Pounce**
**@Ser_Pounce**
**3. júní**
Núna veistu að raunverulega ástæðan fyrir því að vinir þínir létu þig horfa á #GameOfThrones er því þeir héldu að það væri sanngjarnt að þú myndir kveljast líka.



## Ný útgáfa af Instagram

Uppfærsla á forritinu Instagram, Instagram 6.0, var kynnt til sögunnar í vikunni. Í uppfærslunni býður Instagram upp á níu nýjar myndabrellur þar sem notendur geta lagfært myndir sínar og fegrað á hátt sem ekki hefur sést áður í forritinu.

Þá geta notendur einnig stillt birtustig, mettun, skugga, hlýleika og fleira á myndum. Þá hefur Instagram einnig auðveldað myndbandaupptöku og -deilingu.




**Helstu nýjungar:**
Vignette: dekkir brúnir myndarinnar
Birta: lýsir eða dekkir myndina
Hlýleiki: litum breytt í hlýja appelsínugula tóna eða svalari bláa tóna
Skuggar: birta myndarinnar er stillt samkvæmt dökku svæðum myndarinnar

Með þessum nýjungum virðast forsvarsmenn Instagram vera að reyna að halda notendum sínum inni í forritinu í staðinn fyrir að taka myndir þar og breyta þeim í öðrum forritum á markaðinum.

**Staðreyndir um Instagram:**
- Forritið var hannað af Kevin Systrom og Mike Krieger og kom fyrst á markað í október árið 2010
- Í desember árið 2010 voru notendur milljón talsins
- Frá og með 9. september í fyrra voru notendur rúmlega 150 milljónir
- Instagram komst á lista Time í fyrra yfir fimmtíu bestu forritin fyrir Android-síma

- lkg


**TÍSKUDÍVA** Ofurfyrirsætan Naomi Campbell í Alexander McQueen.


**ÆÐISLEG AMANDA** Sjónvarpsstjarnan Amanda Holden ljómaði.


**HIPPALEG** Sharon Osbourne í sumarlegum síðkjól.


**BLÓMARÓS** Game of Thrones-stjarnan Natalie Dormer var í fallegum kjól frá Matthew Williamson.


**DRAMATÍSKT ÚTLIT** Leik- og söngkonan Paloma Faith klæddist vígalegum kjól frá Nicholas Oakwell Couture.


**GYLLT GYÐJA** Modern Family-skvísan Sarah Hyland var í fallegum Gucci-kjól.


**SENUÞJÓFUR** Leikarinn Samuel L. Jackson splæsti í rándýr jakkaföt.

# Framúrskarandi konur heiðraðar

Hin árlega Glamour Women of the Year-verðlaunahátíð var haldin í London á þriðjudag. Verðlaunin hafa verið afhent árlega síðan árið 2003 og eru konur úr ýmsum áttum, allt frá vísindum til skemmtanabransans, heiðraðar.

### ➜ Helstu sigurvegarar

**Grínleikkona ársins:** Sarah Hyland
**Glamour-fyrirmynd ársins:** Dame Helen Mirren
**Sérstök ritstjóraverðlaun:** Taylor Schilling
**Alþjóðleg sjónvarpsleikkona ársins:** Emily VanCamp
**Frumkvöðull ársins:** Alexa Chung
**Íþróttakona ársins:** Christine Ohuruogu
**Útvarpskona ársins:** Fearne Cotton
**Kvikmyndagerðarkona:** Lake Bell



20%
AEG
ERGORAPIDO
SKAFT
RYKSUGA
12V
Skaft- og
handryksuga, snúru-
og pokalaus
VERÐ ÁÐUR... 24.900
TILBOÐ ......... 19.900
BRÚÐARGJAFALISTINN
GLÆSILEGIR VINNINGAR, INNEIGN OG GÓÐGERÐARMÁL
Kannaðu málið
HEILDARVERÐMÆTI
VINNINGA
KR. 200.000
HELGARSPRENGJA
ALLT AÐ 50% AFSL.
AÐEINS UM HELGINA
Hurom
SAFAPRESSA
HE Silver
Pressa tærara og meira
magn safa en aðrar
sambærilegar pressur
5.000 KRÓNA
SPARNAÐUR!
VERÐ ÁÐUR... 49.995
TILBOÐ ......... 44.995
20%
GARMIN
HLAUPAÚR
MEÐ PÚLSMÆLI
FR-110
VERÐ ÁÐUR...36.900
TILBOÐ .........29.520
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
5.000 KRÓNA
SPARNAÐUR!
HAMBORGARAPRESSA
50%
VERÐ ÁÐUR...1.499
TILBOÐ ............750
ESPRESSÓKANNA
35%
Cilio
6 BOLLA Á HELLU
VERÐ ÁÐUR...4.995
TILBOÐ .........3.245
ZASSENHAUS
SKURÐARBRETTI
33%
36x23cm
ACACIA
VIÐUR
VERÐ ÁÐUR...2.995
TILBOÐ ......... 1.995
Þessi
gamli góði
25%
ROASTER POTTUR
MIÐSTÆRÐ 509
VERÐ ÁÐUR...5.999
TILBOÐ .........4.499
KitchenAid
BLANDARI
VERÐ ÁÐUR... 42.990
TILBOÐ ......... 37.990
Wilfa VÖFFLUJÁRN
1000W
30%
VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOÐ ......... 4.895
22%
Melissa
1,2L HRAÐSUÐUKETILL
VERÐ ÁÐUR... 4.495
TILBOÐ ......... 3.495
20%
ÍSLENSKA
PÖNNUKÖKU
PANNAN
EINS OG
AMMA Á
VERÐ ÁÐUR. 10.995
TILBOÐ .........8.795
Leifheit
HITABRÚSI 0,5L
Stál og hvítur
30%
VERÐ ÁÐUR...3.495
TILBOÐt........2.495
Grunwerg POTTUR 4,5L
HÁGÆÐA STEYPUJÁRN
30%
VERÐ ÁÐUR...16.995
TILBOÐ .........11.895
20%
Tristar
VIFTA
30cm
VERÐ ÁÐUR...1.499
TILBOÐ ............750
25%
ENGIN YFIRVIGT
FERÐATÖSKUVOG
50KG MAX
VERÐ ÁÐUR...3.999
TILBOÐ .........2.999
BABYLISS
PRO HÁRBLÁSARI
2000w AC MÓTOR
30%
VERÐ ÁÐUR... 10.999
TILBOÐ ........... 7.695
Domo
MÍNÚTUGRILL
2000W
Stór grillflötur
25%
VERÐ ÁÐUR. 12.9995
TILBOÐ ...........9.745
ÖLL WEBER GRILLÁHÖLD
MEÐ 20% AFSLÆTTI
20%
AEG
TÖFRASPROTI
500W
20%
MAÐ HAKKARA OG ÞEYTARA
VERÐ ÁÐUR... 10.999
TILBOÐ ........... 8.799
ALLAR BAÐVOGIR
MEÐ 25% AFSLÆTTI
25%
Tristar
MATVINNSLUVÉL
500W
25%
VERÐ ÁÐUR... 8.995
TILBOÐ ......... 6.745
ÓDÝRARI
Ariete
RYKSUGU
VÉLMENNI
20%
VERÐ ÁÐUR...39.995
TILBOÐ .........31.996

# Hátíðarstemning hjá Hönnunarsjóði

Það var rífandi stemning hjá Hönnunarsjóði þegar önnur úthlutun úr sjóðnum fór fram. Alls fengu þrettán verkefni styrki úr sjóðnum, samtals 17,5 milljónir króna. Bóas Kristjánsson fatahönnuður hlaut hæsta styrkinn, tvær og hálfa milljón króna, fyrir kynningu á vörumerki sínu á alþjóðavettvangi. Fjöldi fólks kom saman í húsnæði Hönnunarsjóðs við Vonarstræti og skálaði í tilefni dagsins.



**BROSMILDAR** Guðný Hafsteinsdóttir, Ingunn Erna Stefánsdóttir og Katrín Valgerður Karlsdóttir.



**STILLTU SÉR UPP** Brynhildur Pálsdóttir og Helga Haraldsdóttir.



**SUMARLEGAR** Ástríður Magnúsdóttir, Ólöf Jakobína Ernudóttir og Guðbjörg Káradóttir.



**SKÁLUÐU** Egill Egilsson, Auður Ösp Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir.



**SKEMMTILEGT TEITI** Margrét Bóasdóttir og Halla Helgadóttir.



**FLOTTIR** Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Greipur Gíslason.



**GLÆSILEGAR** Hildur Sigurðardóttir og Ólöf Birna Garðarsdóttir. Fréttablaðið/Andri Marinó


Viltu verða stúdent á tveimur árum og útskrifast 17. júní 2016?



MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafeni 10 · 108 Reykjavík · Sími: 565-9500 · www.hradbraut.is


## Von á þriðja barninu

Kourtney Kardashian og Scott Disick fjölga sér.

Raunveruleikastjarnan Kourtney Kardashian og kærasti hennar, Scott Disick, eiga von á sínu þriðja barni samkvæmt heimildum tímaritsins Us Weekly.

„Hún er aðeins komin nokkra mánuði á leið,“ segir heimildarmaður tímaritsins. Annar bætir við að barnið hafi verið planað.

Kourtney og Scott eiga fyrir soninn Mason, 4 ára og dótturina Penelope, 23ja mánaða. Kourtney grínaðist einmitt með það í þættinum Keeping Up With the Kardashians árið 2012 að hún væri hætt að nota getnaðarvarnir.

„Ég þarf að sjá hvernig þetta verður með tvö börn en lífið snýst um að eignast börn. Ég ætla ekki á pilluna. Ég trúi ekki á hana lengur.“

Þriðji heimildarmaður Us Weekly segir að von sé á nýjasta fjölskyldumeðlimnum í desember.

-lkg



**PRJÁR SYSTUR** Kourtney er systir Khloe og Kim Kardashian.

## La Toya trúlofuð

Jackson-systirin gengur bráðum í það heilaga.

La Toya Jackson, systir tónlistarmannsins heitna Michaels Jackson og söngkonunnar Janet Jackson, er búin að trúlofast kærasta sínum og viðskiptafélaga, Jeffré Phillips.

„Ég var ekki snögg að segja já,“ segir La Toya í samtali við tímaritið People, sem birtir einnig mynd af trúlofunarhringnum.

Jeffré bað La Toyu er þau voru í fríi á Havaí þar sem þau gæddu sér á uppáhaldsmat hennar, kjúklingasúpu. Jeffré faldi síðan trúlofunarhringinn í eftirréttinum.

„Þetta var mikið áfall. Við erum bestu vinir og höfum verið viðskiptafélagar í langan tíma,“ bætir La Toya við.

- lkg



**ÁSTFANGIN** La Toya er himinlifandi með ráðahaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


565 6000 / somi.is
ÚT AÐ BORÐA
MEÐ VINUNUM.
Við bjóðum spennandi matseðil
Íslendingar hafa fjölbreyttan smekk sem við gerum okkar allra besta á hverjum degi að sinna. Þitt er valið!
SÓMI
Ferskt á hverjum degi

Sony Center

FIFA WORLD CUP 2014 Brasil

Bravia
Hannað fyrir fótbolta



42"
á frábæru tilboði
179.990.-

Stórkostleg myndgæði
42" 3D LED SJÓNVARP KDL42W828

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi



TILBOÐ 179.990.- VERÐ ÁÐUR 199.990.-

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM




Örþunnt og flott
32" SJÓNVARP KDL32R435

- HD Ready 1366 x768 punktar
- 100 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD Link

VERÐ 99.990.-




48" risi á góðu verði
48" LED SJÓNVARP KDL48W605

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

VERÐ 199.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni og Kringlunni / 569 7700
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645


1


2

➜ Sítrónur innihalda gríðarlega mikið magn af C-vítamíni


3


4

# Sumarleg sítrónusætindi

Sítrónan hefur ekki verið móðins í bakkelsi síðustu ár en nú er hennar tími kominn. Hér eru nokkrar hugmyndir að sumarlegum sítrónuréttum.

### 1. Sítrónu- og hindberjastykki

*Botn*

- 8 muldar hafrakexkökur
- 3 msk. bráðið smjör

**Hindberjasósa**

- 1 bolli fersk hindber
- 2 msk. hunang
- 2 msk. vatn

**Fylling**

- 115 g mjúkur rjómaostur
- ¼ bolli grísk jógúrt
- ⅓ bolli „condensed milk“
- 1 egg
- ⅓ bolli „lemon curd“ (sítrónu-ystingur)
- 2 msk. hveiti
- 2 tsk. vanilludropar
- ⅛ tsk. salt

Hitið ofninn í 175°C og smyrjið 20 sinnum 20 sentimetra form. Myljið hafrakexið í matvinnsluvél og blandið því síðan saman við bráðið smjör. Setjið blönduna í botninn á forminu og bakið í um það bil átta til tíu mínútur. Látið kólna. Blandið hindberjum, hunangi og vatni saman í potti yfir lágum hita í um það bil fimm mínútur eða þangað til sósan er orðin þykk. Hrærið í blöndunni allan tímann. Setjið síðan blönduna í gegnum sigti til að losna við fræ og leyfið henni að kólna. Hrærið rjómaost, gríska jógúrt og „condensed milk“ saman í skál. Bætið eggi, lemon curd, hveiti, vanilludropum og salti saman við og hrærið allt saman í um þrjár mínútur. Hellið blöndunni yfir botninn. Setjið hindberjasósuna ofan á hér og þar og notið tannstöngul til að búa til rákir í kökuna. Bakið í tuttugu mínútur. Kælið kökuna við stofuhita og setjið í ísskáp í tvo tíma.

*** Fengið á http://www.sweetandsavorybyshinee.com**

### 2. Sítrónu- og ólífuolíukaka

- 4 stór egg
- 1 bolli sykur
- ½ ólífuolía
- 2½ msk. sítrónusafi
- 1 bolli hveiti
- ½ tsk. lyftiduft
- ¼ tsk. salt
- 1 tsk. sítrónubörkur
- ¼ bolli flórsykur

Hitið ofninn í 175°C og smyrjið hringlaga form. Hrærið egg og sykur vel saman, í um það bil fimm mínútur. Hrærið hveiti, lyftiduft, salt og börk saman í annarri skál. Bætið olíu og sítrónusafa varlega saman við eggjablönduna. Bætið síðan hveitiblöndunni varlega saman við og passið að blanda ekki of lengi og vel saman. Bakið í 40 til 45 mínútur þangað til kakan hefur brúnast létt. Kælið kökuna og dustið síðan flórsykri yfir.

*** Fengið á http://www.shebakeshere.com/**

### 3. Sítrónuídýfa

- 230 g mjúkur rjómaostur
- ½ bolli grísk jógúrt
- ½ bolli lemon curd
- 1 tsk. vanilludropar
- safi úr 1 sítrónu

Blandið öllum hráefnum vel saman og dýfið ljúffengum ávöxtum í.

***Fengið á http://www.lemontreedwelling.com/**

### 4. Sítrónu- og hvítsúkkulaðismákökur

- 1 ¾ bolli hveiti
- 1 tsk. maizena
- 1 tsk. matarsódi
- ½ tsk. salt
- ½ bolli sykur
- ½ bolli púðursykur
- Börkur af 1-2 sítrónum
- 170 g mjúkt smjör
- 1 stórt egg
- 170 g hvítir súkkulaðibitar

Blandið saman hveiti, maizena, matarsóda og salti. Hrærið saman sykur, púðursykur og sítrónubörk í annarri skál. Bætið smjörinu við og blandið saman í þrjár mínútur. Bætið egginu saman við og hrærið vel. Bætið hveitiblöndunni við sykurblönduna en passið að blanda ekki of vel saman. Hrærið súkkulaðibitunum saman við með sleif. Kælið deigið í um það bil klukkustund. Hitið ofninn í 180°C. Búið til kúlur úr deiginu og setjið á bökunarpappírsklædda ofnplötu. Bakið í um það bil átta mínútur eða þangað til kökurnar brúnast aðeins en miðjan er mjúk.

**Fengið á http://prettysimplesweet.com/**




# Náðu þér í
# ekta pönnukökur

Nú getur þú fengið þér eða boðið uppá ekta gamaldags pönnsur án fyrirhafnar. Þú einfaldlega grípur öskju af nýbökuðum pönnukökum frá Myllunni í næstu verslun og berð þær fram með þeim hætti sem þú helst kýst. Pönnukökurnar frá Myllunni eru alltaf ferskar og nýbakaðar eftir uppskrift sem byggir á gamalli íslenskri hefð. Náðu þér í öskju og prófaðu strax í dag.

**Spyrðu um nýjar pönnukökur frá Myllunni í næstu matvöruverslun.**






**Frábærar í lautarferðina, útileguna og sumarbústaðinn**

*Skoðaðu* ***myllan.is***

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

*Viltu pönnukökuna þína upprúllaða með sykri, með sultu og rjóma eða einhvernveginn öðruvísi? Fylgstu með okkur á* ***facebook.com/Myllubraud*** *og segðu okkur hvernig þér finnst best að bera fram og borða pönnukökur.*

# Samtal á fundi

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**MAÐUR 1** Heyrðu. Nú erum við í þessum bransa að reka laxveiðiár. Það er soldið vont stigma í kringum þetta. Þegar fólk heyrir minnst á laxveiðiár hugsar það bara um ofdekraða karla í jakkafötum.

**MAÐUR 2** Rétt hjá þér kallinn minn. Við þurfum að gera eitthvað í þessu. Breyta þessari ímynd. Við þurfum einhverja hugmynd ASAP.

**MAÐUR 1** Ef við bara gætum fundið einhvern sem myndi þiggja ókeypis boð í laxveiðiána okkar. Það væri svo mikill heiður. Nú er ég bara að hugsa upphátt en draumurinn væri náttúrulega að finna einhvern verulega valdamikinn karlmann sem bæði væri erfingi stórkostlegra auðæfa sem urðu meðal annars til vegna umdeildrar einkavæðingar og væri líka giftur inn í stórauðuga fjölskyldu sem cash-aði út milljörðum með snjöllum viðskiptum rétt fyrir hrun ásamt því að vera formaður úrsérgengins stjórnmálaflokks sem stofnaður var utan um þjóðfélagslegt viðskiptamódel sem er ekki lengur til en er í dag meira að einbeita sér að hreinni sérhagsmunagæslu og hræðsluáróðri gagnvart fólki frá Mið-Austurlöndum.

**MAÐUR 2** Góð hugmynd. Ég get varla ímyndað mér neitt sem almenningur elskar meira. En væri ekki enn betra að henda þessum bitlingi á einhvern Stjörnunagla úr Garðarbæ sem hefur instant valdatengingu við fjármál ríkisins og skuldsett stórfyrirtæki og er þar að auki erfðaprins einnar auðugustu og valdamestu fjölskyldu Íslands á 20. öld? Það er ekkert sem gerir fiskana jafn spaka og þegar það er alvöru kolkrabbi á bakkanum. Am I right?

**MAÐUR 1** Jú. Það væri draumur. Bara ef svona menn væru til. Það væri of gott til að vera satt. Það er náttúrulega ekkert sem steinliggur jafn vel hjá almenningi og þegar valdamiklir og ríkir menn fá eitthvað ókeypis sem ekki er á færi almennings.

**MAÐUR 2** Já. Það myndi bæta ímyndarvandann.

**MAÐUR 1** Þetta var góður hugmyndafundur. Hvort viltu núna halda áfram að drekka rafgeymasýru eða að við ríðum apa og kveikjum í okkur?

**MAÐUR** 2: Apann. Alltaf apann.

# Hrósað af Bretaprins

## Steinunn Halla McQueen, leiklistarnemi í Englandi, sýndi Shakespeare fyrir framan Karl Bretaprins og fleiri meðlimi konungsfjölskyldunnar í vikunni.



**BAKSVIÐS** Steinunn Halla (til hægri) ásamt Kate vinkonu sinni. MYND/ÚR EINKASAFNI



„Ég var þvílíkt stressuð til að byrja með en fannst svo ekkert mál að spjalla við hann. Ég mun aldrei gleyma því þegar hann stoppaði mig, sneri sér við, benti á mig og sagði „good acting“. Ekki leiðinlegt að fá svona hrós frá Bretaprinsinum!“ segir Steinunn Halla McQueen, íslenskur leiklistarnemi í Stratford-Upon-Avon, fæðingarbæ Shakespeares, en hún sýndi verk eftir skáldið ódauðlega fyrir framan Karl Bretaprins í vikunni.

„Við settum saman útdrætti úr Henry IV. Við vorum fjórtán saman að setja þetta upp ásamt leikstjóranum Chris White sem hefur unnið mikið með The Royal Shakespeare Company. Við vorum stór hópur og lékum mismunandi hlutverk. Ég lék Lady Percy og einnig nokkur minni hlutverk,“ útskýrir Steinunn.

„Þetta byrjaði með því að það var verið að fara að setja upp stutta sýningu í The House Of Parliament í samvinnu við The Royal Shakespeare Company. Þetta var í tilefni 450 ára afmæli Shakespeares. Við sýndum svo fyrir fullum sal af breskum þingmönnum. Það var mögnuð upplifun og sýningin gekk svo vel að The Royal Shakespeare Company vildi að við sýndum oftar,“ segir Steinunn, en stuttu síðar fékk hópurinn tölvupóst um að meðlimir konungsfjölskyldunnar vildu sjá sýninguna.

„Það var ekki fyrr en einhverju síðar sem okkur var tilkynnt að um væri að ræða Karl Bretaprins – og þá var okkur kennt að heilsa honum og ávarpa eftir reglunum. Þetta var alveg mögnuð reynsla og hann var vinalegur. Hann spjallaði heillengi við mig og Kate, vinkonu mína sem tók líka þátt í uppsetningunni, um skólann okkar og sýninguna.“

**Það var ekki fyrr en einhverju síðar sem okkur var tilkynnt að um væri að ræða Karl Bretaprins – og þá var okkur kennt að heilsa honum og ávarpa eftir reglunum.**

Steinunn Halla er 21 árs gömul og er að klára fyrsta árið sitt í skólanum um þessar mundir. „Ég tók mér árshlé frá skóla eftir að ég útskrifaðist úr menntaskóla og flutti til Englands, aðallega til að finna mér vinnu og bæta mig í ensku áður en ég fór í áheyrnarprufur fyrir skóla hérna úti.“

Steinunn stefnir á frekara nám í leiklist. „Ég er á biðlista hjá leiklistarskólanum East 15. Svo er aldrei að vita – mig langar að reyna fyrir mér í leiklistinni hérna úti. En ég vil líka hafa allar dyr opnar og væri alveg til í að reyna fyrir mér í leiklistinni á Íslandi. Eftir að hafa farið mikið í leikhús hérna úti og séð marga magnaða leikhópa þá er það eiginlega draumurinn – að stofna leikhóp og ferðast um allan heim.“

olof@frettabladid.is


SAMbio.is
















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT KL. 3D: 5:50 - 8 - 10:10 2D: 7 | | 10 |
| MALEFICENT VIP 2D KL. 5:50 - 8 | | VIP |
| EDGE OF TOMORROW KL. 3D: 5:30 - 8 - 10:30 2D: 9:10 | | 14 |
| EDGE OF TOMORROW VIP 2D KL. 10:10 | | VIP |
| GODZILLA 3D | KL. 10:10 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT 3D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW KL. 3D: 10:10 2D: 5:30 - 8 | | 14 |
| GODZILLA 2D | KL. 10:30 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT 3D | KL. 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 10:10 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 8 | 16 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D | KL. 10:20 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ













SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAULT IN OUR STARS | KL 5 - 8 - 10.40 | 12 |
| FAULT IN OUR STARS LÚXUS | KL 5 | 12 |
| MILLION WAYS TO DIE... | KL 8 - 10.45 | 16 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| X-MEN 3D | KL 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN 3D LÚXUS | KL 10.45 | 12 |
| X-MEN 2D | KL 5 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 8 - 10.30 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL 8 | 14 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAULT IN OUR STARS | KL 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 6 - 8 - 9 - 10.40 | 14 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D | KL 10.30 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL 8 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL 6 | 7 |

Miðasala á: eMiði
Kauptu miða á X-Men með Netgíró

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI













| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FAULT IN OUR STARS | 8, 10:40 | 12 |
| MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | 10:30 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 5:20, 8, 10:20 | 14 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D | 6 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


GLEÐILEGT SUMAR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
Þá lækkum við okkar verð á staðnum
SAMSUNG
10" GALAXY TAB3
Stórglæsileg Galaxy Tab 3 með ótrúlegum 10.1" fjölsnertiskjá og öflugum Dual Core örgjörva
38.900
AÐEINS 1STK Á MANN!
10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 24.900
MOBII P925
Öflug 9" Dual Core spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir og internetið á sjóðheitu sumarverði
14.900
SJÓÐHEITT SUMARVERÐ:)
ÚRVAL SPJALDTÖLVA
Á VERÐI FRÁ 9.990
BESTU KAUPIN
Erum að rýma sýningareintök, skilavörur og útlitsgallaðar spjaldtölvur á ótrúlegum verðum
FRÁ 9.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
**7 DAGAR** Í FYRSTA LEIK



**OLEG SALENKO** er eini leikmaðurinn sem hefur náð að skora fimm mörk í einum leik í úrslitakeppni HM en hann skoraði fimm af sex mörkum Rússa í 6-1 sigri á Kamerún í riðlakeppninni á HM 1994. Salenko varð markakóngur keppninnar (með sex mörk) og er sá eini í sögunni sem hefur náð því án þess að lið hans hafi komist upp úr sínum riðli. Það vita kannski færri að þetta var síðasti landsleikur Salenko fyrir Rússland. Salenko varð líka markakóngur HM 20 ára liða árið 1989 en enginn annar hefur náð að fylgja eftir markakóngstitili á HM undir 20 ára með því að krækja í gullskóinn á HM.

## Ég var líka spenntur fyrir PSG

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson, leikmaður Kiel og íslenska landsliðsins í handbolta, er búinn að ganga frá samningi við ungverska stórliðið MKB Veszprém.

Hann gengur í raðir þess næsta sumar að öllu óbreyttu en vonast til að Kiel og Veszprém komist að samkomulagi um kaupverð svo hann geti farið strax í sumar.

„Ákvörðunin var í sjálfu sér ekki erfið. Ég var hálfpartinn búinn að ákveða að ég ætlaði að klára þennan samning hjá Kiel og fara svo. Þegar ég var farinn að íhuga það alvarlega fór ég að athuga hvað væri í boði og Veszprém hljómaði vel,“ sagði Aron.

„Þetta er allt öðruvísi þarna í Ungverjalandi en í Þýskalandi. Hvað handboltann varðar tel ég þetta ekkert endilega vera skref niður á við. Þetta er toppfélag sem ætlar sér stóra hluti á næstu þremur til fimm árum. Þeir ætla sér að vinna Meistaradeildina sem seldi mér þetta svolítið.“

Vitað var að Barcelona hafði áhuga á Aroni og þá greindi Vísir frá því í síðustu viku að Paris Saint-Germain væri einnig í kapphlaupinu um Aron.

„Það var áhugi og tilboð frá París. Þeir sýndu mér næstmestan áhuga og ég var spenntur fyrir því. Það er skemmtilegt verkefni í gangi þar. Á endanum hafði Veszprém bara betur,“ sagði Aron. - tom



**NÝTT ÆVINTÝRI** Spurning hvort Aron fari í sumar eða að ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**FYRIRLIÐINN** Guðjón Valur verður í lykilhlutverki sem fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þessir fara til Bosníu

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson verður ekki með íslenska landsliðinu í fyrri leik liðsins gegn Bosníu á laugardaginn. Leikurinn er fyrri leikur liðanna í umspili um sæti á Heimsmeistaramótinu í Katar sem fer fram næstkomandi janúar.

Aron sat hjá gegn Portúgal í síðasta æfingarleik liðsins en liðsfélagi hans, Guðjón Valur Sigurðsson, spilaði í 45. mínútur.

Bjarki Már Elísson kemur inn í hópinn í stað Stefáns Rafns Sigurmannssonar en Stefán, Aron, Heimir Óli Heimisson og Daníel Freyr Andrésson koma til móts við liðið fyrir seinni leik liðanna í næstu viku. - kpt

### BOSNÍUHÓPURINN

**MARKVERÐIR**
Björgvin Páll Gústavsson, Bergischer
Sveinbjörn Pétursson, Aue
**AÐRIR LEIKMENN:**
Alexander Petersson, RN Löwen
Arnór Atlason, St. Raphael
Arnór Þór Gunnarsson, Bergischer
Ásgeir Örn Hallgrímsson, PSG
Bjarki Már Elísson, Eisenach
Bjarki Már Gunnarsson, Aue
Guðjón Valur Sigurðsson, THW Kiel
Gunnar Steinn Jónsson, Nantes
Ólafur Guðmundsson, Kristianstadt
Róbert Gunnarsson, PSG
Snorri Steinn Guðjónsson, GOG
Sverre Jakobsson, Grosswallstadt
Vignir Svavarsson, TWD Minden
Þórir Ólafsson, KS Vive Targi Kielce

# Veðjaði gegn eigin félagi

Leikmaður Dalvíkur/Reynis veðjaði á að hans lið myndi tapa með meira en þriggja marka mun í leik þess gegn Þór frá Akureyri í vetur. Félagið neitaði að aðstoða KSÍ við rannsókn á ásökunum um veðmálabrask.

**FÓTBOLTI** Leikmaður Dalvíkur/Reynis hefur viðurkennt að hafa veðjað á úrslit eigin liðs í janúar síðastliðnum. Þetta staðfesti Stefán Garðar Níelsson, formaður knattspyrnudeildar félagsins, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Þann 13. janúar vann Þór 7-0 sigur á Dalvík/Reyni í Kjarnafæðismótinu í Boganum á Akureyri. Síðar þann mánuð greindi Akureyri vikublað frá því að grunsemdir hefðu vaknað um óeðlilega veðmálastarfsemi í kringum leikinn og að leikmenn Þórs hefðu stórgrætt á að liðið vann meira en þriggja marka sigur.

Rannsókn KSÍ leiddi ekkert í ljós en hún strandaði á því að forráðamenn Dalvíkur/Reynis höfnuðu beiðni Þóris Hákonarsonar, framkvæmdarstjóra KSÍ, um aðstoð vegna rannsóknarinnar.

### Erfitt mál fyrir félagið

Stefán Garðar segir að þetta mál hafi reynst félaginu erfitt. Í umfjöllun Akureyrar vikublaðs hafi leikmenn Þórs legið undir ásökunum en hann segir að leikmenn Dalvíkur/Reynis hafi líka verið ásakaðir um að taka þátt í braskinu – til að mynda í leiknum sjálfum.

„Meðan á leiknum stóð heyrðust ásakanir frá leikmönnum Þórs um að okkar leikmenn væru að hagræða úrslitum. Það þótti okkur verst,“ sagði Stefán Garðar en staðfesti þó að leikmaður Dalvíkur/Reynis hafi veðjað á leikinn.

„Hann var reyndar ekki í leikmannahópi okkar í þessum leik en viðurkenndi þetta. Hann hefur þess utan lítið æft og ekkert spilað með okkur í vor. Þeir leikmenn sem tóku þátt í leiknum sóru þetta hins vegar allir af sér,“ bætir hann við en vildi ekki nafngreina umræddan leikmann.

Þórir staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann hafi ekki fengið þær upplýsingar til sín að umræddur leikmaður hafi veðjað á leikinn en fram kemur í fundargerð stjórnar KSÍ að ekki yrði aðhafst frekar í málinu fyrr en nýjar upplýsingar kæmu fram.

Þórir gat ekki svarað því hvort þetta nægði til þess að málið yrði tekið upp að nýju en upphaflega hafi ekki verið hægt að aðhafast meira í því.

„Ásakanirnar komu fram í fjölmiðlum og ég hafði ekkert haldbært um að nokkuð óeðlilegt hafi átt sér stað,“ sagði Þórir. „Ég lít svo á að félögin hafi fengið tækifæri til að hreinsa sig af ásökunum en af einhverjum ástæðum voru þau ekki tilbúin í það. Það var þeirra ákvörðun.“

### Erum ekki í feluleik

Stefán Garðar viðurkennir að það kunni að líta út fyrir að félagið hafi eitthvað að fela en svo sé ekki.

„Þetta var orðið mjög erfitt mál og leiddi til þess að hálfgert hatur ríkti á milli félaganna. Við höfðum ávallt átt mjög góð samskipti við Þór en þetta mál gerði þau mjög erfið. Við vorum bara búin að fá nóg,“ segir Stefán Garðar.

Hann telur að leikmenn geri sér grein fyrir alvöru málsins. „Það er búið að ræða þetta ítarlega og okkar leikmenn vita að þeir verða látnir fara frá félaginu verði þeir uppvísir að svona löguðu.“

### Fáránleg starfsemi

Stefán Garðar telur að vandamálið sé mun algengara en talið er. „Það var gott að fá þessa umræðu og að þetta hafi verið fín áminning fyrir knattspyrnuhreyfinguna alla á Íslandi. Enda finnst mér með öllu fáránlegt að það skuli vera hægt að veðja á leik í æfingamóti á Íslandi á erlendum vefsíðum, hvað þá að græða mikinn pening á úrslitum leikja sem geta aðeins talist eðlileg,“ segir hann og ítrekar að niðurstaðan í umræddum leik, 7-0 Þórs, hafi ekki vakið spurningar hjá honum.

„Ég sá þennan leik. Við vorum einfaldlega illa mannaðir og úrslit leiksins eftir því.“

Aðalsteinn Ingi Pálsson, formaður knattspyrnudeildar Þórs, sagði af og frá að félagið hefði hafnað beiðni KSÍ og að allir leikmenn liðsins hafi skrifað undir skjal þess efnis að þeir hafi ekki tekið þátt í neinu ólöglegu eða ósiðlegu athæfi í tengslum við umræddan leik. „Við gerðum allt sem í okkar valdi stóð til að vinna með KSÍ,“ ítrekar Aðalsteinn Ingi.

Þórir bætir einnig við að dómarar leiksins hafi verið reiðubúnir að aðstoða við rannsókn málsins á sínum tíma.

eirikur@frettabladid.is



**KNATTSPYRNAN Í HÆTTU** Veðmálastarfssemi vegur að knattspyrnu á Íslandi eins og víðar. Myndin tengist ekki fréttinni beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Viljum þétta regluverkið



Hægt er að dæma leikmenn í bann sem gerast uppvísir að veðmálabraski í kringum leiki eigin liðs, samkvæmt reglum KSÍ. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hefur þó áhyggjur af því að slík starfsemi sé mun algengari en talið er og hefur áhyggjur af þróun mála.

„Við verðum að þétta okkar regluverk verulega í þessum málum og erum að vinna að því. Nú þegar er þetta ólöglegt, bæði samkvæmt okkar reglum og samningum sem allir samningsbundnir leikmenn hér á landi þurfa að undirrita,“ segir Þórir en viðurlög við brot á þessum reglum geta verið sektir og leikbönn. - esá



**BEÐIÐ EFTIR FYRSTA MARKINU** Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson fékk gott færi í leiknum en tókst ekki að skora sitt fyrsta landsliðsmark. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Rislítill leikur í Laugardalnum

Kolbeinn Sigþórsson skoraði eina mark leiksins í naumum sigri gegn Eistum

**FÓTBOLTI** Ísland lagði Eistland, 1-0, í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í gær. Kolbeinn Sigþórsson skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu í síðari hálfleik. Hans fimmtánda mark í 23 A-landsleikjum sem er magnaður árangur.

Þetta var síðasti leikur íslenska liðsins áður en átökin í undankeppni EM hefjast í september. Því miður fær íslenska liðið ekki leik í ágúst til þess að hita almennilega upp.

Leikurinn í gær bar mörg merki þess að leikmenn væri þreyttir eftir langt tímabil og komnir með hugann á sólarstrendur þar sem sumarfrí þeirra byrjar í dag. Hann var hreinlega leiðinlegur og kraftlaus.

Íslenska liðið var mun meira með boltann en sóknarleikurinn var hægur og fyrirsjáanlegur. Eistarnir þurftu oft ekki að hafa mikið fyrir því að stöðva sóknir íslenska liðsins. Það var helst í föstum leikatriðum sem íslenska liðið náði að ógna. Eistarnir aftur á móti mun sprækari framan af og sköpuðu sér bestu færin. Íslenska liðið var í raun stálheppið að lenda ekki undir.

Það var síðan ekki í kortunum að okkar menn kæmust yfir þegar Eistar gáfu vítaspyrnu. Brotið á Rúrik Gíslasyni í teignum og víti dæmt. Kolbeinn tók spyrnuna. Markvörðurinn fór í rétt horn en það dugði ekki til því spyrnan var föst.

Eftir markið fór íslenska liðið að ná betri tökum á leiknum og Eistarnir virtust hreinlega klára bensínið. Varamennirnir gáfu það sem þeir áttu en aðrir virtust vera að bíða eftir því að flautað yrði af.

Það er smá áhyggjuefni hversu mörg færi íslenska vörnin gaf í leiknum og menn voru ekki alveg á tánum. Gunnleifur bjargaði liðinu í fyrri hálfleik og slíkt hið sama gerði Ögmundur Kristinsson í upphafi síðari hálfleiks er hann var nýkominn inn í sínum fyrsta landsleik.

Enginn sérstakur stóð upp úr í íslenska liðinu og hver og einn einasti leikmaður í liðinu getur mun betrur en hann sýndi í kvöld. Alltaf gott að vinna fótboltaleiki en þessi leikur fellur í gleymskunnar dá strax í fyrramálið. - hbg

MASTERLINE
Professional Beauty



# **BB krem** fyrir hendur & fætur
fullkomnar húðina í sumar




Masterline býður nú upp á BB krem í tveimur styrkleikum, fyrir ljósa- og dökka húð.
BB krem fyrir andlit hafa náð miklum vinsældum í snyrtivöruheiminum. Masterline BB kremin eru fyrir hendur og fætur. Kremið smýgur hratt inn í húðina og gefur fallegan lit ásamt því að veita húðinni raka. Með hækkandi sól viljum við hafa jafnan lit á öllum líkamanum, ekki bara andlitinu.

Notalegur ilmur og mjúk áferð
Án parabena

www.master-line.eu

Made in Italy

Fæst í apótekum og Hagkaup

# Peking-vörnin stendur vaktina á Akureyri næsta vetur

Það er ekkert mikið ódýrara að vera með lélegt lið, segir framkvæmdastjóri Akureyrar, sem hefur fengið góðan liðsstyrk.

**HANDBOLTI** „Við ákváðum að snúa bökum saman og reyna að búa til flott lið fyrir fólkið hérna,“ segir Hlynur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Akureyrar handboltafélags í samtali við Fréttablaðið.

Akureyringar hafa heldur betur látið til sín taka á félagaskiptamarkaðnum í sumar. Þeir voru búnir að klófesta Sverre Jakobsson sem spilandi þjálfara og nú síðast í fyrradaga sömdu við liðið tveir silfurdrengir til viðbótar; Ingimundur Ingimundarson og markvörðurinn Hreiðar Levy Guðmundsson. Peking-vörnin mætt til leiks fyrir norðan.

„Við vorum búnir að vinna lengi í Sverre en þetta með hina tvo er nýdottið inn á borð. Við vissum alltaf af Hreiðari en það var ekkert öruggt að hann kæmist heim. Það leystist svo fyrir örfáum dögum og Diddi dettur inn í þetta því þeir eru miklir félagar og vilja spila saman,“ segir Hlynur og fagnar því að loksins hafi hlutirnir aðeins fallið með landsbyggðarliði í leikmannamálum.



„Þetta datt svolítið fyrir okkur. Það er alltaf mjög erfitt að fá menn út á land. Svo halda þeir oft að það að spila úti á landi sé ávísun á einhverja gullkistu. Menn vilja oft fá miklu meira þegar þeir fara út á land,“ segir Hlynur.

Eitthvað hlýtur þetta þó að kosta. „Það er dýrt að vera með lélegt lið,“ svarar framkvæmdastjórinn um hæl. „Það er miklu dýrara en að vera með gott lið. Þú þarft alltaf að standa undir ákveðnum kostnaði sama hversu gott liðið er. Þó gott lið sé aðeins dýrara þá færðu fleiri áhorfendur og meiri tekjur ef þú kemst lengra á Íslandsmótinu og þegar vel gengur vilja áhorfendur og stuðningsaðilar taka þátt í fjörinu,“ segir Hlynur.

Akureyri endaði í sjötta sæti annað tímabilið í röð eftir að hafa komist í undanúrslit árið áður og lokaúrslitin 2011.

„Við viljum vera með í toppbaráttunni en ekki berjast á botninum. Vonandi bætum við bara fleiri leikmönnum við. Við erum að vinna í liðinu okkar sem stendur,“ segir Hlynur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Akureyrar handboltafélags. -tom



**MARK** Uppgangur félagsins hefur verið merkilega hraður MYND/AUSTRIA SALZBURG



**STUÐNINGUR** Fólkið elskar nýja félagið enda er það félagið þeirra. MYND/AUSTRIA SALZBURG

# Upprisa hjá liði fólksins í Salzburg

Þegar orkudrykkjaframleiðandinn Red Bull keypti austurríska félagið Austria Salzburg og þurrkaði út sögu liðsins ofbauð mörgum stuðningsmönnum liðsins. Þeir fylgdu fordæmi liða á borð við FC United og og AFC Wimbledon og stofnuðu sitt eigið lið.

**FÓTBOLTI** Hækkandi miðaverð hefur gert það að verkum að sífellt er verið að stofna ný fótboltafélög fyrir hinn almenna stuðningsmann. Þessi félög eru yfirleitt í eigu stuðningsmannanna í baráttu við áhrif kapítalismans á fótbolta.

Áhrif eigenda liðanna eru orðin ógnvægileg og geta þeir eftir geðþótta tekið ákvarðanir um breytingar á heildinni sem sögufræg íþróttalið mynda. Nýlegt dæmi er hegðun Vincents Tan, eiganda Cardiff, sem breytti merki og einkennislitum liðsins úr bláu í rautt þrátt fyrir óánægju stuðningsmanna.

### Fimm deildir á níu árum

Hugmyndin um að fótbolti sé íþrótt verkamannsins er sífellt að fjarlægjast og eru leikvellir þess í stað að fyllast af VIP-stúkum. Stuðningsmenn hafa í sumum löndum tekið til sinna ráða og ættu margir stuðningsmenn Manchester United að kannast við FC United – stofnað í andstöðu við núverandi eigendur félagsins, Glazer-fjölskylduna, og spilar klúbburinn í hinum upprunalegu litum United, gulum og grænum.

Þá hafa einnig verið stofnaðir minni klúbbar út frá stærra félagi, ætlaðir til þess að leikmenn sem fá ekki tækifæri geti haldið áfram að spila saman fótbolta. Það þarf ekki að fara langt til þess að sjá dæmi um slíkt. Knattspyrnufélag Vesturbæjar, KV, var stofnað fyrir tíu árum en er að leika í fyrsta sinn í fyrstu deild. Aðeins einni deild fyrir neðan KR sem þeir leigja völl af og eru í góðu samstarfi við.

Einnig eru til þau félög sem eru stofnuð í ljósi þess að félaginu var einfaldlega kippt úr sambandi. Þeir sem hafa fylgst með enska boltanum í lengri tíma muna eflaust eftir klúbbnum Wimbledon sem Hermann Hreiðarsson lék með í eitt tímabil. Félagið var stofnað 1889 en árið 2004 var félagið fært til Milton Keynes þar sem Milton Keynes Dons var stofnað.

Í þeirra tilviki voru afrek Wimbledon einfaldlega þurrkuð út, þar á meðal sigur í enska bikarnum vorið 1988. Í því tilviki ákváðu stuðningsmenn Wimbledon að stofna nýtt félag, Wimbledon AFC og halda stuðningi sínum við það. Félagið hefur náð að vinna sig upp um fimm deildir á níu árum og situr nú í fjórðu deild enska fótboltans.

### Ekki einsdæmi

Saga Wimbledon AFC er ekki einsdæmi um félög sem voru stofnuð í ljósi ákvarðana eigenda. SV Austria Salzburg var stofnað árið 1933 með sameiningu tveggja liða og varð eina liðið í héraðinu.

Lengi vel var árangurinn slakur og vannst fyrsti meistaratitillinn ekki fyrr en árið 1994, sama ár og liðið tapaði í úrslitum Evrópubikarsins. Því fylgdu tveir meistaratitlar á næstkomandi þremur tímabilum, gullaldartímabili SV Austria Salzburg. En Adam var ekki lengi í paradís. Árið 2005 keypti orkudrykkjafyrirtækið Red Bull félagið og voru miklar breytingar fram undan á félaginu sem íbúar Salzburg þekktu.



**MEISTARAR** Red Bull Salzburg stal liðinu þeirra og er nú besta liðið í landinu FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**ENGAN ORKUDRYKK** Stuðningsmenn Austria Salzburg vildu styðja sitt lið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Red Bull tilkynnti að breytinga væri að vænta. Nýjar treyjur, nýjar stuttbuxur, nýtt nafn, ný stjórn og nýtt þjálfaralið. Red Bull lagði áherslu á að hér væri verið að stofna lið með enga sögu á bak við sig. Forráðamenn Red Bull gengu jafnvel svo langt að skrifa það í sögu félagsins áður en austurríska knattspyrnusambandið skipaði þeim að bæta inn í fyrri sögu félagsins.

### Keyptu einfaldlega félagið

Við stofnun félagsins var fyrrverandi einkennislitur þess, fjólublár, tekinn úr öllu sem tengdist félaginu. Í stað þess að gera litlar breytingar breyttu þeir grunnstoðum félagsins.

Þetta er hluti af markaðsherferð Red Bull þegar kemur að íþróttum. Í stað þess að auglýsa framan á búningum líkt og Coca Cola gerir er hugmynd fyrirtækisins að kaupa einfaldlega félagið og gera orkudrykkinn að einkennismerki þess.

Er það auðsjáanlegt á leikvelli Red Bull Salzburg þar sem auglýsing orkudrykksins er það eina sem augun sjá. Undir nýjum merkjum hefur nýtt gullaldartímabil hafist í Salzburg. Á aðeins níu árum hefur félagið unnið deildina fimm sinnum og tvisvar unnið bikarkeppnina. Þá vann liðið stórsigur á Ajax í 32-liða úrslitum Evrópudeildarinnar í ár, samanlagt 6-1. Ekki verður Red Bull sakað um að ná ekki árangri eftir að hafa keypt félagið.

### Aðgerðir stuðningsmanna

Að fordæmi klúbba líkt og AFC Wimbledon og FC United ákváðu stuðningsmenn Salzburg að stofna nýtt félag. Félagið var stofnað nokkrum mánuðum eftir myndun Red Bull Salzburg og var einkennismerki liðsins augljóst.

Liðið var skírt SV Austria Salzburg og einkennislitur þess fjólublár. Liðið byrjaði í kjallara austurrísku deildarkeppninnar, í sjöundu deild, og spilaði sinn fyrsta leik árið 2006. Í deild þar sem örfáir mættu á leiki var nýtt félag komið í myndina sem spilaði á litlum velli sem tekur aðeins 1600 manns, en alltaf var uppselt. Óhætt er að segja að árangurinn hafi verið vonum framar. Liðið vann sig upp um fjórar deildir á fjórum árum og tapaði aðeins sjö leikjum á þeim tíma.

Liðið situr í efsta sæti Regionalliga West, þriðju efstu deildar, eftir að hafa farið taplaust í gegnum fyrstu 28 leiki tímabilsins. Liðið er nú í umspili um sæti í B-deildinni og gæti ævintýrið verið að taka algjörlega nýja stefnu.

Aðeins átta árum frá stofnun gæti félagið komist upp um fimmtu deildina á átta árum, upp í B-deild, og hafið atlögu að deildinni sem þeir þekktu á árum áður, sjálfri úrvalsdeildinni.

Þar mun liðið svo berjast við gamlan vin, nú óvin, Red Bull Salzburg.

kristinnpall@365.is




365 Ljóshraði
Internet á ljóshraða
Ljóshraði
100 Mb/s
200 Mb/s
400 Mb/s
Nú getur þú fengið mikinn hraða, meiri hraða og miklu meiri hraða.
Frá 3.490 kr.
NÝTT!
Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.
Við bjóðum upp á internet á ljóshraða til 80 þúsund heimila. Það er einfalt að athuga hvort þitt heimili er tengt, á 365.is geturðu séð hvort þú kemst á ljóshraða.
Internet og heimasími fylgir áskrift að Skemmtipakkanum, Golfstöðinni, Fjölvarpi Veröld, Sportpakkanum, Stóra Pakkanum og Risapakkanum.
Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar og panta tengingu á 365.is eða með símtali í þjónustu- og tækniver 365. Svo tökum við vel á móti þér í verslun okkar í Skaftahlíð 24.
INNIFALIÐ
ÖLL INNLEND NOTKUN OG ERLENT UPPHAL
0 KR.
LJÓSHRAÐI FYLGIR MEÐ VÖLDUM SJÓNVARPS-ÁSKRIFTUM
Tækniver 512 5100 | Opið 10–20 virka daga og 12–20 um helgar
Þjónustuver 512 5100 | Opið 9–22 virka daga og 10–22 um helgar
365.IS

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 19.45
### Friends With Better Lives



Glæný gamanþáttaröð um sex vini sem allir eru að fóta sig í lífinu. Allir eru vinirnir á ólíkum stöðum í lífinu og allir halda þeir að hinir í vinahópnum lifi meira spennandi lífi. Will er nýskilinn en ekki alveg búinn að gefa sína fyrrverandi upp á bátinn, Jules og Lowell eru nýtrúlofuð, Kate gengur allt í haginn á framabrautinni en er ekki eins lukkuleg í ástarmálunum og Andi og Bobby eru gift en sakna svolítið gömlu góðu daganna þegar þau voru yngri og áhyggjulausari.

## Í KVÖLD



### MASTERCHEF USA
**STÖÐ 2 KL. 20.25** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



### WEEDS
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.30** Sjötta þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Bowden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. Hún gerði sér hins vegar ekki grein fyrir í fyrstu hversu hættulegur og ótraustur hinn nýi starfsvettvangur hennar er.



### DEMANTAMÓTIN
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.00** Stöð 2 Sport sýnir beint frá Demantamótaröðinni í frjálsum íþróttum sem að þessu sinni fer fram í Róm á Ítalíu.

## Bylgjan kl. 6.50-10.00
### Í bítið

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In The Middle** *(11:22)*
**08.30** **Man vs. Wild** *(6:15)*
**09.15** **Bold and the Beautiful** *(6372:6821)*
**09.35** **Doctors** *(40:175)*
**10.20** **60 mínútur** *(14:52)*
**11.05** **Nashville** *(20:21)*
**11.50** **Suits** *(6:16)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The Young Victoria**
**14.50** **The O.C** *(5:25)*
**15.35** **Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.25** **Mike & Molly** *(23:23)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(1:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6372:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(4:25)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Fóstbræður** *(5:8)*
**19.45** **Friends With Better Lives** *(8:13)*
**20.05** **Grillsumarið mikla**
**20.25** **Masterchef USA** *(21:25)*
**21.10** **NCIS** *(15:24)*
**21.55** **Person of Interest** *(18:23)*
**22.40** **Those Who Kill** *(1:10)*
**23.25** **Mad Men** *(1:13)*
**00.10** **24. Live Another Day** *(5:12)*
**00.55** **Shameless** *(10:12)*
**01.45** **Survival of the Dead**
**03.15** **A Serous Man**
**05.00** **Fóstbræður** *(5:8)*
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Ísland - Eistland**
**12.30** **Austurríki - Ísland**
**14.10** **Brasilía - Panama**
**15.50** **Oklahoma - San Antonio**
**18.00** **Demantamótin**
**20.00** **Barcelona - Atletico Madrid**
**21.45** **Ísland - Eistland**
**23.45** **NBA. David Stern: 30 Years**
**00.30** **San Antonio - Miami** Bein útsending frá fyrsta leiknum í úrslitaeinvíginu í NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.45** **Man. Utd. - Aston Villa**
**14.25** **Portugal, Natal and USA**
**14.55** **England - Ecuador**
**16.35** **Frakkland - Senegal**
**18.40** **Portúgal - Frakkland**
**20.30** **Alan Shearer**
**21.00** **Russia, Cuiaba and South Korea**
**21.30** **Paragvæ - Spánn**
**23.20** **PL Classic Matches: Wimbledon - Newcastle, 1995**
**23.50** **Russia, Cuiaba and Suður-Kórea**
**00.20** **Season Highlights 2013/2014**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing Íslandspóstur á undanhaldi. Ingimundur Sigurpálsson situr fyrir svörum.
**21.00** Auðlindakistan Umsjón: Jón Gunnarsson
**21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.30** **Top 20 Funniest**
**18.15** **Free Agents**
**18.40** **Community**
**19.00** **Malibu Country**
**19.25** **Family Tools**
**19.45** **Ravenswood**
**20.30** **The 100** *(2:13)*
**21.15** **Supernatural** *(18:22)*
**21.55** **True Blood** *(6:12)* Fimmta þáttaröðin um gengilbeinuna Sookie Stackhouse, vampírurnar Bill Compton og Eric Northman sem hafa slegist um ástir hennar í smábænum Bon Temps í Louisiana þar sem menn, vampírur og aðrar skepnur búa saman, þó ekki alltaf í sátt og samlyndi.
**22.50** **Malibu Country**
**23.15** **Family Tools**
**23.35** **Ravenswood**
**00.20** **The 100**
**01.00** **Supernatural**
**01.45** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Brunabílarnir **07.23** Latibær **07.47** Gulla og grænjaxlarnir **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Ævintýraferðin **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Ljóti andarunginn og ég **10.47** Tommi og Jenni **10.55** Leyndarmál vísindanna **11.00** Brunabílarnir **11.23** Latibær **11.47** Gulla og grænjaxlarnir **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Ævintýraferðin **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.25** Ljóti andarunginn og ég **14.47** Tommi og Jenni **14.54** Leyndarmál vísindanna **15.00** Brunabílarnir **15.23** Latibær **15.47** Gulla og grænjaxlarnir **16.00** Könnuðurinn Dóra S **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Ævintýraferðin **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.25** Ljóti andarunginn og ég **18.47** Tommi og Jenni **18.55** Leyndarmál vísindanna **19.00** Gnómeó og Júlía **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.35** **Strákarnir**
**19.00** **Friends** *(15:23)*
**19.25** **Seinfeld** *(13:21)*
**19.50** **Modern Family**
**20.10** **Two and a Half Men** *(2:22)*
**20.30** **Weeds** *(2:13)*
**21.00** **The Killing** *(1:12)*
**21.45** **Without a Trace** *(14:24)*
**22.25** **Boss** *(1:8)*
**23.20** **Harry's Law** *(5:12)*
**00.05** **Weeds** *(2:13)*
**00.35** **The Killing** *(1:12)*
**01.20** **Without a Trace** *(14:24)*
**02.00** **Harry's Law** *(5:12)*
**02.45** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**13.00** **Mirror Mirror**
**14.45** **Garfield: The Movie** Gamanmynd
**16.05** **The Marc Pease Experience**
**17.30** **Mirror Mirror**
**19.15** **Garfield: The Movie**
**20.35** **The Marc Pease Experience**
**22.00** **This Means War**
**23.35** **Premium Rush**
**01.05** **Being Flynn**
**02.45** **This Means War**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Einar Áskell**
**17.33** **Skotta skrímsli** *(1:2)*
**17.38** **Kafteinn Karl** *(5:26)*
**17.50** **Ævar vísindamaður**
**18.16** **Skrípin** *(38:52)*
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Í garðinum með Gurrý II** *(5:6)*
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Aðgát í nærveru sólar**
**20.10** **Pricebræður bjóða til veislu** *(3:5) (Spise med Price)* Matgæðingarnir í Price-fjölskyldunni töfra fram kræsingar við öll tækifæri. Adam Price er einnig þekktur sem aðalhandritshöfundur og framleiðandi sjónvarpsþáttanna Borgen.
**20.40** **Best í Brooklyn** *(19:22) (Brooklyn Nine-Nine)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
**21.05** **Gátan ráðin** *(3:4) (Bletchley Circle II)* Breskur myndaflokkur um fjórar konur sem unnu í dulmálsstöð hersins í Bletchley Park í stríðinu og hittast aftur árið 1952 til að leysa dularfullar morðgátur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**21.50** **Svipmyndir frá Noregi** *(Norge Rundt)* Fjallað um saumaskap á hundafatnaði.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Glæpahneigð** *(24:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.05** **Dansað á ystu nöf** *(4:5) (Dancing on the Edge)*
**00.05** **Barnaby ræður gátuna – Skallapopparar** *(Midsomer Murders)*
**01.40** **Fréttir**
**01.50** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(6:26)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.55** **Survior** *(1:15)*
**16.40** **Solsidan** *(9:10)*
**17.05** **The Millers** *(22:23)*
**17.30** **Emily Owens M.D** *(2:13)*
**18.15** **Dr. Phil**
**18.55** **Design Star** *(7:9)*
**19.40** **Trophy Wife** *(21:22)*
**20.05** **Læknirinn í eldhúsinu** *(8:8)*
**20.30** **Royal Pains** *(8:16)*
**21.15** **Scandal** *(20:22)*
**22.00** **Agents of S.H.I.E.L.D.** *(8:22)*
**22.45** **The Tonight Show**
**23.30** **CSI** *(21:22)*
**00.15** **The Good Wife** *(17:22)*
**Beauty and the Beast** *(9:22)*
**01.45** **Royal Pains** *(8:16)*
**02.30** **Scandal** *(20:22)*
**03.15** **The Tonight Show**
**04.00** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **14.00** PGA Tour 2014 **14.50** Golfing World 2014 **15.40** Champions Tour 2014 **16.30** PGA Tour Latinoamerica **16.50** European Tour 2014 **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Inside The PGA Tour 2014 **23.15** Einvígið á Nesinu

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET



# HEILSUHLAUP

## HEILSUHLAUP KRABBAMEINSFÉLAGSINS Í DAG KL. 19:00

## TAKTU ÞÁTT OG STYRKTU GOTT MÁLEFNI

Heilsuhlaup Krabbameinsfélags Íslands verður haldið í 23. skipti í dag. Ræst verður kl. 19:00 við hús Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8.

Skráning er á hlaup.is til kl. 16:00 í dag og á staðnum, hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíð 8, til kl. 18:00.

Upphitun hefst um kl. 18:40. Þátttökugjald er 1.500 krónur fyrir 15 ára og eldri og 500 krónur fyrir 14 ára og yngri. Hægt er að velja um 3 km skokk eða göngu frá Skógarhlíð að Öskjuhlíð og til baka eða 10 km hlaup suður fyrir Reykjavíkurflugvöll.







**Chevrolet Trax er aðalvinningur í Sumarhappdrætti Krabbameinsfélagsins. Tryggðu þér miða strax í dag í síma 540 1900. Dregið verður 17. júní nk.**

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## UPPÁHALDSNAMMI



**„Þetta er svo einfalt, ég elska hreint Nóa Síríus rjómasúkkulaði. Eftir að hafa hlaupið 200 kílómetra á átta vikum hef ég kannski borðað aðeins meira af því en ég á skilið.“**

Greta Salóme Stefánsdóttir, tónlistarkona

# Líst rosalega vel á lífið í Latabæ

Sigurvegari Ísland Got Talent, dansarinn Brynjar Dagur Albertsson, leikur í fyrsta sinn á sviði atvinnuleikhúss en hann fer með hlutverk í Latabæ sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu næsta haust.

„Æfingarnar eru búnar að ganga mjög vel og mér líst alveg ofboðslega vel á Latabæ,“ segir hinn fimmtán ára Brynjar Dagur Albertsson, sigurvegari hæfileikakepninnar Ísland Got Talent sem sýnd var á Stöð 2 í vetur. Brynjar Dagur er nú kominn á samning hjá Þjóðleikhúsinu en hann fer með hlutverk í sýningunni um Latabæ sem frumsýnd verður í haust. „Við sáum Brynjar eins og hálf þjóðin vinna Talentinn og þá hugsuðum við bara með okkur hvernig við gætum mögulega nælt í þennan dreng,“ segir leikstjóri Latabæjar, Rúnar Freyr Gíslason, um hinn hæfileikaríka Brynjar. „Nú er hann byrjaður að svitna á dansæfingum hjá Stellu Rósenkranz og það er klárt að fólk fær að sjá meira frá honum en það sá í Ísland Got Talent.“

Brynjar Dagur segir lífið í atvinnuleikhúsinu stórskemmtilegt. „Þetta er aðeins öðru vísi en ég bjóst við, meira fjölskyldulíf og töluvert skemmtilegra. Ég gæti vel hugsað mér að starfa í leikhúsi í framtíðinni.“

Brynjar Dagur hlaut 10 milljónir króna í verðlaunafé þegar hann vann hæfileikakeppnina. Er hann nokkuð búinn að eyða öllum peningunum? „Nei, alls ekki. Ég er búinn að kaupa mér nokkra hluti, PlayStation 4 og einhver föt en annars verð ég að passa mig að eyða þessu ekki öllu saman,“ segir Brynjar Dagur hress að lokum. **-ka**



**HLAKKAR TIL** Brynjar Dagur er spenntur fyrir haustinu en þetta er í fyrsta skipti sem hann leikur í atvinnumannaleikhúsi.


FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



Sundföt
Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa

Sundbolir
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
frá 4.990 kr.

Allt að 60%

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Bikiní
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
frá 1.990 kr.

Allt að 75%

Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr

Sundskýlur
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Allt að 40%

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

Watershorts
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Allt að 55%

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 14-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17


# Mikil viðurkenning

Ljósmyndarinn Saga Sigurðardóttir fékk boð um að taka þátt í samsýningu á vegum ljósmyndafyrirtækisins Leica en fyrirtækið er eitt það allra virtasta á sviði ljósmyndunar. Saga segir samstarfið koma til með að opna enn fleiri dyr.

„Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert sem ljósmyndari og ég var hálfpartinn með tárin í augunum allan tímann, mér fannst þetta svo mikill heiður,“ segir ljósmyndarinn Saga Sigurðardóttir en hún var einn tíu ljósmyndara sem fengu boð um að taka þátt í samsýningu á vegum hins virta ljósmyndafyrirtækis Leica. Fyrirtækið fagnar 100 ára afmæli sínu í ár og opnaði af því tilefni nýjar höfuðstöðvar í Wetzlar í Þýskalandi í síðustu viku.

„Leica hafði samband við mig síðasta haust og bauð mér að vera partur af sýningu sem kölluð er 10 x 10 en þar voru tíu ljósmyndarar fengnir til þess að starfa með tíu Leica-meisturum. Ég starfaði til dæmis með Jeanloup Sieff en hann er franskur tísku-, landslags- og portrettljósmyndari sem starfaði mikið á sjöunda áratugnum í París. Myndatakan mín átti því að tengjast honum,“ segir Saga, en hún fékk íslensku fyrirsæturnar Tinnu Bergsdóttir, Ingu Eiríksdóttur og Sif Ágústsdóttur til liðs við sig. „Það sem við Jeanloup eigum sameiginlegt er að við förum bæði óhefðbundnar leiðir í myndbyggingu. Hann notaði oft gleiðar linsur og myndir inn í mynd, lék sér með samspil ljóss og skugga og vann einnig mikið með landslagið. Ég náði að sameina alla þessa þætti og notaði bæði íslenska náttúru, meðal annars frá Þingvöllum og Þórshöfn, og svo stúdíómyndir af fyrirsætunum.“

Saga segir að mörg þúsund manns hafi sótt opnunarhátíðina en hún stóð yfir í þrjá daga. „Leica er virtasta fyrirtæki í heimi í þessum bransa og fyrir mig að fá að sýna þarna með heimsþekktum ljósmyndurum er þvílíkur heiður og á eftir að opna enn fleiri dyr fyrir mér sem ljósmyndari,“ segir Saga. Allir ljósmyndararnir sem tóku þátt í verkefninu fengu Leica M-myndavél að gjöf með áletruðu nafni hvers og eins. Saga er nú í sumarfríi á Íslandi en er annars á kafi í verkefnum. „Ég var að skjóta herferð fyrir Smáralind og er að undirbúa samsýningu í Foam Gallery í Amsterdam nú í sumar. Svo er stefnan að halda sýningu á myndunum mínum hér á Íslandi í haust.“



**Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert sem ljósmyndari og ég var hálfpartinn með tárin í augunum allan tímann, mér fannst þetta svo mikill heiður.**

kristjana@frettabladid.is

# Framleiða þýskan raunveruleikaþátt

New Age Icelandic Films framleiðir þætti með þýskri partídrottningu.

„Við sjáum um framleiðsluna hér heima ásamt vinkonu okkar, Dóru Lenu Christians, því það er sumt sem ekki er hægt að sinna frá öðru landi. Þegar tökuliðið og erlendu framleiðendurnir koma til landsins þá verðum við með þeim á setti og fylgjum þeim þar til þau fara aftur út,“ segir Unnsteinn Garðarsson, einn af stofnendum íslenska framleiðslufyrirtækisins New Age Icelandic Films, en fyrirtækið sér um framleiðslu þýskra raunveruleikaþátta sem bera nafnið Offline.

Ásamt Unnsteini eiga þeir Ásþór Aron Þorgrímsson og Gunnar Gunnarsson einnig hlut í fyrirtækinu.

Stjórnandi þáttarins er Palina Rojinski en hún er þekkt í heimalandi sínu. „Hún er þekkt í Þýskalandi sem leikkona, DJ, bloggari og partídrottning eins og henni er lýst,“ bætir Unnsteinn við.

Hann segist lítið mega tjá sig um þáttinn að svo stöddu. „Þetta er fyrsta serían af þessum þýska raunveruleikaþætti, það er það eina sem við getum sagt í bili. Tökur fara fram hér á landi um miðjan júnímánuð.“

Þeir félagar eru einnig með tækjaleigu með búnaði sem ætlaður er til framleiðslu kvikmynda. „Við erum búnir að vera í því að koma tækjaleigunni okkar, Indie Rental í gang undanfarið. Við fjárfestum í tækjabúnaði sem er hugsaður meira fyrir verkefni með minna fjármagn þar sem mikill niðurskurður er til kvikmyndageirans hérlendis. Með því að taka þetta þýska verkefni að okkur getum við fjárfest í auknum búnaði,“ útskýrir Unnsteinn.



Fyrir skömmu vann fyrirtækið tónlistarmyndband fyrir íslensku hljómsveitina Benny Crespo's gang. **- glp**



**ÞEKKT Í ÞÝSKALANDI** Palina Rojinski stýrir þýska raunveruleikaþættinum sem New Age Icelandic Films sér um framleiðslu á. NORDICPHOTOS/GETTY

Regatta GREAT OUTDOORS® CRAGHOPPERS Dare 2b BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

# OKKAR VERÐ



## NÝJAR VÖRUR!
## SUMAR 2014

## VERÐDÆMI

### Börn

| | |
|---|---|
| Flíspeysur | 2.990,- |
| Softshell peysur | 4.490,- |
| Softshell buxur | 5.490,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.490,- |
| Skór | 7.990,- |

### Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 3.990,- |
| Flíspeysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 5.990,- |
| Core Stretch peysur | 5.490,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Softshell buxur | 8.490,- |
| Zip off buxur | 8.490,- |
| Stretch buxur | 8.990,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.990,- |
| Hjólajakkar | 6.990,- |
| Kápur | 8.990.- |
| Skór | 7.490,- |
| Bakpokar | 4.990,- |

o.fl. o.fl.

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16



Kíktu á síðuna!
Myndir af nýjum vörum!

facebook.com/
utivistogsport

ÚTIVIST & SPORT

Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vogue myndar á Íslandi

Þessa dagana er tökulið frá tískutímaritinu Vogue statt hér á landi í þeim tilgangi að skjóta tískuþátt fyrir indverska útgáfu blaðsins. Tökuliðið fékk íslenskt fagfólk í lið með sér en þar ber helst að nefna Ástu Kristjánsdóttur ljósmyndara, Theodóru Mjöll Skúladóttur hárgreiðslukonu og **Ísak Frey** förðunarfræðing en sá síðastnefndi hefur verið að gera það gott í faginu á Bretlandi. Líklega verður hægt að sjá afrakstur tökunnar í Vogue India með haustinu.
- áp



### Sumarfrí frá Facebook

Framkvæmdarstýra Samfylkingarinnar og fyrrverandi umhverfisráðherra, **Þórunn Sveinbjarnardóttir**, er komin í sumarfrí frá Facebook.
Í gær birti hún mynd af handskrifaðri yfirlýsingu sem var svohljóðandi: „9. maí 2014 Þórunn Sveinbjarnardóttir lýsir því hér með yfir að frá 4. júní til 4. ágúst 2014 verð ég ekki virk á Facebook.
Loforð! Þórunn“
Flokkssystir Sveinbjargar, Katrín Júlíusdóttir, spyr í forundran hvort Sveinbjörg hafi verið farin að ofnota pókið en fær ekki svör. Eðlilega kannski, Þórunn er hætt á Facebook og því þýðir lítið að inna hana eftir svörum þar.
- ssb



### Mest lesið Vísir

1 Spá 20 stiga hita
2 Kveðjuræða Jóns Gnarr: „Þetta er búið að vera ævintýri“
3 „Hafa þessir menn enga siðferðiskennd?“
4 Time Inc. hótar að lögsækja íslenskt tímarit
5 Ágreiningsmál koma upp í fjölmenningarsamfélögum




BA nám í lögfræði
Skráningu lýkur 5. júní
Inntökupróf verður 13. júní
www.lagadeild.hi.is
HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGADEILD
www.hi.is


